

„Holdhrúga
iðandi í
rúminu“

■ Íslendingar í swing-víking til Póllands

BRAGLFÆR
MILLJÓNIR

■ Sakaður um að hrinda og sparka í veika konu



29. JÚNÍ 2018 / 25. TBL. 108. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

DNV



Ólafur Darri
í mynd með
Aniston og
Sandler

„Feimið
fólk
blómstrar oft
í leiklist og
uppistandi

Viðtal

Þorsteinn
Guðmundsson

„Erum að hræða
unglingana okkar“


■ Breytti til eftir að hafa upplifað kulnun í starfi



Kerfið brást
Alexöndru Erlu

„Það var
enginn lífs-
yilji eftir
í litlu
stelpunni
þeirra“

„Þakka bara Guði
fyrir að hún hafi
sloppið lifandi“



■ Níu ára stúlka þríhöfuðkúpubrotin eftir árekstur

Margar gerðir af
FARANGURSBOXUM



Dráttarbeisli
undir flestar tegundir bíla



Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



SEAT
FIX

AIR
CIRCULATION
SYSTEM

LIGHT
WEIGHT

ECE
NORM
R 44/04

HERO


ISO
FIX

ADVANCED
((SIDE))
PROTECTION

3 POINT
BELT

BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



Fjarlægðir frétt um kviðmága í íslenska landsliðinu

Eiríkur Jónsson, ritstjóri vefsíðunnar eirikurjonsson.is, neyddist til þess að fjarlægja frétt á vefsíðu sinni í vikunni. Án þess að fara ítarlega í innihald fréttarinnar þá fjallaði hún um tvo drengi í íslenska landsliðinu sem eru að sögn Eiríks kviðmágar. Fréttin sem Eiríkur lét standa í nokkrar klukkustundir fékk harkaleg viðbrögð.

Í kjölfarið skrifaði Eiríkur svo aðra frétt þar sem hann tilkynnti að vegna harkalegra viðbragða og tillitssemi við aðdáendur íslenska landsliðsins í knattspyrnu hefði fréttin verið fjarlægð. „Í samfélagi sem límt er saman á lyginni á sannleikurinn erfitt uppdráttar, bætti Eiríkur við, sem virðist vera að linast með árunum.

Á þessum degi, 29. júní

1975 — Steve Wozniak prófar frumgerðina af Apple I-tölvunni.



1976 — Seychelles-eyjar fá sjálfstæði frá bresku krúnunni.

2003 — Bandaríska kvikmyndastjarnan Katharine Hepburn deyr, 96 ára að aldri.



2007 — Fyrsti iPhone-inn lítur dagsins ljós.

2014 — Abu Bakr al-Baghdadi tilkynnir um stofnun kalífadæmis í Sýrlandi og Norður-Írak.



Porlákshöfn Sambýlið má sjá neðarlega fyrir miðri mynd.

BRAGI REKINN

- Samstarfskona sakaði Braga um að hrinda og sparka í veika konu
- Konan kærði en Bragi fær 2,5 milljónir í bætur

Auður Ösp Guðmundsdóttir Kristinn Haukur Guðnason
audur@dv.is / kristinn@dv.is

Hún er náttúrulega bara mjög dettin,“ segir Bragi Andrésson, en vitni sagðist hafa séð til Braga taka harkalega á mjög andlega veikri konu á sextugsaldri og henda henni í gólfid. Hann hefði síðan sparkað í bak hennar liggjandi. Bragi var á þessum tíma starfsmaður á sambýli og þegar samstarfsmaður gekk á hann er Bragi sagður hafa útskýrt framkomu sína á þennan hátt: „Það þarf að venja hana af frekjunni.“

Bragi starfaði sem stuðningsfulltrúi á sambýli fyrir fatlaða einstaklinga á Selvogsbraut í Porlákshöfn. Var honum vikið úr starfi eftir orlagaríkt kvöld sem átti sér stað þann 9. september 2015. Bragi var upphaflega kærður fyrir líkamsárás, en þegar hann var sýknaður af henni kærði Bragi uppsögnina. Nýverið voru honum dæmdar tvær og hálf milljón í bætur fyrir ólöglega uppsögn. Bragi vann málið í héraði og var þá úrskurðað að hann ætti rétt á 800 þúsund í bætur. Sveitarfélag Ölfuss áfrýjaði dómnum og voru þá bæturnar hækkaðar.

Þú stendur yfir henni og öskrar

Fyrir dóminn var lögð atvikaýsing frá kvöldinu orlagaríka sem undirrituð er af Jóhönnu H. Óskarsdóttur og Berglindi Hallmarsdóttur, sem var við störf umrætt kvöld og var lykilvitni í málinu. Í atvikaýsingu úr dómsskjölum segir að Bragi hafi verið vitni að því þegar starfsmaður gerði tilraun til að fá mjög andlega veika konu út úr íbúð á sambýlinu til að fara á sitt heimili. Konan neitaði því og



Bragi Andrésson

„Það þarf að venja hana af frekjunni.“

skellti á starfsmann. Í atburðarskýrslu segir:

„Þú (Bragi) ert vitni að þessu og samkvæmt atburðarskýrslu rýkur þú til með miklum látum – þú og íbúi öskrið hvort á annað og þú rekur íbúa inn í sína íbúð. Íbúi er hávæ, orðljót og reið og fer að tína til dótið sitt. Þú stendur yfir henni og öskrar á hana sem endar á því að þú rifur í íbúa, hendir henni í gólfid og sparkar í bakið á henni að sögn starfsmanns sem varð vitni að atburðinum.“

Bragi hélt því fram að hann hefði ýtt í konuna með fætinum þar sem hún lá í gólfinu. Starfsmaður stoppaði Braga og skipaði honum að fara. Tveir starfsmenn hjálpuðu svo konunni á fætur og var öllum brugðið.

Í skýrslunni segir:

„Starfsmaður kemur þar til þín og spyr hvað þú hafir verið að gera og af hverju þú hafir sparkað í íbúa og látið svona. Þú segist hafa ýtt til hennar og sagðir: „Það þarf að venja hana af frekjunni.“ Konan, sem er eins og áður segir um sextugt og mikið veik, fékk áverkavottorð. Í vottorðinu kom fram að hún væri marin hér og þar um líkamann. Fyrir dómi sagði fyrrverandi samstarfskona Braga að hann hefði rífið í konuna þar sem hún hefði setið í sófa og þá dottið í gólfid. Borð hafi þeyst til og kanna full af vatni skolið í gólfid. Konan hefði legið grátandi og öskrandi í gólfinu og Bragi þá reitt

upp hönd gegn henni og sparkað í hana. Kvaðst samstarfskonan þá hafa gengið á milli. Bragi var látinn fara þar sem forstöðukona taldi að ekki væri hægt að hafa mann í vinnu sem vistmenn væru hræddir við. Bragi var kærður en sýknaður. Dómurinn taldi að rannsókn á málinu hefði verið ófullnægjandi og brottvikning því ólöglegt.

Bragi neitar öllu

Í samtali við DV kveðst Bragi ánægður með dóm Hæstaréttar og þær bætur sem honum voru dæmdar. „Ég hefði misst húsið ef ég hefði ekki bjargað mér á þennan hátt,“ segir Bragi.

Beittir þú konuna ofbeldi?

„Nei.“
Ýttir ekkert við henni með fætinum?

„Langt frá því,“ svarar Bragi sem stangast á við þann framburð sem hann hafði áður gefið, en neitar að svara frekar fyrir það. Aðspurður hvort hann hefði sagt að það þyrfti að venja hana af frekjunni sagði Bragi að slíkt myndi enginn segja.

Það var vitni að atvikinu. Þú veist ekkert af hverju það var að halda þessu fram? Að þú hafir sparkað í hana og hent henni í gólfid?

„Það er náttúrulega bara uppspuni alveg frá rótum.“

Þannig að hún bara hrundi niður án snertingar?

„Eða að hún hafi fengið þetta daginn áður þess vegna.“

Ög þú veist ekkert hvernig hún fékk þessa áverka? Þú varst nú þarna á staðnum.

„Hún er náttúrulega bara mjög dettin,“ svaraði Bragi og vildi ekki tjá sig frekar um málið en er 2,5 milljónum ríkari eftir ólöglega uppsögn. ■

Loksins færðu stuðning
í vinnunni

sedus
Knoll

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / epal.is



Quarterback frá Sedus

með færanlegri setu
og mjóbaksstuðningi.

Epalverð:

64.900.-



Chadwick frá Knoll
sameinar falleg form
og hámarkspægindi

Epalverð:

89.800.-

HÖNNUÐUR: DON CHADWICK



Lítt þekkt ættartengsl:

Rithöfundurinn og leikskáldið Lilja Sigurðardóttir hlaut nýlega Blóðdropann, íslensku glæpasagna-verðlaunin, fyrir Búrið, loka-bókina í þrileik hennar um Sonju, einstæða móður sem stundar eiturfyljasmygl, en bækurnar hafa fengið góðar viðtökur hér heima og vakið áhuga erlendra útgefenda og komið út erlendis. Sú fyrsta, Gildran, er tilnefnd til Gullna rýtingsins í flokki þýðdra bóka (CWA International Dagger). Gullrýtingurinn er verðlaun Samtaka breskra glæpasagna-höfundu og eru talin eftirsóttustu alþjóðlegu glæpasagna-verðlaun heims.



Það eru kannski ekki allir sem vita að faðir Lilju er hinn stórskemmtilegi Sigurður Hjartarson, sem stofnaði Hið íslenska reðursafn árið 1997, þegar hann var kominn á eftirlaun. Þegar Sigurður stofnaði safnið á sínum tíma olli það nokkru fjaðrafoki og þótti í meira lagi sérkennilegt. Safnið starfaði áður á Húsavík en er í dag starfrækt við Hlemm í Reykjavík og nýtur mikilla vinsælda á meðal ferðamanna.

Áður en hann stofnaði safnið starfaði Sigurður sem kennari og skólastjóri í 37 ár og kenndi þá aðallega sögu og spænsku í Menntaskólanum við Hamrahlíð, þar sem hann var vel metinn af nemendum sem samstarfsmönnum.

Vissir þú ...

■ Hægt er að sjóða og frjósa vatn á sama tíma

■ 80% allra fótbolta heims eru framleiddir í Pakistan



■ Læknir Georgs V. Bretlandskonungs flýtti fyrir dauða hans með því að gefa honum banvænan skammt af lyfjum. Það var gert til þess að hægt væri að greina frá dauða konungs í morgunútgáfu The Times frekar en síðdegisblöðunum sem þóttu ekki eins virðuleg.

■ Kvikmyndaframleiðslufyrirtækið Miramax var í eigu Disney til ársins 2010. Það þýðir að meistaraverk Quentin Tarantino, Pulp Fiction, er strangt til tekið Disney-mynd.

■ Mannkynið fór fyrst til tunglsins áður en nokkur áttáði sig á því að setja hjól undir ferðatöskur.



Níu ára stúlka þríhöfuðkúpubrotin


■ Alvarlegt slys sem er í lögreglurannsókn ■ Lá þungt haldin á spítala

Bjartmar Oddur Peyr Alexandersson
bjartmar@dv.is

Lögreglan rannsakar nú tildrög alvarlegs umferðarslyss sem átti sér stað á Reykjanesbraut á dögunum. Drekkhlaðin sendibifreið keyrði þá á fólksbifreið sem hafði staðnæmst á rauðu ljósi. Samkvæmt heimildum snýr rannsóknin að því að flutningabíllinn var of þungur sem hafði áhrif á hemlun bílsins. Lögreglan neitaði að veita DV upplýsingar um gang rannsóknarinnar. Í bílnum sem keyrt var á var faðir ásamt ungri dóttur sinni. Að hans mati er mikil gæfa að dóttir hans hafi lifað slysið af þó að ekki sé útséð með hvort að hún nái fullri heilsu eftir slysið.

„Hrikalegt högg“

„Ef dóttir mín hefði verið hinum megin í bílnum þá hefði hún aldrei lifað af áreksturinn af. Það var eins og risastór lest hefði klesst á okkur og bíllinn flaug stjórnlaust áfram eftir höggið“, segir Robert Garbarczyk í samtali við DV. Þann 14. júní síðastliðinn lent Robert og níu ára dóttir hans, Lucja, í alvarlegu bílslysi á Reykjanesbraut við Sprengisand. Stór sendiferðabíll klessti þá aftan á KIA-bifreið Roberts þar sem hann beið



„Ég þakka bara Guði fyrir að hún hafi komist lifandi út úr þessu“

á rauðu ljósi á beygjuakrein. „Ég var á leiðinni upp á Bústaðaveg af Reykjanesbrautinni þegar hrikalegt

högg kom á bíllinn og hann flaug upp á umferðareyju sem var þvert yfir gatnamótin“, segir Robert þegar hann lýsir slysinu. Bifreið hans er gjöreyðilögð eftir slysið og má telja það mikla mildi að feðginin, og þá sérstaklega Lucja, hafi lifað slysið af.

Hún höfuðkúpubrotnaði á þremur stöðum í slysinu og lá þungt haldin á Barnspítala Hringingsins í sjö daga vegna slyssins. Of snemmt er að segja til um hverjar afleiðingar slyssins verða en Lucja

er nú á batavegi og hefur fengið að fara heim til sín. „Ég þakka bara Guði fyrir að hún hafi komist lifandi út úr þessu“, segir Robert. Hann gerir lítið úr eigin meiðslum, þó að þau hafi verið talsverð. „Ég hef átt erfitt með svefn út af verkjum eftir slysið en ég tel mig samt hafa sloppið afar vel“, segir hann.

Fjölskyldan þarf núna að takast á við breyttan veruleika. Lucja litla var full tilhlökkunar fyrir sumrinu enda var margt á dagskrá. Meðal annars voru foreldrar hennar búnir að skrá hana á reiðnámskeið og að auki var hún á leið til Póllands að heimsækja ömmu sína. „Hún var nýbyrjuð á reiðnámskeiði sem hún var búin að tala um í marga mánuði hvað hana langaði mikið að fara á. Vegna slyssins þarf hún að hætta á námskeiðinu og er ansi leið yfir því. Einnig sögðu lækarnir að vegna meiðsla hennar gæti hún ekki farið í heimsókn til ömmu sinnar í Póllandi þar sem hún þurfi að taka því rólega næstu vikurnar“, segir Robert. ■



Til hamingju með árangurinn



RÁÐSTEFNUR OG VINNUFUNDIR Á LAUGARVATNI

"Í Héraðsskólanum á Laugarvatni er að finna fullkomna aðstöðu fyrir hópefli, vinnufundi og ráðstefnur."

"Hvernig væri að brjóta upp vinnuvikuna í haust og koma með hópinn á Laugarvatn í góðan mat og gott vinnu-umhverfi í gamla skólanum?"

ÁST OG FRÍÐUR Á LAUGARVATNI

Andi kærleikans svífur yfir Laugarvatni

Verið ávallt velkomin - www.heradsskolinn.is



Settur ríkisendurskoðandi:

Rukkaði Lindarhvol um 31 milljón króna fyrir endurskoðun og eftirlit

■ Sigurður Þórðarson mun skila af sér skýrslu á næstunni ■ Þörf á meira fjármagni í eftirlitið

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Sigurður Þórðarson, settur ríkisendurskoðandi varðandi málefni Lindarhvols ehf., þáði rúmar 20 milljónir króna á síðasta ári fyrir endurskoðun ársreiknings félagsins sem og eftirlit með framkvæmd samnings milli þess og ríkisins um sölu á eignum. Í heildina hefur Sigurður innheimt um 31 milljón króna fyrir sín störf á rúmum tveimur árum. Verkefni hans er að mestu leyti lokið en hann á þó enn eftir að skila af sér skýrslu varðandi niðurstöður eftirlitsins. „Ég þarf að gera grein fyrir því í hvað þessir peningar hafa farið,“ segir Sigurður í samtali við blaðamann. DV hefur heimildir fyrir því að innan stjórnarsýslunnar hafi hinn mikli kostnaður við störf Sigurðar komið á óvart og sumir telji að hann hafi jafnvel farið út fyrir verksvið sitt. Sigurður vísar því alfarið á bug og segir að verkefni hans sé skýrt í lögum.



Skipaður út af vanhæfni Ríkisendurskoðanda

Í apríl 2016 stofnaði Ríkissjóður Íslands félagið Lindarhvol ehf. til þess að annast umsýslu, fullnustu og sölu þeirra eigna sem runnu ríkissjóði í skaut eftir að kröfuhafar fallinna viðskiptabanka og sparisjóða reiddu fram svonefnd stöðugleikaframlög. Meðal annars var um að ræða hluti í Arion banka, Reitum, Símanum, Lyfju og Klakka, áður Exista, svo eitthvað sé nefnt.

Í stjórn félagsins voru tilnefndir þrír einstaklingar, meðal annars Þórhallur Arason, fyrrverandi skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, sem var útnefndur stjórnarformaður. Ríkisendurskoðun var falið að endurskoða félagið og hafa eftirlit með framkvæmd samningsins milli þess og ríkisins. Starfandi ríkisendurskoðandi á þeim tíma var Sveinn Arason, bróðir

Þórhalls. Hann brást við skipun bróður síns með því að upplýsa ráðuneytið formlega um tengslin og benda á vanhæfi sitt. Niðurstaðan varð sú að áður nefndur Sigurður Þórðarson, fyrrverandi ríkisendurskoðandi, var skipaður settur setur ríkisendurskoðandi varðandi málefni Lindarhvols.

31 milljón í endurskoðun og eftirlit

Þrátt fyrir að gríðarlegir hagsmunir séu undir varðandi starfsemi Lindarhvols þá er rekstur félagsins frekar einfaldur. Enginn starfsmaður er á launaskrá félagsins. Stjórn félagsins gerði samning við lögfræðistofuna Íslög, sem er í eigu Steinars Þórs Guðgeirssonar, um að halda utan um sölu eignanna. Í ársreikningi ársins 2017 kemur fram að rekstrartekjur félagsins, sem er í raun framlag ríkisins, hafi verið rúmlega 85 milljónir króna. Á móti



Sigurður Þórðarson, settur ríkisendurskoðandi.

eru rekstrarkostnaður upp á 48,6 milljónir króna, laun stjórnarmanna voru 16,6 milljónir króna

og kostnaður við endurskoðun fyrirtækisins rúmlega 20 milljónir króna.

Í skýringum kemur fram að endurskoðun ársreikningsins hafi kostað tæplega 800 þúsund krónur en eftirlit með framkvæmd samningsins hafi numið um 19,2 milljónum króna árið 2017. Til samanburðar var kostnaðurinn sem Sigurður innheimti um 2,5 milljónir króna árið 2016 og fyrstu fimm mánuði ársins 2018 var kostnaðurinn 8,5 milljónir króna. Alls hefur Sigurður því fengið rúmlega 31 milljón króna fyrir störf sín sem settur ríkisendurskoðandi.

Skipunartími Sigurðar rann út þann 1. maí síðastliðinn þegar Skúli Eggert Þórðarson tók við sem nýr ríkisendurskoðandi af Sveini Arasyni. Þar með var embættið ekki lengur vanhæft til þess að sinna endurskoðun og eftirliti með starfsemi Lindarhvols.

Þörf á auknu fjármagni

Sigurður hefur því að mestu lokið störfum sínum. Hann vinnur nú að því að skila skýrslu um niðurstöðu eftirlitsins. „Þetta voru tvö aðskilin verkefni. Annars vegar endurskoðun á ársreikningi Lindarhvols og hins vegar eftirlit með framkvæmd samningsins milli Lindarhvols og ríkisins um fullnustu þessara eigna sem tekin voru frá slitabúunum. Það var stóra verkefni. Ég tel að þörf sé á auknu fjármagni í það eftirlit enda er verkefnið umfangsmikið og gríðarlegir hagsmunir undir,“ segir Sigurður. Hann segir að fljótlega muni hann kynna niðurstöður athugunar sinnar fyrir „réttum aðilum“ og í kjölfarið verði þær gerðar opinberar.

En telur Sigurður að hann hafi farið út fyrir verksvið sitt? „Nei, það er alveg skýrt samkvæmt lögum. Með setningu minni voru mér falin þessi tvö verkefni,“ segir Sigurður. ■

Bæjarstjórasonur með réttarstöðu sakbornings

Andri Gunnarsson, lögmaður og eigandi lögmannsstofunnar Nordik, er með réttarstöðu sakbornings í rannsókn skattrannsóknarstjóra og héraðsáskóknara á meintum skattalagabrotum útlutningsfyrirtækisins Sæmark ehf. Greint var þessu í fréttum Stöðvar 2 í vikunni. Andri er sonur Gunnars Einarssonar, bæjarstjóra í Garðabæ.

Brotin eru sögð vera þau umfangsmestu sem upp hafa komið hér á landi en þau snúa að meintum skattaundanskotum Sigurðar Gísla Björnssonar, stofnanda og eiganda Sæmarks ehf. Tengist



Andri málinu sem lögmaður og viðskiptafélagi Sigurðar Gísla en

fram kemur að húslit hafi verið gerð á á lögmannsstofu Andra í byrjun maímánaðar. Landsréttur hafnaði í síðustu viku kröfu Andra um afhendingu þeirra gagna sem haldlögð voru við leitina.

Andri hefur verið umsvifamikill í íslensku viðskiptalífi undanfarin ár. Hann og Sigurður Gísli eru viðskiptafélagar í gegnum eignarhaldsfélagið Óskabeini sem er eigandi að hlut í VÍS og Kortþjónustunni. Þá var Andri í hópi fjárfesta sem keyptu

fimm hótél, þar á meðal KEA-hótél og Hótel Borg árið 2012. Hótelin voru seld árið 2017 með góðum hagnaði.

Ekki liggur fyrir hver aðild Andra er að meintum skattalagabrotum. ■

audur@dv.is



Gunnar Einarsson bæjarstjóri.

JS Watch co.
REYKJAVIK

KLASSÍSK ÍSLENSK ÚR

FYRIR ÖLL TÆKIFÆRI



Úrsmíðameistari okkar missir aldrei einbeitinguna

Vegna annálaðrar einbeitingar, nákvæmni og 45 ára reynslu, tryggir úrsmíðameistarinn gæði íslensku úrana. Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmíðameistari og alþekktur fagmaður grandskoðar hvert einstakt úr áður en það yfirgefur verkstæði okkar.

JS úrin eru íslensk hönnun og framleiðsla, sett saman á úrsmíðaverkstæði Gilberts, þar sem viðskiptavinir geta komið og hitt úrsmiðina sem setja saman úrin þeirra.

Úrvalið af JS úrum hefur aldrei verið meira og ættu flestir að geta fundið íslenskt úr við sitt hæfi en úrvalið má skoða á vefsíðu www.gilbert.is eða www.jswatch.com.

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100

Mikill munur á umsýslu- gjöldum fasteignasala

■ Rúmlega 140% verðmunur á umsýslugjaldi ■ Afar umdeilt gjald



Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Dýrasta umsýslugjaldið sem fasteignasölur innheimta er rúmlega 60% dýrara en ódýrasta gjaldið sem í boði

er, samkvæmt úttekt DV. Af úrtaki DV er dýrasta gjaldið hjá Fold fasteignasölu, eða 79.980 krónur. Til samanburðar er ódýrasta

gjaldið 48.900 krónur hjá Fasteignasölnni Bæ. Gjaldið hefur sætt nokkurri gagnrýni því óljóst þykir hvað sé innifalið í gjaldinu og dæmi eru um að kaupendur hafi hreinlega neitað að greiða það. Þannig greindi stórleikarinn Jóhannes Haukur Jóhannesson frá því á dögunum að hann hefði tvisvar lent í rimmu við fasteignasala út af gjaldinu og þurft að hótta að hætta við viðskiptin ef ekki yrði fallið frá því. Hann fékk sínu framgengt.

Annað gjald sem er mishátt hjá fasteignasöllum er svonefnt gagnaoöflunargjald sem seljendur fasteigna eru rukkaðir um. Það gjald er til þess að standa straum af kostnaði við afrit af þinglýstum skjölum, veðbandayfirliti, teikningum og öðru sem er nauðsynlegt að afla til upplýsingar um fasteignina. Ódýrasta gjaldið er 24.800 krónur hjá Hraunhamri fasteignasölu en dýrasta gjaldið er 59.900 krónur hjá Remax og Lind fasteignasölu. Verðmunurinn er um 140%.

Margháttað aðstoð, samskipti og ráðgjöf

Þegar fjárfest er í fasteign er kaupandi eignarinnar iðulega rukkaður um áður nefnt umsýslugjald auk kostnaðar við þinglýsingu skjala og stimpilgjöld. Gjaldið þykir afar umdeilt, ekki síst vegna þess að óljóst þykir hvaða þjónustu kaupandinn er að kaupa. Á vef Félags fasteignasala eru nokkur atriði tiltekin til þess að réttmæta innheimtu gjaldsins. Þar kemur fram að um sé að ræða

„Kaupandi á að geta þinglýst sínum skjölum sjálfur og hefur væntanlega mikla hagsmuni af því að þinglýsing fari þannig að við eigum erfitt með að sjá af hverju kaupandanum er ekki treystandi og hvernig fasteignasali verður ábyrgur ef þessi umsýsla ferst fyrir.“

„margháttaða aðstoð og ráðgjöf við gerð kauptilboðs í fasteign“ sem og „margháttað samskipti við lánastofnanir, meðal annars vinnu við veðflutninga, uppgreiðslu lána, tryggja að fé skili sér á rétta staði, útbúa skilyrt veðleyfi, ná í lánsskjöl, auk margháttaðra annarra samskipta við lánastofnanir. Oft er um mjög tímafreka og vandmeðfarna vinnu að ræða.“ Þá er vísað í síðareglur félagsins til að áréttta að í gegnum allt ferlið hafi kaupendur mjög greiðan aðgang að fasteignasöllum. Það sé einnig svo ef eitthvað fer úrskeiðis því fast-

LEIÐANDI Í GREIÐSLULAUSNUM



Sjálfstandandi greiðslulausnir og handfrjálsir posar

Verifone®

Greiðslulausnir tengdar helstu afgreiðslukerfum

Hlíðasmára 12 201 Kópavogi verifone@verifone.is S: 544 5060



MYND: PLAGBAY

eignasalar annast mjög oft sátta-meðferð milli aðila.

Þá er einnig tekið fram að þinglýsing kaupsamnings og annarra skjala sé innifalin í verðinu og að fasteignasalar tryggji að öll önnur skjöl berist á rétta staði. „Nauðsynlegt er að fasteignasali sjái sjálfur

um að koma skjölum til þinglýsingar enda getur það varðað hann skaðabótaskyldu ef gögn skila sér ekki,“ segir meðal annars á heimasíðu Félags fasteignasala.

Þessari fullyrðingu eru Neytendasamtökin ósammála. „Kaupandi á að geta þinglýst sínum skjölum sjálfur og hefur væntanlega mikla hagsmuni af því að þinglýsing fari þannig að við eigum erfitt með að sjá af hverju kaupandanum er ekki treystandi og hvernig fasteignasali verður ábyrgur ef þessi umsýsla ferst fyrir,“ segir Brynhildur Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna.

Hvorki eðlilegir né sanngjarnir viðskiptahættir

Á dögunum birtist grein á heimasíðu Neytendasamtakanna sem Brynhildur skrifaði ásamt Hrannari Má Gunnarssyni, lögfræðingi Neytendasamtakanna. Þar kemur fram sú skoðun að þar sem löggjafinn hafi ákveðið að

fasteignasali skuli gæta hagsmuna beggja aðila sé erfitt að færa rök fyrir því að umsýslugjald eigi að standa straum af kostnaði við hagsmunagæslu. „Sú hagsmunagæsla ætti einfaldlega að vera hluti af söluférlinu og því greidd með sölubókun. Þóknunin er iðulega á bilinu 2-3% af söluandvirði fasteignarinnar og því yfirleitt um töluverða fjárhæð að ræða. Þá telja Neytendasamtökin langsótt að skjalagerð teljist „önnur þjónusta“ þar sem engin sala gæti farið fram án skriflegra gagna og skjölin því ómissandi hluti af söluférlinu,“ segir í greininni.

Er það túlkun greinarhöfundar að greiðsla umsýslugjalds sé fyrst og fremst greiðsla fyrir það viðvik að koma gögnunum til þinglýsingar. „Það er því mjög mikilvægt að kaupendur séu upplýstir um að þeir hafa val um það hvort þeir þinglýsa sínum gögnum sjálfir eða geri sérstakan samning við fasteignasala um að sinna því fyrir sig. Margir vilja spara sér umsýslugjaldið og sjá sjálfir um að koma gögnum til þinglýsingar á meðan öðrum finnst betra að fela fasteignasala að sjá um það. Það vekur furðu Neytendasamtakanna að sumir fasteignasalar láti hafa það eftir sér að þeir treysti ekki kaupendum til að sjá sjálfir um að fara með skjöl til þinglýsingar. Það bendir til þess að í einhverjum tilfellum séu kaupendur jafnvel þvingaðir til greiðslu gjaldsins, af ótta við að missa af viðkomandi fasteign. Sé það raunin getur slíkt varla talist til eðlilegra eða sanngjarnra viðskiptahátta,“ segir að lokum.

Dýrast hjá Fold, ódýrast hjá Bæ
DV kannaði umsýslugjald hjá 16 fasteignasölum af þeim 141 sem eru skráðar á vefsíðuna fasteignir.is. Eins og áður segir er verðmunurinn talsvert mikill. Ódýrasta gjaldið sem boðið er upp á hjá þessum fyrirtækjum er hjá Fasteignasölu Bæ, eða 48.980 krónur. Dýrasta gjaldið sem DV rakst á er hjá Fold fasteignasölu en þar á bæ eru kaupendur rukkaðir um 79.980 krónur fyrir umsýsluna. ■

Umsýslugjald

- Fasteignasalan Bær:** 48.980 krónur
- Eignamiðlun:** 49.000 krónur
- Höfði fasteignasala:** 55.800 krónur
- Fasteignasala Akureyrar:** 55.800 krónur
- Fasteignasala Mosfellsbæjar:** 56.420 krónur
- Hraunhamar:** 59.520 krónur
- Miklaborg:** 59.892 krónur
- Ás fasteignasala:** 59.900 krónur
- Lind fasteignasala:** 59.9000 krónur
- Remax (Senter/Fjörður):** 59.900 krónur
- Fasteignamarkaðurinn:** 62.000 krónur
- Domusnova:** 62.900 krónur
- Fasteignasalan Torg:** 65.000 krónur
- Gimli:** 68.200 krónur
- Landmark fasteignasala:** 69.900 krónur
- Miðbær:** 69.900 krónur
- Skeifan:** 69.900 krónur
- Fold fasteignasala:** 79.980 krónur

Gagnaöflunargjald

Fyrir utan sölubókun af söluvirði eigna, oft á bilinu í kringum 2%, þá rukka fasteignasölur seljendurna einnig um svonefnt gagnöflunargjald. Ólíkt umsýslugjaldinu þá eru fasteignasölurnar að rukka það gjald inn vegna útlagðs kostnaðar við öflun ýmissa gagna. Til dæmis afriti af fyrri kaupsamningi og afsali, teikningum af eigninni, veðbandayfirliti og svo framvegis. Þrátt fyrir að um sé að ræða fast gjald frá stofnunum og fyrirtækjum þá er mjög misjafnt hvað þessi þóknun er há hjá fasteignasölunum,

- Hraunhamar:** 24.800 krónur
- Ás fasteignasala:** 25.000 krónur
- Eignamiðlun:** 30.000 krónur
- Skeifan:** 31.000 krónur
- Höfði fasteignasala:** 31.000 krónur
- Gimli:** 35.000 krónur
- Fasteignasalan Torg:** 35.000 krónur
- Miklaborg:** 37.200 krónur
- Fasteignasala Mosfellsbæjar:** 37.200 krónur
- Fasteignamarkaðurinn:** 43.400 krónur
- Fasteignasalan Bær:** 45.000 krónur
- Fold fasteignasala:** 55.000 krónur*
- Fasteignasala Akureyrar:** 55.800 krónur
- Miðbær:** 55.900 krónur
- Landmark fasteignasala:** 55.900 krónur
- Lind fasteignasala:** 59.900 krónur
- Remax:** 59.900 krónur
- Domusnova:** 59.900 krónur

*Á bilinu 27.280–55.000 kr. skv. heimasíðu



Brynhildur Pétursdóttir

Næsti kafli hefst hjá

OKKUR

hafðu samband

GIMLI
FASTEIGNASALA

Grensásvegi 13 / 108 Reykjavík
s. 570 4800 / gimli@gimli.is

Neita að svara um traust til lögregluþjóns í starfi

Aðalbergur Sveinsson starfar enn sem lögreglumaður þrátt fyrir fangelsisdóm

Bjartmar Oddur Peyr Alexandersson
bjartmar@dv.is

Aðalbergur Sveinsson, lögregluþjónn hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, var dæmdur í 32 daga skilorðsbundið fangelsi í Hæstarétti Íslands árið 2005. Samkvæmt dómsgögnum og rannsókn innra eftirlits lögreglunnar kom fram að Aðalbergur hafi sagt ósatt við rannsókn málsins ásamt því að aðrir lögregluþjónar, sem voru að bera vitni fyrir dómi, höfðu ekki sagt rétt frá um atburði málsins. Þrátt fyrir þennan dóm í Hæstarétti hélt hann starfi sínu hjá lögreglunni. DV hefur fjallað um mál efni Aðalbergs undanfarið, meðal annars stígu þrjár stúlkur fram á forsiðu blaðsins, og sögðu frá meintum kynferðisbrotum gegn sér. Allar lögðu þær fram kærur til lögreglunnar, en engin af þessum þremur kærur leiddi til ákæru Ríkissaksóknara.

Engin svör fást frá lögreglu

Samkvæmt grein 28a í lögreglulögum 90/1996 kemur eftirfarandi fram: „Engan má skipa, setja eða ráða til starfa hjá lögreglu sem hefur gerst sekur um refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningi eða sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem starfsmenn lögreglu verða almennt að njóta.“ Þessi viðbótargrein var samþykkt á Alþingi árið 2014.

DV óskaði eftir viðtali við sitjandi lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu, Huldu Elsu Björgvins-



dóttur, til þess að ræða hvernig Aðalbergi væri stætt í starfi í ljósi fangelsisdómsins sem hann hefur hlotið. Neitaði Hulda að gefa DV viðtal. Þegar hún var spurð hvort yfirstjórn lögreglu beri fullt traust til Aðalbergs í starfi hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu hætti hún að svara tölvupóstum.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir náðist ekki frekar í Huldu Elsu vegna málsins.

Misvísandi svör frá stofnunum

Einnig hafði DV samband við dómsmálaráðuneytið og ríkislögreglustjóra vegna máls Aðalbergs. Svo virðist sem ríkislög-

reglustjóri telji sig ekki hafa borið ábyrgð á því að svipta lögreglumenn embættishlutverki sínu á sínum tíma og segir í svari til DV: „Það er ekki rétt orðnotkun að ríkislögreglustjóri hafi séð um starfsmannamál lögreglunnar fram að lagabreytingu árið 2014. Það er of víðtæk orðnotkun. Lögreglustjórnin í Reykjavík, þar sem viðkomandi lögreglumaður starfaði, fór með starfsmannamál síns embættis.“

Þetta kemur ekki heim og saman við svör frá dómsmálaráðuneytinu því í svari frá ráðuneytinu er sagt: „Eins og fram hefur komið færðist skipunarvald almennra lögreglumanna frá ríkislögreglustjóra til lögreglustjóra viðkomandi embætta árið 2014. Fyrir þann tíma var skipunarvaldið, þar á meðal ákvarðanir um sviptingu embættis og þess háttar, í höndum ríkislögreglustjóra.“ Svo virðist sem að misræmi sé á túlkunum ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðuneytisins í þessu máli.

Verklagsreglur virðast ekki vera alveg á hreinu

DV hafði einnig samband við aðallögfræðing Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og spurðist fyrir um hverjar séu starfsreglur Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu að vera með lögreglumenn í vinnu sem hafa gerst brotlegir við hegningarlög eða önnur lög og hvort starfsreglur séu í samræmi við áður nefnda grein 28a í lögreglulögum. „Unnið hefur verið eftir ákveðnu verklagi hjá LRH varðandi þessi mál samkvæmt vinnulýsingum sem hafa verið í vinnslu. Ég get upplýst þig um að vinna hefur staðið yfir hjá embættinu að undanförmu að breyta þessum vinnulýsingum og setja

Samkvæmt heimildum DV furða margir sig innan lögreglunnar á því hvernig það geti verið að Aðalbergur hafi fengið að halda starfi sínu innan lögreglunnar með fangelsisdóm á bakinu

upp skilgreindar verklagsreglur sem tekur mið af skyldum embættisins skv. framangreindum lögum, því vinnulagi sem viðhaft hefur verið og þeim breytingum sem gerðar hafa verið nýlega á lögreglulögum“, segir í svari frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Rétt er að taka fram að meira en 3 ár eru liðin frá breytingum á lögreglulögum.

Nú síðast í þessum mánuði var lögreglumanninum Sigurði Árna Reynissyni vísað frá störfum hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu eftir að hafa fengið 60 daga skilorðsbundinn fangelsisdóm. Viðurkenndi Sigurður brot sín fyrir dómi. Samkvæmt heimildum DV furða margir sig innan lögreglunnar á því hvernig það geti verið að Aðalbergur hafi fengið að halda starfi sínu innan lögreglunnar með fangelsisdóm á bakinu. ■

next

ÚTSALA

40-60%

AFSLÁTTUR


AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM



Aðeins



á starfsmann á viku



Ávextir í áskrift
kosta um 550 kr.
á mann á viku og
fyrirhöfn fyrirtækisins
er engin.



**Gómsætir
veislubakkar**
sem lífga upp á allar
uppákomur



www.avaxtabillinn.is • avaxtabillinn@avaxtabillinn.is • 517 0110

Kvikmyndagerðarkonur í brenni

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



A fjöllistahátíðinni Reykjavík Fringe Festival er að finna tilkomumikið samansafn af leikhúsi, spuna, tónlist, dansi og kvikmyndum. Hátíðin er í anda Edinborgar-hátíðarinnar og fer hún fram víðs vegar um Reykjavík dagana 4.-8. júlí. Hátt í kring-

um 150 listamenn frá 10 löndum spreyta sig á sínum sviðum með áherslu á nýstárlegar listakúnstir og er mikil áhersla lögð á jaðarinn hjá ungu listafólki.

Á meðal dagskrárefna hátíðarinnar verður áhersla lögð á kvenkyns leikstjóra í kvikmyndagerð þar sem sýndar eru þrjár grípandi myndir í Gallerí Fold frá þremur upprennandi röddum og þjörkum,

tvær stuttar og ein í fullri lengd. Þessar myndir eru allar ólíkar í stíl og framsetningu en eiga sameiginleg þemu; einangrun og sjálfsuppgötvun frá sjónarhorni kvenna.

DV ræddi við þær Natalie Kaplan, Sigríði Báru Steinþórsdóttur og Salvöru Bergmann um verkin, ástríðuna í kvikmyndagerð, hraðahindranir og umfjöllunarefni sem er þeim öllum hugleikið. ■

Fleiri konur í kvikmyndagerð

Stuttmyndin Brot segir frá stúlkunni Söndru sem hefur gert hræðileg mistök en reynir allt sem hún getur til þess að kljást ekki við þau. Fljótlega kemst hún að því að það er aðeins hægt að byrgja hlutina inni ákveðið lengi áður en allt skilar sér á yfirborðið. Þá tekur við gríðarlegt ævintýri í lífi Söndru sem er hreinni martröð líkust. Leikstjóri myndarinnar er Ásdís Sif Þórarinsdóttir en með aðalhlutverkið fer Sigríður Báru Steinþórsdóttir, sem er jafnframt handritshöfundur, klippari og aðalframleiðandi verksins.

Sigríður lýsir Broti sem drama og sálfræðitrylli með dass af hrollvekju og segist ómögulega vilja vera í sporum aðalpersónunnar Söndru. „Ég hef yfirleitt sótt í að leika fyndna karaktera, en mig langaði að ögra sjálfri mér og fara frekar í dramað í þetta skiptið, en vildi þó forðast væmni eftir fremsta megni,“ mælir Sigríður.

Brot var útskriftarverkefni Sigríðar fyrir Kvikmyndaskóla Íslands, en þar sem hún var á leiklistarbraut var verkefnið að skila verki þar sem hún færi sjálf með burðarhlutverkið, sem reyndust síðan vera tvö. „Ég fór í nokkra hringi í handrita-skrifunum en lenti á þessari sögu um Söndru sem átti í samskiptum við aðra konu, en átti erfitt með að ákveða hvorn karakterinn ég ætti



að leika. Eftir áskorun frá kennara og samnemendum ákvað ég svo að gera tilraun til að leika báða aðal-karakterana og ögra sjálfri mér enn frekar. Þannig að ég breytti sögunni til að það gengi upp og ég er mjög sátt við útkomuna,“ segir hún.


Sigríður segist hafa fengið gríðarlega hjálp við framleiðsluna og hefði ekki getað einbeitt sér að leiknum væri ekki fyrir allan stuðninginn. „Á bak við myndvélina er hellingsvinna sem fer fram sem er ósýnileg áhorfandanum,“ segir hún.

Innblástur Ísaldar

Sigríður segist hafa verið undir miklum áhrifum Black Mirror-þáttanna við vinnslu Brots. „Mig langaði að gera eitthvað sem lætur fólk hugsa. Auk þeirra horfði ég til Andrei Tarkovskys og notkunar hans á frum-

efnunum í sínum myndum, vatni, eldi, lofti og jörðu sem mér finnst mjög heillandi. Ísöld Uggadóttir kom líka í skólann í vetur að ræða myndina sína Andið eðlilega og mér fannst magnað að heyra hennar sýn og hvernig hún vinnur og hún veitti mér mikinn innblástur.“

Að mati Sigríðar er íslensk kvikmyndagerð algjörlega að rokka þessa dagana. „Það eru að koma út fjölbreyttar, mjög metnaðarfullar íslenskar myndir og ég er mjög spennt að sjá hvað gerist á næstu árum og vonast til að geta tekið þátt í því á einhvern hátt,“ mælir hún. „Ég er sérstaklega spennt fyrir því að það eru að koma út fleiri myndir eftir konur, með konur í brennid-epli og sem sýna sjónarhorn sem hefur ekki endilega sést mikið í íslenskum kvikmyndum.“



Mistök eru leiðin til þess að læra

Salvör Bergmann hefur kvikmyndadelluna meðfædda og hefur haft ómældan áhuga á frásögnum síðan á bernskuárum. Hún kláraði kvikmyndafræðina í Háskóla Íslands árið 2015 og hefur sankað að sér reynslu í viðburðastjórnun og skapandi vinnu sem hefur komið sér vel í fagi leikstjórnar. Með stuttmyndinni Reykjavíkurmær gegndi hún mörgum mismunandi hlutverkum framleiðslunnar. Segir hún kvikmynda-gerðina vera eitthvað sem sé komið til að vera.

Að sögn Salvarar er Reykjavíkurmær eins konar stúdering á því hvernig sé að vera stúlka í Reykjavík og vissan veruleika þess.

Myndin sækir ákveðinn innblástur í leikstýruna Lynne Ramsay og fyrstu þáttaröð af unglingseríunni Skins. Reykjavíkurmær fjallar um stúlku sem er að drepa tímann í Reykjavík. Flest allt sem gerist í kjölfarið á því er opið til túlkunar, þar sem sagan byggist frekar á tilfinningu heldur en hinu hefðbundna söguformi, samkvæmt Salvöru, með skýrum áflogum og úrlausnum.

„Ég var í upphafi að reyna að semja slíka sögu, þar til skálda-gyðjan birtist og sýndi mér eitthvað óljósara sem mér fannst segja betri sannleika og þyrfti frekar að segja frá,“ segir hún.

Breytingum háð

Salvör segir það vera ómetanlega lífsreynslu að stinga sér í djúpu laugina og læra jafnóðum. „Að gera mynd sjálfur virkaði eins og heilt kvikmynda-

Ef sagan kemur frá hjartanu á hún skilið að vera sögð

nám. Maður fattaði fjöldann allan af smáatriðum sem fólk í kringum mann var einnig búið að tönnlast á; skjóta nóg, lýsa vel, taka upp þögn og þess háttar,“ segir Salvör og tekur fram að ein mikilvægasta lexían geti verið sú að finna jafnvægið á milli þess að hafa tröllatrú á sjálfum sér og að viðurkenna það að maður veit í raun ekki neitt. Maður lærir best á því að gera mistök.

„Að hlusta og taka inn öll ráð en að sama skapi fylgja eigin vissu og halda sig við sínar ákvarðanir. Síðast en ekki síst er kvikmynd svo oft breytingum háð, þú ert aldrei að fara að sjá sömu lokaniðurstöðu og þú ætlaðir þér í upphafi. Málið er að læra að sleppa takinu ef eitthvað er ekki að virka og fanga töfrana þegar þeir gerast. Ef sagan kemur frá hjartanu á hún skilið að vera sögð og eru alltaf einhverjir sem munu samsvara sig með henni.“

LOKUM 20. JÚLÍ VEGNA FLUTNINGA

HLÖKKUM TIL AÐ TAKA Á MÓTI
YKKUR 14. ÁGÚST AÐ GYLFAFLÖT 6-8



Gylfaflöt 6 - 8

Fanntófell

depli á Reykjavík Fringe Festival

Úr myndinni Once There Was a Girl.



Vildi ekki feta í fótspor vinanna

Natalie Kaplan er kvikmyndagerðarkona frá Tel Aviv í Ísrael og búsett þar. Á síðustu vikum hefur hún verið á flakki með sína fyrstu kvikmynd í fullri lengd, *Once There Was a Girl*. Myndin vann til verðlauna á Life Art kvikmyndahátíðinni í Grikklandi í flokki bestu myndar og segir Natalie að áhorfendur hafi tekið myndinni opnum örmum. „Það var dásamleg tilfinning að fá þessi viðbrögð því það tók verulega á að gera hana.“



Kvikmynd Natalie er jafnframt lokaverkefni hennar úr skólanum The Steve Tisch Film School and Television og vill leikstýran meina að erfiða fæðingin hafi ekki bara verið þess virði, heldur greitt veginn fyrir lofandi framtíð sem hún segir hafa komið náttúrulega í kjölfar ástríðunnar fyrir myndrænu söguformi. En ekki nóg með það, heldur segist Natalie vera ánægð með að hafa ekki farið sömu leið og flestir vinir sínir í lífinu og tekur því fagnandi að vera ein, sterk og sjálfstæð.

„Þegar ég bjó í Berlín í tvö ár fann ég fyrir að allir vinir mínir voru orðnir giftir, með fínan feril og fullt af börnum, annað en ég. Það var hins vegar ekki það sem ég vildi og mér leið öðruvísi fyrir vikið,“ segir Natalie. „Það er nákvæmlega tilfinningin sem ég vildi fanga í mínu verki; tilfinningin að vera fullorðin kona sem er óhrædd við einmanaleikann og nýtur þess að vera hún sjálf. Kona sem er að kanna og uppgötva heiminn.“

Aðferðafræði gamla skólans betri
Samkvæmt Natalie hefur hún elskað að taka ljósmyndir frá mjög ungum aldri. Áhuginn stigmagnaðist þegar faðir hennar keypti handa henni 35 mm myndavél þegar hún var tólf ára gömul. „Síðan þá hef ég alltaf sett það í forgang að taka upp

sé segir Natalie að hennar áhugi liggir í því að segja sögur sem sækja í hennar persónulegu reynslu, en hún vilji krydda þær með gefnu skáldaleyfi og sögum annarra sem hún heyrir í kringum sig.

„Myndin var gerð fyrir lítinn sem engan pening og flestir í tökuliðinu voru nýnemar eða útskriftarnemar. Aðalleikkonan mín heitir Liat Glick, stúlka sem

ég hugsaði oft til þegar ég skrifaði handritið. Þetta var algjört innsæi og seinna þegar æfingar hófust uppgötvaði ég hvað hún væri mikil strákastelpa. Henni finnst gaman að vera ein og það var með ólíkindum hversu margt hún átti sameiginlegt með persónunni sem ég skrifaði. En ég fann fyrir þessari tengingu á milli okkar ómeðvitað,“ segir Natalie.

„Bestu ráðin sem ég gef gefið öðrum í þessum bransa, og ekki síður ungum leikstýrum, er einfaldlega að gefast aldrei upp. Það hljómar auðvitað eins og klisja en það er ástæða fyrir því. Hraðhindranirnar eru margar og erfið- ið oft gríðarlegt, en það skiptir öllu að trúa á sjálfan sig og fylgja eðlishvötunum. Því þær hafa aldrei rangt fyrir sér.“

prima

Gefur þetta **EXTRA** Frábært á kjötið, í sósuna og ídýfuna

verkefni á filmu, því það blæti hófst með þeirri vél. Ég kann að meta einfaldleikann, aðferðafræðina og hvað filman getur oft skapað umhverfi sem er ólíkt því sem er í kringum okkur,“ segir hún.

Í dag gerist allt svo hratt með stafrænu formi og þykir Natalie það ekki vera til hins betra. „Það er allt svo fljótgert og auðvelt. Ef þú sérð hund liggjandi ofan á bíl, þá getur þú tekið það upp með símanum eða gripið 100 ljósmyndir,“ segir hún.

„Með filmuna er það allt öðruvísi. Þú veist ekki alltaf hvað þú hefur í höndunum, þú bíður eftir hinu óvænta og það heldur þér forvitnum og vakandi. Vissulega elska ég að taka upp ýmislegt á símanum mínum, en hugarfar mitt endurspeglast í myndinni minni; þessi list að taka sinn tíma, að njóta litlu hlutanna, þó það sé ekki nema að líta á lítinn maur.“

Eðlishvatirnar hafa aldrei rangt fyrir sér
Once There Was a Girl segir frá lítilmagna í orðsins fyllstu merkingu að sögn Natalie, sem bæði karlar og konur eigi að geta tengt sig við. Aðspurð að því hver hennar stíll

„ENGINN LÍFSVILJI EFTIR Í LITLU STELPUNNI ÞEIRRA“

■ Geðheilbrigðiskerfið brást sextán ára stúlku eftir nauðgun ■ Blæddi í þrjá daga á eftir

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Alexandra Erla Oddsdóttir er sautján ára gömul og hefur glímt við geðræn veikindi síðan hún man eftir sér. Veikindi sem hafa leitt til fíkniefnaneyslu á mjög viðkvæmum aldri. Eftir að henni var nauðgað af þrítugum manni í fyrrasumar fór líf hennar á hliðina. Þegar hún leitaði á bráðamóttöku geðdeildar og á Barna- og unglingsgeðdeild þá brást kerfið henni svo illa að litlu mátti muna að ævi hennar yrði öll. Alexandra sagði DV þessa sögu í von um úrbætur.

Í síðustu viku fjallaði DV um mál Kristjáns Steinþórssonar, 26 ára manns sem lést 9. júní síðastliðinn eftir langvinna baráttu við þunglyndi, kvíða og eiturlýfjafíkn. Mistök og langir biðlistar í geðheilbrigðiskerfinu ollu því að hann missti alla von um að ná bata. Alexandra Erla Oddsdóttir var frænka Kristjáns og var viðstödd jarðarför hans í Guðríðarkirkju í Grafarholti miðvikudaginn 20. júní. Það var falleg athöfn en erfiður dagur.

Hún hefur barist við þunglyndi og kvíða síðan hún var barn og eins og hjá Kristjáni voru fíkniefni hennar leið til að deyfa sársaukann en einnig áfengi. Eftir að Alexöndru voru byrjuð eiturlýf og henni nauðgað af mun eldri manni sumarið 2017 leitaði hún til kerfisins líkt og Kristján, og líkt og í tilfelli Kristjáns þá brást kerfið.

Neydd til að taka eiturlýf og nauðgað

„Ég hef verið kvíða- og þunglyndissjúklingur frá því að ég man eftir mér. Fyrsta ofsakvíðakastið sem ég man eftir var þegar ég var tíu ára og eftir það fór þunglyndið að aukast á ofsahraða. Þegar ég leitaði hjálpar var mér vísað á dyr



þar sem ég var talin „of ung“ til að kljást við vanda af þessu tagi. Tólf ára fáttaði ég að fíkniefni deyfa sársaukann og fimmtán ára var ég

byrjuð í dagneyslu áfengis og eiturlýfja.“

Sumarið 2017 var afdrifaríkt fyrir Alexöndru Erlu Oddsdóttur,

þá sextán ára, en þá bjó hún í stuttan tíma á Akureyri. En í dag er fjölskylda hennar búsett á Fljótsdalshéraði. Eitt kvöldið hafði hún

„Það er næstum ár liðið síðan þetta gerðist en ég man hvað hún niðurlægði mig mikið og ég fór grátandi út úr viðtalinu.“

tekið róandi pillur og hitti síðan fólk sem hún þekkti, þar á meðal frænda sinn sem var þrítugur, og voru þau að skemmta sér í heimahúsi. Maðurinn bauð Alexöndru eiturlýf, í góðu til að byrja með en síðan með slíkum þrýstingi að henni fannst hún ekki hafa stjórn á aðstæðunum lengur.

Hann neyddi hana til að taka amfetamín og kókaín. Setti upp stíl og gaf henni drykk með einhverjum efnum sem hún veit enn ekkert hver voru. Á meðan þessu stóð nauðgaði hann Alexöndru í marga klukkutíma. Annað fólk var í herberginu á meðan þessu stóð að stunda kynlíf en enginn greip inn í og bjargaði henni úr aðstæðunum. Áverkarnir voru svo slæmir að það blæddi í þrjá daga á eftir.

Mætti fyrirlitningu á bráðamóttöku

Alexandra tilkynnti ekki atvikið og lagði ekki fram kæru á þessum tímamarki og sagði engum frá. Þess í stað leitaði hún í eiturlýf, sýndi af sér áhættuþegðun og sökk í djúpt þunglyndi sem fólk í kringum hana tók eftir, sérstaklega systir hennar sem var þá tvítug.

„Það fundu allir lyktina af dauðanum hjá mér,“ segir Alexandra. „Það var enginn lífsvilji eftir í litlu stelpunni þeirra. Systir mín hafði miklar áhyggjur og það tók hana marga klukkutíma að veiða sannleikann upp úr mér. Ég ▶

Er um flutt í Faxafen 12

LOWE ALPINE BAKPOKI 18L
14.995 kr.



SALOMON PEYSA
15.995 kr.

SALOMON HLAUPAVESTI
19.995 kr.



SALOMON DERHÚFA
3.995 kr.



SALOMON MITTISTASKA
5.995 kr.



SALOMON SPEEDCROSS
18.995 kr.



Íslenskur
ALPARNIR


Faxafen 12
108 Reykjavík

Sími 534 2727
alparnir.is

HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

VISSIR ÞÚ AÐ

samkvæmt tölfræðigreiningu Póst- og fjarskiptastofnunar á heildarfjölda símhringinga í upplýsinganúmer árið 2017 þá voru **49,4%** slíkra símtala í þjónustuver **1819**.



Einnig er hægt að nálgast allar upplýsingar um einstaklinga og fyrirtæki á heimasíðunni www.1819.is eða í gegnum **1819 appið**.

FJÖLBREYTTAR MARKAÐSLAUSNIR

1819 býður fyrirtækjum meðal annars upp á símsvörun allan sólarhringinn, sms gátt, markhópalista, aukinn sýnileika fyrirtækja og auglýsingar á miðlum 1819.

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu.



Þjónustuver 1819 er opið allan sólarhringinn, alla daga ársins.

sagði henni alla söguna af versta kvöldi lífs míns og ég skammaðist mín. Hún fór að hágráta. Ég sat við hliðina á henni, algjörlega búin að missa allar tilfinningar, leit á hana og sagði henni að þetta væri ekki svo alvarlegt. „Alexandra, hann nauðgaði þér,“ sagði hún og það var eins og að fá spark í magann. Ég vissi að hún hafði rétt fyrir sér, ég gat ekki verið í afneitun lengur og ég brotnaði niður.“

Systir Alexöndru vissi að hún væri í mikilli hættu á að ganga alla leið og svipta sig lífi. Hún var ekki tilbúin til að fylgja litlu systur sinni til grafar þannig að hún fór beint með hana upp á bráðamóttöku geðdeildar. Hún fékk viðtal hjá geðlækni en þar fékk hún hins vegar ekki þær móttökur sem hún þurfti eða átti von á.

„Læknirinn kynnti sig ekki þegar hún kom inn og alveg frá byrjun sá ég að hún nennti ekki þessu viðtali. Ég reyndi að segja henni sögu mína en hún hlustaði ekki á mig. Allt viðtalið var hún að spyrja mig um mína eiturlyfjaneyslu og svo fór hún að reyna að leiða mig. Hún var eiginlega frekar að segja mér mína sögu en ég henni, að ég hafi boðið upp á þetta. Fyrirlitning hennar gagnvart mér leyndi sér ekki. Það er næstum ár liðið síðan þetta gerðist en ég man hvað hún niðurlægði mig mikið og ég fór grátandi út úr viðtalinu.“

Alexandra vildi komast inn á Barna- og unglingsgeðdeildina, BUGL, til að fá að ræða sín vandamál við fagaðila þar og vinna úr sínum málum. En geðlæknirinn á bráðamóttökunni hafnaði þeirri beiðni. Að lokum tókst henni að fá innlögn en með því skilyrði að hún færi fyrst inn á Vog, sem hún gerði, en þar voru engir sálfræðingar heldur aðeins ráðgjafar.

Geymsla en ekki hjálp á BUGL

Þegar hún komst loksins inn á BUGL var reynslan allt önnur en hún átti von á. Hún lýsir þeirri vist sem geymslu og frelsissviptingu til að hún myndi ekki gera sjálfri sér skaða og leið eins og hún hefði verið plötud.

„Ég fékk engin viðtöl við fagað-



ila á neinu sviði. Ég var þarna alls í fimmán daga og gerði lítið annað en að stara á vegginn. Það var hvorki geðlæknir né sálfræðingur á vakt þann tíma sem ég var þarna og ég fékk heldur engin lyf. Þessi vist hafði mjög slæm áhrif á mig, bæði innilokunin og skorturinn á mannlegum samskiptum.“

Það var eftir þessa reynslu, framkomu starfsfólks og skort á raunverulegri lækni meðferð sem það fór að halla verulega undan fæti í lífi Alexöndru. Hún átti að keyra austur með móður sinni og stjúpforeldur eftir veruna á BUGL en fór ekki með, en fór í staðinn í dópgreni í Keflavík. Þau efni sem hún notaði helst voru amfetamín, kókaín, MDMA og benzó kæruleysislyf.

Þegar hún var komin austur batnaði ástandið ekki

„Þegar ég gekk út af BUGL fór ég beint til baka í heim fíkniefnanna og þá byrjuðu hlutir að verða ljótir. Ég var deyjandi, í grimmi dag-

„Ég var skítug, aumingi, notuð og ónýt. Þrátt fyrir það ákvað ég að skila skömminni heim og lagði fram ákæru.“

neyslu og að brjóta af mér, lögreglan á Fljótshálsi sá að afbrotin mín væru vegna andlegra vandamála þannig að ég slapp við allar kærur en ég svaf oft í fangaklefa eða var sprautuð niður. Eitt kvöldið þegar ég var að fá mér í glas fór ég í geðrof og réðist á alla sem komu nálægt mér.“

Það kvöld fór lögreglan með hana á heilsugæsluna og læknir gaf henni róandi lyf í æð en síðan var hún send heim til sín eins og ekkert hefði í skorist. Líf hennar var alveg úr skorðum.

Kærunni vísað frá

Alexandra hafði ekki kært nauðgunina strax eftir að hún átti sér stað. Hún var hrædd við að segja frá, hrædd við gerandann, hrædd við að tapa málinu og vera sökuð um að ljúga. Sjálfsálitið var algerlega á botninum.

„Ég var skítug, aumingi, notuð og ónýt. Þrátt fyrir það ákvað ég að skila skömminni heim og lagði fram kæru.“

Þetta var um haustið 2017 og Alexandra var boðuð í skýrslutöku hjá lögreglunni á Eskifirði. Þann 19. janúar fékk hún bréf heim til sín þar sem stóð að kærán hefði verið felld niður. Ástæðurnar sem gefnar voru voru þær að skortur væri á sönnunargögnum og ekki samræmi milli vitna. Alexandra segist hafa verið í molum eftir að hafa fengið þetta bréf. Andleg líðan hennar versnaði og versnaði og loks ákvað hún að binda enda á þetta allt saman þann 6. apríl síðastliðinn.

„Ég bjó vel um mig, tók alls konar lyf, nokkra sopa af bjór, setti heyrnartól á mig og tók upp eldhúshnífinn sem ég hafði valið í verkíð. En þá gekk bróðir minn inn á mig og tók hnífinn af mér. Ég var í geðrofi og reiddist honum og ætlaði að stökkva í á sem liggur rétt utan við bæinn.“

Bróðir hennar hringdi á lögreglumenn sem komu og færðu Alexöndru í fangaklefa en þá var hún í mjög annarlegu ástandi. Hún var sprautuð niður og flutt á meðferðarstöð barna og unglingsað Studdlum. Eftir þetta fór hún í meðferð á Vog og síðan á Vík á Kjalarnesi.

„Aldrei á þessum tíma var það rætt sérstaklega að ég hafi verið að reyna að svipta mig lífi með eldhúshníf. Eins og það væri bara eðlilegur hlutur. En ég var búin að vera að reyna að kalla á hjálp í langan tíma.“

Fordómar gegn fólki með fíknisjúkdóma

Alexandra, sem býr nú með móður sinni, segir að þrátt fyrir allt hafi hún getað verið í vinnu og gert flesta hluti sem ætlast var til af henni.

„Þegar ég var í þessu ástandi þá forðaðist ég samskipti við móður mína eins og heitan eldinn. Ég vil ekki að hún sjái mig svona. Hún hefur auðvitað séð að það hefur mikið gengið á og hefur haft miklar áhyggjur. Svaf lítið og með krampa. Ég er búin að valda henni

miklum erfiðleikum í gegnum árin en hún vissi ekki að ég hefði verið í eiturlyfjaneyslu.“

Alexandra hefur nú verið allsgáð í þrjú mánuði en andleg líðan hennar er ekki góð. Þar sem hún hefur ekki náð átján ára aldri eru úrræði fullorðinna lokuð fyrir hana. Eftir veru sína á BUGL þá treystir hún ekki því starfi sem þar er unnið.

„Af sautján árum mínum hef ég lifað átta til tíu af þeim í kvöl og pínu. Ég hef leitað til allra fagaðila og stofnana en alltaf hefur mér verið sagt að vandamál mín gætu ekki verið raunveruleg vegna ungs aldurs. Í gegnum allt þetta þróaði ég með mér fíknisjúkdóm og þegar við „dópastar“ biðjum um hjálp hjá fagaðilum þá erum við lægra sett en aðrir því að við eigum að hafa valið okkur líf fíkniefnaheimsins. En það er svo sannarlega ekki raunin. Hjá flestum eiga fíknisjúkdómar rætur að rekja til andlegra vandamála sem aldrei hafa verið meðhöndluð og verða stærri og fleiri vegna neyslunnar.“

Tifandi tímasprengja

Alexandra hafði reynt að segja sögu sína áður en aðstæður og umrót í lífi hennar leyfðu það ekki. Minningin um Kristján frænda hennar, sem líkt og hún sjálf, þurfti að kljást við kerfið sjálft þegar hann leitaði aðstoðar, hvatti hana áfram til þess að segja sína sögu í von um að breytingar verði og tillit verði tekið til ungmenna í þessari stöðu.

„Hvað verður til þess að einstaklingur þarf að berjast af öllum kröftum fyrir hjálp og þegar hann fellur fyrir eigin hendi lítur almenningur í hina áttina? Kæra Ísland, ég er bara sautján ára stelpa en það eru mörg ár síðan ég missti alla virðingu fyrir kerfinu ykkar. Ég skammast mín fyrir þennan hlut þjóðar minnar. Þeirra sem horfa upp á allt þetta fólk kveðja heiminn og láta sem ekkert sé. Þið sem sitjið við stjórnvöllinn og það hvarflar ekki að ykkur að laga kerfið. Andleg vandamál eru bráðsmitandi og þegar einn kveður heiminn eru allir ástvinir með sár sem aldrei munu gróa. Þannig að ég spyr nú: Hvað er að stoppa ykkur?“

Hún verður hugsuð þegar hún er spurð um hvað taki við.

„Ég vona að ég fái aðstoð. Ég er búin að koma mér á endastöð það oft að ég er eins og tifandi tímasprengja.“ ■



EGRETTIR
VATNSKASSAR
 Sími 577 6090

VIVO MINI

KRAFTMIKIL SMÁTÖLVA!



129.995

ASUS®

ASU-UN68UM007Z

SMÁTÖLVA FYRIR HEIMILI OG FYRIRTÆKI

Asus Vivo Mini er aðeins 13,1 cm á breidd og dýpt og vegur einungis 700 grömm. Hún er svo agnarsmá að hægt er að skrúfa hana aftan á tölvuskjáinn með VESA festingum sem fylgja henni. Mjög öflug með 8. kynslóðar Intel i5 örgjörva, 256GB M.2. hraðvirkum SSD disk og 8GB vinnsluminni sem er stækkanlegt í 32GB.

TEKUR LÍTIÐ PLÁSS

Vivo Mini tekur mjög lítið borðpláss en getur leyst krefjandi verkefni hratt og vel. Hentar í fjölbreytta notkun hvort sem er hjá fyrirtækjum eða heimilum.

GLÆSILEG HÖNNUN

Vivo mini fellur vel inn í umhverfi sitt. Stílhrein hönnun þar sem hugsað út í hvert smáatriði. Vesa festing fylgir til að festa aftan á tölvuskjá.

ÓTAL TENGIMÖGULEIKAR

Þrátt fyrir smæðina kemur Vivo Mini með fjölda tengimöguleika eins og HDMI, Display Port, fjórum USB3.1 tengjum og Bluetooth.

EINFALT AÐ UPPFÆRA

Vivo Mini er góð fjárfesting þar sem auðvelt er að uppfæra vinnsluminni og diska síðar og lengja með því líftíma hennar.



8. KYNSLÓÐ FRÁ INTEL

ÖRGJÖRVINN ER HJARTAÐ Í VINNSLU TÖLVUNNAR. VIVO MINI KEMUR MEÐ HRÖÐUM FJÖGURRA KJARNA INTEL I5 8350U ÖRGJÖRVA SEM GERIR HENNI KLEIFT AÐ RÁÐA VIÐ FLÓKIN VERKEFNI OG PUNGA VINNSLU.

**TÖLVU
LISTINN**

REYKJAVÍK
SÚDURLANDBRAUT 26

AKUREYRI
GLERÁRTORG

HÚSAVÍK
GARDARSBRAUT 18A

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6

REYKJANESBÆR
HAFNARGÖTU 90

SELFOS
AUSTURVEGI 34

AKRANES
ÞJÓÐBRAUT 1

Friðaráætlun Trumps byggist á miklum fjárfestingum á Gasa

„Samningur aldarinnar“ á að leysa deilurnar í eitt skipti fyrir öll

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Jared Kushner, einn helsti ráðgjafi Donalds Trump Bandaríkjaforseta og jafnframt tengdasonur hans, var nýlega á ferð í Mið-Austurlöndum ásamt Jason Greenblatt, sérstökum erindreka Bandaríkjustjórnar. Málefni Ísraels og Palestínu voru ofarlega á baugi en þeir voru að undirbúa jarðveginn fyrir friðaráætlun ríkisstjórnar Trumps vegna deilna Ísraels og Palestínu. Áætlunin, sem Trump hefur sagt vera „samning aldarinnar“, á að leysa deilurnar í eitt skipti fyrir öll. Samkvæmt áætluninni á að stækka Gasa inn á Sinai í Egyptalandi og vill Trump að ríku löndin við Persaflóa fjárfesti fyrir einn milljarð dollara í uppbyggingu á Gasa og Sinai. Kushner og Greenblatt funduðu með leiðtogum Katar, Sádi-Arabíu, Jórdaníu, Egyptalands og Ísraels í ferðinni. Ísraelska dagblaðið Haaretz segir að fundirnir hafi aðallega snúist um að sannfæra Persaflóaríkin um að fjárfesta fyrir um einn milljarð dollara á Gasa. Þar búa 1,9 milljónir manna við hörmulegar aðstæður. Þeir félagar hittu ekki leiðtoga Palestínumanna sem viðurkenna ekki ríkisstjórn Trumps sem sátta-semjara og þá sérstaklega ekki eftir að Bandaríkin fluttu sendiráð sitt frá Tel Aviv til Jerúsalem.

Mesta uppbyggingin á að vera í Egyptalandi

Það gerir áætlun Bandaríkjamanna mjög erfiða að megnið af fjárfestingum Persaflóaríkanna

Jared Kushner



eiga að renna til verkefna á Sinai, rétt við landamærin að Gasa. Þar á að byggja sólarorkuver til að tryggja rafmagn á Gasa. Síðan er höfn á döfinni, orkuver, sementsverksmiðja og iðnaðarsvæði. Allt þetta á að skapa mörg þúsund störf fyrir íbúa á Gasa og bæta lífskjör þeirra umtalsvert en þau eru vægast sagt ömurleg.

Íbúar á Gasa fengu veður af þessum fyrirætlunum í maí þegar Ísraelsmenn köstuðu flugritum yfir ræmuna, sem Gasa er, með

upplýsingum um hvað gæti beðið þeirra í framtíðinni. „Gasa 2025“ var yfirskrift flugritanna. Flugritinu var stillt þannig upp að íbúar gætu valið á milli Gasa, sem líkist Dubai með glæsilegum háhýsum og breiðstrætum, eða sundursprengds Gasa.

Frá því að Hamas komst til valda á Gasa 2007 hefur ræman verið í efnahagslegri herkví Ísraels og Egyptalands. Atvinnuleysið er 60 prósent, mikill rafmagnsskortur er og 97 prósent af grunn-

vatninu er svo mengað að það er ekki drykkjarhæft. Auk þess hefur Gasa verið sprengt nánast í tætlur í þremur stríðum. Eins og nærri má geta eru íbúarnir ekki ánægðir með hlutskipti sitt og ekki þarf mikið til að upp úr sjóði. Hugsanlega verður hægt að létta hluta af þessum þrýstingi með fjárfestingum Persaflóaríkanna. En hvort hægt er að byggja Gasa upp á meðan Hamas er við völd er síðan annað mál.

Mahmoud Abbas, forseti Palestínu, segir að Gasa sé ekki ríki Palestínumanna og ekkert ríki Palestínumanna sé til án Gasa en í hans augum lítur áætlunin helst út fyrir að eiga að gera Gasa að sjálfstæðu ríki óháðu Vesturbakkanum.

Eldfimt mál

Hugmyndin um að skapa störf fyrir Gasabúa í Sinai í Egyptalandi er vægast sagt eldfim. Hún yfir undir gamlar samsæriskenningar um að Bandaríkin vilji stækka Gasa með því að fá hluta af Sinai. Það er síðan spurning af hverju Egyptar ættu að samþykka að láta hluta af Sinai af hendi til þess eins að létta þrýstingi af Ísrael.

Ísraelskir hægrimenn hafa löngum verið hliðhollir þessari leið. Árið 2014 skýrðu ísraelskir

fjölmíðlar frá því að Abdel Fatah al-Sisi, forseti Egyptalands, hefði boðið leiðtogum Palestínumanna að stækka Gasa með 1.600 ferkílómetra svæði af Sinai. Þetta hefði fimmfaldað stærð Gasa. Þessu var líklega lekið til fjölmiðla af háttsettum ísraelskum embættismönnum. Samkvæmt fréttunum átti þetta nýja palestínska ríki að vera herlaust og taka við palestínskum flóttamönnum frá öllu svæðinu. Á móti átti Abbas forseti að falla frá kröfum um sjálfstætt ríki á Vesturbakkanum með Jerúsalem sem höfuðborg. Á móti áttu Palestínumenn einnig að fá sjálfstjórn í þeim bæjum sem þeir myndu halda eftir. Ísraelskir og egypskir embættismenn vísuðu þessum fréttum á bug og sögðu þær vera algjöran uppspuna. En þessi saga eða hugmynd hefur verið á kreiki eftir að Giora Eiland, þjóðaröryggisráðgjafi Ísraels, kynnti hana til sögunnar þegar Ísraelsmenn yfirgáfu Gasa 2005. Háttsettir egypskir embættismenn hafa í gegnum árin sagt að Egyptaland sé undir stigvaxandi þrýstingi frá Bandaríkjunum og Ísrael um að gefa hluta af Sinai eftir og láta í hendur Palestínumanna. Þessi þrýstingur er sagður hafa aukist eftir að Hamas komst til valda á Gasa 2007. ■

Dropi af náttúrunni

Kaldunnin þorsklifrarólía
Íslensk framleiðsla

60 120/180 220 ml

„Fyrir mér er Dropi heilindi og lífsorka“



Gasa



Hágæða heitir pottar á enn lægra verði – infrarauðir saunaklefar

Fyrtækið Goddi, Auðbrekku 19, Kópavogi, er með afar fjölbreytt vöruúrval og er meðal annars framarlega í sölu á heitum pottum, lokum yfir heita potta, infrarauðum saunaklefum og hitaklefum, auk hefðbundinna gufubaða og ýmiss konar búnaðar þeim tengdum.

Goddi hefur getið sér gott orð fyrir að selja vandaða heita potta á afar hagstæðu verði en um er að ræða heita potta af tegundunum Hydro og Ocean. Þetta eru afar vandaðir pottar með loki úr sterku leðurlíki og hlifin er gerð fyrir íslenskt veðurfar. Núna hefur verðið lækkað enn meira því Goddi leggur áherslu á að skila áhrifum af hagstæðu gengi beint út í verðlagningu sína. Verð á potti með loki og tröppu er aðeins 620.000 krónur.

Einnig eru í boði lok á heita potta í þremur litum og stærðunum 220x220 200x200 cm, 208x208 cm og 213x213 cm á aðeins 58.000 kr. – einnig veruleg verðlækkun – en þessi lok henta einstaklega vel fyrir íslenskra veðráttu. Lokin eru sam-anbrjótanleg í miðju, með góðum festingum og svuntu, eru létt og meðfærileg.

Infrarauðir saunaklefar eru áhuga-verð uppfinning en Goddi býður þessa klefa á mjög hagstæðu verði, eða frá aðeins 180 þúsund krónum. Hægt er að fá klefa sem eru frá tveggja manna upp í fjögurra manna. Infrarauðir geislar, eða IR-geislar, hafa ýmsa kosti fyrir heilsu manna, til dæmis örva þeir líkamann sem getur brennt allt að 600 hitaeningum á 30 mínútum og fólk svitnar þrefalt meira



en í hefðbundnu saunabaði. IR-geislar örva æðakerfið og auka blóðflæði, vikka æðar, lækka blóðþrýsting og fá hjartað til að slá hraðar, sem styrkir og eflir hjartavöðvann. IR-geislar eru mikið notaðir til lækninga, við tognun, stíðleika í liðum og öðrum vöðva-verkjum, og þeir fjarlægja mjólkursýru og koldíoxíð úr vöðvum.

Ítarlegri fróðleik um IR-geisla og IR-saunabaðklefa má finna á heimasíðu Godda, goddi.is

Goddi býður líka upp á mikið úrval af hefðbundnum saunaböðum frá finnska gæðaframleiðandanum Harvia. Er þar bæði um að ræða heilu gufuböðin og einstaka hluta þeirra og fylgihluti. Gott er að fá ráðgjöf á staðnum um hvað til þarf og hvaða kostir eru hagstæðastir fyrir hvern og einn viðskiptavin.

Goddi
Auðbrekku 19
200 Kópavogur
Símar: 544-5550 / 822-4150
goddi@goddi.is
Goddi á Facebook



TIL HAMIN ÁRANG



SB SKILTAGERÐ

merkingar - laserskurður - fræsingar

www.sbskilti.is

Fagverk
verktakar

NGJU MED URINN!



SteinTeppi.is

FAGMS
FACTORY & MILL

Pólyhúðun
Powder coating

Hvernig í ósköpunum getum við gagnrýnt Heimi?

Leiðari

Hörður Snævar Jónsson
hoddli@433.is



Margir góðir félagar mínir eru sífellt að hnippa í mig og segja mér að gagnrýna Heimi Hallgrímsson fyrir hitt og þetta. „Spurðu Heimi að því af hverju þessi sé ekki í hópnum?“ eða „Hvað var hann að hugsa með því að stilla liðinu svona upp?“ Eftir að íslenska landsliðið lauk keppni á Heimsmeistaramótinu í Rússlandi urðu nokkrir af þessum félögum enn æstir og báðu mig um að núna þyrfti ég afdráttarlaus svör við hinu og þessu. Stundum hafa þessir félagar mínir eitthvað til síns máls en oftast en ekki er þetta tóm steypa. Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu hefur síðustu fjögur ár verið að skrifa söguna, söguna sem enginn bjóst við að hægt væri að skrifa. Hver sá það fyrir sér í kringum 2010 að íslenska karlalandsliðið kæmist á Evrópumótið? Enginn. Hver sá það fyrir sér að íslenska landsliðið kæmist á Heimsmeistaramótið í Rússlandi? Enginn.

Heimir veit betur en við

Þegar rætt er um valið á íslenska landsliðinu er umræðan yfirleitt þannig að aðeins er talað um það af hverju þessi og hinn sé ekki í hópnum. Iðulega þegar sú umræða fer af stað er sá sem talar hæst yfirleitt ekki með svörin við því hver ætti að detta úr hópnum í staðinn. Þegar Heimir var nýr í starfi þá var maður oftast en ekki að spyrja út í samsetningu hópsins. Svárið var alltaf það sama. Heimir sagðist vera að velja besta hópinn að þessu sinni. Í það verkefni sem liðið væri á leið út í, eftir góð úrslit og mögnuð afrek. Af hverju ætti ég og þú að efast um að Heimir sé ekki að velja réttan hóp? Hann hefur oft sannað það að hann veit betur en við hin, hann veit hvað íslenska landsliðið þarf. Hann veit hvernig samsetningin á hópnum þarf að vera, það eru kannski ekki alltaf bestu knattspyrnumennirnir sem eru valdir. Auðvitað eru þeir valdir, en það sem ég á við er að stundum er leikmaður sem er kannski betri en sá sem er í hópnum ekki valinn. Ástæðan getur verið margþætt en Heimir hugsar mikið út í það hvernig allur 23 manna hópurinn nær saman, hvernig andrúmsloftið verði og að allir séu á sömu línu. Að ekki sé maður í hópnum sem



verður reiður og pirraður á bekknum, sem smitast svo út í fleiri. Þessa list hefur Heimir fullkomnað, til að vera í íslenska landsliðinu þá þarftu að róa í sömu átt og allir hinir. Annars hefðum við aldrei náð þessum árangri.

Sófasérfræðingurinn „klikkar ekki“

Heimir hefur verið gagnrýndur fyrir þá staðreynd að hann breytti um leikkerfi fyrir leikinn gegn Nígíeríu á Heimsmeistaramótinu. Hún er réttmæt en það er líka þunn lína

á milli. Íslenska liðinu mistókst í þetta sinn en litlu mátti muna að við hefðum hampað Heimi enn einu sinni sem snillingi. Íslenska liðið fékk færi til að komast yfir í fyrri hálfleik og þá ætla ég að leyfa mér að fullyrða að leikurinn hefði unnist. Eftir leik var Heimir gagnrýndur en enginn gagnrýndi hann fyrir leik. Sófasérfræðingurinn er mjög góður í því að sjá hlutina eftir að þeir hafa gerst.

Við þurfum á Kolbeini að halda Ef ég ætti að gagnrýna Heimi

fyrir eitthvað í aðdraganda Heimsmeistaramótsins og það sem gerðist í Rússlandi, þá er það einn hlutur. Það sá ég samt ekki fyrir en eftir mótið svo því sé haldið til haga. Það sem Heimir hefði gjarnan mátt gera var að gefa sér meiri tíma í að reyna að fá Kolbein Sigþórsson með til Rússlands. Þegar Heimir valdi hóp sinn var Kolbeinn bara nýbyrjaður að spila með Nantes. Þegar Heimir skildi Kolbein eftir heima þá skildi ég þá ákvörðun mjög vel, hann hafði verið lengi frá en var að koma til

baka. Hann hefði hins vegar getað gefið honum tvær vikur í æfingar og svo valið lokahóp sinn. Á HM vantaði okkur Kolbein, það var stóri munurinn frá EM. Hann hefði valdið usla í 20–25 mínútur í leikjum. Það er ég viss um, en gat ég sagt þessa hluti fyrir mótið? Nei, þetta er eitthvað sem ég sá í bak-sýnisspeglinum.

Mín spurning er því til þeirra sem vilja alltaf sjá það neikvæða. Hvernig í ósköpunum getum við gagnrýnt Heimi? ■

Spurning vikunnar

Hefur veðrið áhrif á skap þitt?



„Veðrið hefur áhrif á alla en maður reynir að halda reiðinni í sér og vera jákvæður.“

Marteinn Sigurgeirsson



„Já, ég er orðin þreytt á þessu en bý svo vel að því að hafa farið tvisvar til heitra landa í vor.“

Kristín Stefánsdóttir




„Nei, þessi rigning skiptir engu máli.“

Ingimundur Jónasson



„Já og ég er orðin þreytt á þessari rigningu.“

Unnur Guðmundsdóttir



Normx ehf. hefur sett framleiðslu sína á smáhýsum í sérstakt fyrirtæki sem hlotið hefur nafnið Húseining ehf. Húseining mun framleiða smáhýsi, sumarhús og einbýlishús í nýrri verksmiðju að Hraunholti 1. Vogum. Kynnið ykkur framleiðsluvörur okkar á vef fyrirtækisins: www.huseining.is

Við framleiðum:

Smáhýsi frá 14,99 - 39,9 m²

Sumarhús frá 67 - 111 m²

Einbýlishús frá 161 - 400 m²

Smart Einbýli 73 m²

Parhús frá 200 - 333 m²


Raðhús frá 55 - 120 m²

Forsteypta sökkl

Verð og gæði í fyrirrúmi, íslensk framleiðsla.



Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.
www.huseining.is kjartan@huseining.is soffia@huseining.is



Enski leggur spilin á borðið og ætlar að hætta að drekka:

„STAÐRÁÐINN Í AÐ STANDA MIG“

■ Versta ákvörðun lífsins að smakka áfengi ■ Langar til að standa sig fyrir dóttur sína

Ódinn Svan Ódinnsson
odinn@dv.is



Viðar Skjöldal hefur um nokkurt skeið verið mikið á milli tannanna á fólki. Viðar, sem jafnan er kallaður Enski, er með nokkur þúsund fylgjendur á Snapchat. Hann leggur nú spilin á borðið og talar opin-skátt um baráttu sína við alkóhólisma í von um að opna umræðuna um sjúkdóminn. Hann segist staðráðinn í að leggja flöskuna á hilluna og hætta að drekka í eitt skipti fyrir öll.

Versta ákvörðun lífsins að smakka áfengi

Viðar, sem er 32 ára, er fæddur og uppalinn á Akureyri. Sautján ára gamall flutti hann ásamt fjölskyldu sinni til Reykjavíkur en þar hefur hann meira og minna búið síðan. „Ég ólst upp á Akureyri og þar upplifði ég góða tíma, ég fékk frábært uppeldi og á æðislega fjölskyldu sem vildi allt fyrir mig gera. Ég var efnilegur í fótbolta og spilaði lengst af með Þór á Akureyri. Þegar fjölskyldan ákvað að flytja suður hætti ég í boltanum og ég sé mikið eftir því.“

Það var skömmu eftir að Við-



ar flutti til Reykjavíkur og hætti að æfa fótbolta sem hann kynntist áfengi. „Ég smakkaði fyrst áfengi þegar ég var 17 ára gamall og það

var og verður versta ákvörðun lífs míns,“ segir Viðar og bætir við: „Þegar ég prófaði áfengið leið mér strax vel, það var eins og það hefði

fyllt upp í ákveðið tómarúm inni í mér.“

Viðar segir áfengið alla tíð hafa komið í veg fyrir frama hans í lífinu. „Mig langaði alltaf að verða eitthvað en ég hefði getað náð lengra ef áfengið hefði ekki verið að flækjast fyrir mér og verið minn Akilles-arhæll í gegnum lífið,“ segir Viðar.

Eins og áður segir hefur Viðar getið sér gott orð sem snappari en hann viðurkennir að áfengisneyslan hafi oftast en ekki verið til trafala. Á Snapchat-reikningnum, sem Viðar kallar enskiboltinn, hefur hann leyft fylgjendum sínum að fylgjast með sér ræða um ensku knattspyrnuna. Með tímanum hafa snöppin sífellt orðið persónulegri og áhorfendur fengið að kynna lífi Viðars. Lífi þar sem djammíð hefur tekið sinn toll.


Ætlar að takast á við vandann

„Auðvitað hefur þetta oft og tíðum verið mjög skemmtilegt en líka erfitt. Stundum hef ég ekkert snappað í tvo til þrjú daga en þá er ég að glíma við sjúkdóminn. Ég er bara alkóhólisti,“ segir Viðar, sem bætir því við að hann hafi mikinn áhuga á því að ná langt í fjölmiðlum og standa sig vel.

Viðar segist nú hafa fengið sig fullsaddan af áfengisneyslunni og er staðráðinn í því að taka á vandanum. Hann náði góðum tíma árin 2011 til 2013 þegar hann fluttist til Akureyrar og var edrú í tvö ár. Hann horfir nú til þess tíma. Þá

„Auðvitað hefur þetta oft og tíðum verið mjög skemmtilegt en líka erfitt. Stundum hef ég ekkert snappað í tvo til þrjú daga en þá er ég að glíma við sjúkdóminn. Ég er bara alkóhólisti.“

Viðar ásamt dóttur sinni, Carmen.



á Viðar átta ára gamla dóttur sem hann vill standa sig fyrir. Dóttir Viðars, Carmen Lind, býr með móður sinni í Bretlandi.

„Það er alltaf möguleiki að koma til baka og bæta sig. Ég gerði það árið 2011 og veit ég get þetta,“ segir Viðar og bætir við: „Ég er byrjaður að taka á vandanum og ég ætla að standa mig.“ Hann hefur undanfarna daga verið að leita sér hjálpar hjá AA-samtökunum.

Hann segir umræðuna um Hjört Hjartarson íþróttafréttamann hafa hreyft við sér en eins og DV greindi frá í upphafi vikunnar hefur Hjörtur sagt starfi sínu lausu til að glíma við áfengisfíkn. „Umræðan um Hjört hreyfði við mér og mig langaði mikið að stíga fram og segja mína sögu. Ég finn mikið til með Hirti og ég vona innilega að hann nái bata. Svo vona ég að mín saga geti hjálpað fólki sem er í sömu stöðu og ég er. Ég er góður strákur og vil bara reyna að hjálpa,“ segir Viðar.

Að lokum vill hann benda öllum þeim sem hafa brennandi áhuga á enska boltanum að adda honum á Snapchat undir nafninu enskiboltinn. ■



Nett fjölnotataeki
MANITOU MLT 625-75 H

Manitou eru magnaðir skotbómulyftarar

- Lyftiget: 2.500
- Lyftihæð: 5.900 mm
- Fjór hjóladrífinn
- Fjór hjólastýrður
- 75 hestöfl, Kubota
- Hlaðinn aukabúnaði t.d. skólfa, gaflar og útvarp.

Staðgreiðsluverð:
6.800.000 kr. + VSK

Viðurkennd varahluta- og viðgerðarþjónusta

PON

BRAGGINN:



Flottur staður í Nauthólsvík

Ég er búinn að skrifa um nokkra veitinga- og gististaði hringinn í kringum landið, marga góða og suma minna góða, en ég hef alltaf jafn gaman af þessu. Nú er það Bragginn í Nauthólsvíkinni sem er spennandi viðbót og væntanlega eini veitingastaður sem er í bragga í dag.

Braggastíllinn á sér nokkuð djúpar rætur og alveg aftur í fyrri heimsstyrjöldina þegar þessi einfalda og ódýra lausn kom fram á sjónarsviðið í hernaði, en það er önnur og lengri saga.


Bragginn „okkar“ er staðsettur á besta stað Nauthólsvíkur og á eflaust eftir að setja stóran svip á allt mannlíf þar enda verulega skemmtileg viðbót við þessa útivistarperlu. Það er frábært framtak Reykjavíkurborgar að hafa varðveitt þennan „síðasta“ bragga flugvallarsvæðisins en hernámssagan öll og braggalíf íslensku þjóðarinnar eftir hernámið er ákaflega merkilegt tímabil. Fyrir þá sem ekki hafa komið inn í bragga þá er hér kjörið tækifæri til að stíga inn í einn slíkan.

Bragginn er flott „konsept“ og hér eru menn sem vita hvað þeir eru að gera. Matseðillinn er mjög fjölbreyttur og þar er hægt að finna spennandi rétti við allra hæfi. Það er sama hvort verið sé að röltu í góða veðrinu með barnahópinum eða bara löngun vakni í eitthvað sætt eða gott. Verðlagning



tekur einnig mið af fjárhag háskólanema.

Verðlagningin er jafnframt fjölskylduvæn og eitthvað sem flestir geta ráðið við enda er þetta hugsað sem vingjarnlegur fjölskyldu/útivistarstaður þar sem gaman er að stoppa annaðhvort inni eða í frábærri útiáðstöðu.



Flottur staður, spennandi matseðill og kærkomin viðbót við svæði sem er að verða verulega skemmtilegt. Það er Daði Agnarsson sem er rekstrar-

aðili Braggans, en jafnframt rekstraraðili veitingastaðarins á BSÍ, Mýrin Mathús (áður Fljótt og gott) frá árinu 2011.

Þorsteinn Guðmundsson

hefur verið einn ástsælasti grínisti landsins síðan hann sló í gegn í þáttunum Fóstbræður, sem sýndir voru á Stöð 2 árin 1997 til 2001. Þorsteinn hefur komið víða við í leiklist, uppistandi, þáttagerð og fleiru. Nú hefur hann breytt um stefnu, menntað sig í sálfræði og starfar við nýstofnaðan bataskóla, sem fólk sem glímt hefur við andleg veikindi og aðstandendur þeirra sækja.

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Við hittum Þorstein fyrir í Bataskóla Íslands við Suðurlandsbraut sem hefur verið starfandi í eitt ár og útskrift annars bekkjar er nýlokið. Þorsteinn starfar þar sem verkefnisstjóri ásamt Esther Ágústsdóttur og skipuleggja þau dagskrá skólans. Skólinn er samstarfsverkefni Geðhjálpur og Reykjavíkurborgar til þriggja ára og nær námið yfir eitt skólaár.

„Hingað kemur fólk í sex til sjö mánuði og velur sér námskeið sem hentar. Námskeiðin snúast öll um bata við geðrænum kvillum og áskorunum og leiðir til betri lífs-gæða. Til dæmis námskeið um kvíðastjórnun, þunglyndi, sjálfs-traust, ADHD, sjálfsmyndhyggju, nútíund og margt fleira.“

Þorsteinn segir að hér á Íslandi hafi verið til áhugahópur um að koma upp slíkum skóla í mörg ár og að þeir séu til víða erlendis, sérstaklega í Bretlandi. Hópurinn fór út til Bretlands til að skoða aðstæður og ákveðið var að hafa einn slíkan, Nottingham Recovery College, sem fyrirmynd að íslenska skólanum. Oft eru skólarnir inni á geðdeildum en í Nottingham er hann óháðari stofnun.

Á næsta ári verður lögð áhersla á yngri fólk og boðið upp á bekk fyrir 18 til 28 ára og Þorsteinn er mjög spenntur yfir því.

„Það eru nokkrar ástæður fyrir þessu. Við teljum út frá okkar reynslu að ungt fólk vilji vera út af fyrir sig. Einnig er þetta sá hópur sem þeir sem standa að úrræðum svipuðum og okkar eru að reyna að ná til. Þetta er fólk sem yfirleitt hefur veikt frekar nýlega og er viðkvæmt. Það er búið að vera að rannsaka þennan hóp sérstaklega undanfarið ár og undarlegar niðurstöður eru að koma í ljós. Einmanaleiki drengja er að aukast, kvíði og þunglyndi hjá unglingum einnig. Það er erfitt að reida hendur á hvað er í gangi.“

Útrás í fangelsi og fleiri staði

Þorsteinn leggur áherslu á að Bataskólinn sé skóli en ekki meðferð. Hér eru ekki teknar niður neinar sjúkrasögur eða slíkt en reynt er að mæla árangurinn af starfinu með könnunum og viðtölum, bæði vellíðan og virkni nemenda.



„Við erum að hræða unglíngana okkar“

„Hérna eru hins vegar engin próf eða mætingarskylda. Við höfum skráð niður mætingar og haft samband við þau sem að mæta illa

og hvatt þau til að mæta. Sumum finnst þetta erfitt og námskeiðin eru krefjandi. Þetta er alvöru skóli en við leggjum mjög mikið upp

úr léttleika og fjölbreytilegum kennsluáferðum og notum aldrei sömu áferð nema í tíu mínútur í senn, fyrirlestur, verkefnavinna,

vídeó og svo framvegis. Ef fólk finnst erfitt getur það farið fram og tekið sér pásu, við höfum þetta manneskjulegt.“



MYNDHANNA

af geðrænum veikindum og hafa verið á batavegi í einhvern tíma, yfirleitt nokkur ár. En það er ekkert endilega þannig og sumir koma beint úr meðferð á Landspítalanum. Sumir eru orðnir einkennalausir og vilja halda sér á góðum vegi og aðrir vilja bæta lífsgæði sín þótt þeir hafi einkenni. Þannig skilgreinum við bata á einstaklingsbundinn hátt. Þetta er mjög fjölbreytilegur hópur með mismunandi bakgrunn og það brýtur niður fordóma að fólk með ólíkan bakgrunn sitji saman í bekk.“

Alls 28 manns voru innritaðir í fyrsta hóp skólans síðastliðið haust og Þorsteinn finnur fyrir þörfinni. Hann og Esther hafa verið að sækja út á við og sótt styrki til þess. Til dæmis hefur Bataskólinn verið með námskeið í fangelsinu á Hólmsheiði fyrir kvenfanga en geðheilbrigðismál fanga hafa einmitt mikið verið til umræðu á undanförunum árum og mikill skortur á sálfræðiaðstoð fyrir þá. Í haust verður meira gert af þessari útrás.

Á skólabekk eftir kulnun í starfi

Þorsteinn er nú í sálfræðinámi við Háskóla Íslands, hefur nýlokið við að skila inn BS-ritgerðinni og á aðeins eftir að klára örfáar einingar. Það var að hluta til fyrir tilviljun að hann valdi fagið en hann er útskrifaður leikari og á að baki langan feril í listum. Að fara inn á þessa braut voru því mikil tíma-mót í lífi hans.

„Ég vissi ekki alveg hvað sálfræði var áður en ég skráði mig í námið en hugsaði með mér að þetta væri eitthvað svipað og ég væri búinn að vera að gera í listinni, að skoða mannlega hegðun.“

Hefur þú sjálfur glímt við andleg veikindi sjálfur?

„Nei, en ég hef upplifað mikla streitu í mínum störfum og var farinn að finna fyrir kulnun á því sviði. Ég þurfti því að taka beygju á mínum ferli og fara í einhverja allt aðra átt.“

Var ekkert skrytið að setjast á skólabekk með öllum krökkunum?

„Jú, það var mjög skrytið,“ segir Þorsteinn með bros á vör. „Til að byrja með voru fleiri öldungar eins og ég en svo dattu þeir út og ég stóð einn eftir með fólki um tvítugt. En krakkarnir tóku mig með inn í verkefnahópa og voru hlýleg við mig.“

Erum að hræða unglíngana okkar

Geðheilbrigðismál hafa verið mikið til umræðu undanfarið tvö eða þrjú ár, sérstaklega í tengslum við þunglyndi og kvíða og hátt hlutfall sjálfsvíga hjá ungum mönnum og drengjum. Þorsteinn segir mikla vakningu vera að eiga sér stað meðal almennings.

„Ég finn að fólk sem ég ræði við hefur almennan áhuga á þessum málum og fordómarnir gagnvart geðsjúkum fara sífellt minnkandi. Margt hér á landi er mjög vel gert en það vantar meira fjármagn. Það er til dæmis ekki í lagi að loka geðdeildum hérna á sumrin. Alls ekki í lagi og við eigum ekki að láta það spyrjast út. Einnig vantar ákveðið framhald fyrir fólk sem veikist alvarlega. Þetta er stórt samfélagslegt mál sem allir verða að taka saman höndum til að laga. Og eins og ég segi þá eru skrytnir hlutir að gerast hjá unga fólkinu.“

Hvað telur þú að sé að gerast þar?

„Fólk hefur verið að kenna samfélagsmiðlunum um en ég held að þetta sé stærra mál. Ef að unglíngarnir okkar eru kvíðnir þá er ástæða fyrir því. Sú ástæða er yfirleitt sú að þeir horfa til framtíð-

“Hann sagði mér ekki að hafa neinar áhyggjur. Þetta væri allt saman fólk sem hefði fengið uppsagnarbréf um morguninn og með þessu hefði verið reynt að létta lundina.“

ar og á þjóðfélagið og hugsu: „Vá! Þetta er eitthvað sem ég á ekki eftir að ráða við.“ Kvíði er alltaf fyrir einhverju og ástæðulaus kvíði er sjaldgæfur. Þegar svona margir eiga í hlut þá er einhver ástæða fyrir þessum kvíða og við fullorðna fólkið erum að gera eitthvað vitlaust. Ég held að við séum að láta þetta þjóðfélag líta erfiðara út en það er í raun. Við erum alltaf að rifast og mikil neikvæðni í gangi. Ofan á það bætist lífsgæðakapphlaupið og samkeppnis- og keppnisandi á öllum stöðum. Allir eru sífellt að mæla það hvort þeir séu nógu góðir fyrir þetta eða hitt í stað þess að fólk fái frið til að melta og vera eins og það er. Við erum að hræða unglíngana okkar.“

Hvað gerum við þá?

„Lausnin er ekkert endilega fólgin í fleiri pillum eða sálfræðitímum, sem er þó vöntun á, heldur að við breytum þjóðfélaginu og gerum þeim lífið aðeins auðveldara. Við sjáum til dæmis mikla kulnun í starfi hjá kennurum og aukinn kvíða hjá unglíngum, hóp- ar sem eyða miklum tíma saman og kannski gæti þar verið samhengi á milli. Það að ungir drengir loki sig af og spili tölvuleiki út í eitt gæti hugsanlega verið afleiðing af vandamálinu en ekki orsökina að hluta til. Við þurfum að byrja á forvörnum og laga aðstæðurnar áður en við byrjum að framleiða geðsjúkdóma. Síðan verðum við að forgangsráða rétt í kerfinu okkar því að það er til nóg af peningum. Fyrir þá sem hugsu aðeins út

frá peningum þá er líka mjög dýrt að leyfa fólki að veikjast, alveg fáránleg bissett-hugmynd.“

Braust út úr feimninni í menntó

Þorsteinn er fæddur í Reykjavík árið 1967 inn í mikla leikarafjölskyldu. Foreldrar hans eru leikararnir Guðmundur Magnússon og Helga Stephensen og móðurafi var Þorsteinn Ö. Stephensen sem hóf sinn leikaraferil á þriðja áratug síðustu aldar. Í sumar útskrifaðist Hlynur, sonur Þorsteins, sem leikari frá Listaháskólanum og er þar af leiðandi fjórði ættliður leikara. Þorsteinn segir að það hafi þó ekki alltaf legið fyrir að hann sjálfur myndi feta þessa slóð, því sem barn langaði hann helst til þess að verða tónlistarmaður og lék á trompet með lúðrasveit.

„Ég var ósköp ljúfur sem barn og skapandi. Svolítið hlédrægur og feiminn sem varð að vandamáli á unglingsárunum. Ég var öruggur og hélt mér til hlés en veit ekki alveg af hverju. Þegar ég fór í Menntaskólann í Reykjavík þá snerist þetta við og ég fór að blómstra. Þá skipti ég um vínahóp til að endurskilgreina mig en það var svo sem ekkert að gömlu vinunum. Ég þurfti að skipta um umhverfi til að landið færi að rísa hjá mér.“

Í MR gekk Þorsteinn í leikfélagið Herranótt og steig fyrst á sviði í leikritinu Húsið á hæðinni - hring eftir hring eftir Sigurð Pálsson. Þá varð ekki aftur snúið. Þorsteinn hlær þegar hann er spurður um hvort það hafi verið vegna þrýstings frá fjölskyldunni.

„Það var enginn þrýstingur, þvert á móti. Ég man eftir kvíðasvipnum á afa þegar ég sagði honum frá þessu. En hann dró samt ekkert úr mér og kom á sýningarnar mínar. Hann hefði ábyggilega þegið það að ég færi frekar í læknafræði eða lögfræði. Þetta er í sjálfu sér erfitt starf og illa borgað.“

Var ekkert erfitt fyrir feiminn strák að stíga á svið?

„Nei,“ segir Þorsteinn hugsu. „Ég var að brjótast út úr feimninni á þessum tíma og síðan hefur feimni ekkert mikið að gera með hvernig fólk stendur sig á sviði.“

Feimið fólk blómstrar oft í leiklist eða uppistandi. Þar eru allt aðrar aðstæður.“

Uppistand fyrir nýrekið fólk

Eftir menntaskólann hélt Þorsteinn í Leiklistarskóla Íslands og síðan í ýmis verkefni á vegum Þjóðleikhússins, Borgarleikhússins og smærri leikhúsa. Að eigin sögn var hann hins vegar ekki beint að slá í gegn. Einnig fór hann að skrifa töluvert og árið 1993 eða 1994 að halda uppistand, sem var þá nánast óþekkt á Íslandi. Orðið uppistand var ekki einu sinni til.

Sem leiklistarskólánemi stefndi Þorsteinn á að verða hádramatískur og alvarlegur leikari en fljótlega komst hann að því að gamanleikurinn ætti betur við hann og í dag er Þorsteinn nær eingöngu þekktur fyrir gamanleik og grín í gegnum ýmsa miðla. Enn kemur Þorsteinn fram af og til sem uppistandari þó að hann leggi ekki sérstaklega mikla áherslu á þann vettvang.

Hafa áhorfendur breyst á þessum aldarfjórðungi?

„Í sjálfu sér ekki en í dag veit fólk út á hvað þetta gengur. Þegar ég var að byrja þá áttu margir erfitt með að skilja hvað uppistand væri. Í dag er orðinn miklu meiri kúltúr fyrir þessu.“

Hefur þú tekið eftir breytingum á því sem leyflegt er að segja?

„Já, fólk er orðið miklu meðvit- aðra um hvað sé móðgandi og á varðbergi gagnvart því. Að sumu leyti er það gott en að öðru leyti takmarkandi. Sérstaklega þegar fólk er að móðgast fyrir hönd annarra, það er bara kjánalegt. Þjóðfélagið hefur breyst mikið á þessum tíma og grínistar verða að þróast með. Það er ekki hægt að vera með sama prógram og sama húmor og fyrir 25 árum.“

Hefur þú móðgað fólk?

„Já, guð!“ segir Þorsteinn og slær sér á lær. „Stundum þannig að ég sé eftir því en stundum þannig að ég sé ekkert eftir því. Uppistandarar eru í mikilli hættu af því að þeir eru í svo nánun sam- tali við áhorfendur. Með reynslunni hef ég lært að svara fólki og gert þá góðlátlegt grín að því. ▶

GRAFÍSK HÖNNUN



Lógó
bréfsefni
bæklingar
myndskreytingar
merkingar ofl.

Sundaborg 1
104 Reykjavík
777 2700
xprent@xprent.is

Í hvernig ásigkomulagi er fólkið sem leitast til ykkar?

„Flestir sem koma inn í skólann til okkar eru þeir sem hafa reynslu



Þegar ég var að byrja svaraði ég oft á harkalegan hátt og lenti þá jafnvel á einhverjum sem ekki gat tekið því. Síðan lærði ég að beina þessu að til dæmis yfirmönnum eða einhverjum sem ég sé að hefur húnur.

Þorsteinn segir að hann sjálfur sem grínisti hafi þróast með árunum og hans húnur hafi færst nær raunverulegum smekk. Á fyrstu árunum var hann mikið að apa

eftir öðrum og flytja efni í stíl sem hann hélt að fólk vildi heyra.

En hefur þú lent í því að enginn hlær?

„Já, síðast fyrir um það bil tuttugu árum. Það er hrikalega óþægilegt en kemur fyrir alla. Ungir grínistar kenna sjálfum sér um en það geta margar mismunandi ástæður verið fyrir þessu, stemningin og annað. Ég man til dæmis eftir einu atviki þar sem ég

var pantaður upp á Höfða til að skemmta starfsfólki eftir vinnu. Þegar ég kom voru ekki nema um tíu manns þarna, sitjandi í sófa með krosslagðar hendur. Það kunni enginn að meta atriðið og enginn hló. Ég fór niðurlátur til forstjórans og baðst afsökunar á því að hafa klikkað svona á sýningunni. En hann sagði mér að hafa ekki neinar áhyggjur. Þetta væri allt saman fólk sem

hefði fengið uppsagnarbréf um morguninn og með þessu hefði verið reynt að léttu lundina.“

Uppistand er langt frá því það eina sem Þorsteinn hefur tekið sér fyrir hendur. Hann hefur verið dagskrárgerðarmaður í sjónvarpi og útvarpi, með leikna þætti og viðtalsþætti. Skrifað bækur, teiknimyndasögur og margt, margt fleira. Hann segir að í rauninni skipti miðillinn sjálfur ekki máli.

Er listin hark?

„Já, það er alveg hægt að segja það. Þetta er illa borgað og möguleikarnir þegar ég var að byrja voru mun færri en núna. Þetta var mjög stressandi og engin hálaunastörf í boði. Nýútskrifaðir namar biðu eftir símtali frá Þjóðleikhúsinu og Borgarleikhúsinu og voru búnir að ákveða að finna sér nýjan starfsvettvang ef það kæmi ekki. Í dag eru möguleikarnir fjölbreyttari. Til dæmis er elsti sonur minn, sem er nýútskrifaður, ekki að hugsa á þessum nótum heldur um alls konar verkefni sem hann ætlar að taka sér fyrir hendur.“

Eins og að vera í vinsælli hljómsveit

Þorsteinn skaut upp á stjörnuhimininn þegar hann kom inn í Fóstbræðra-hópinn árið 1998 og tók þátt í annarri seríu sem sýnd var á Stöð 2. Fjórar seríur fylgdu í kjölfarið og varð efnið nær góðsagnakennt og enn þá vitnað í það við ýmis tækifæri. Þorsteinn minnst þessa tíma með bros á vör.

„Þetta voru skemmtileg ár og sérstök. Svolítið eins og að vera í vinsælli hljómsveit. Fólk hafði miklar skoðanir á Fóstbræðrum, bæði jákvæðar og neikvæðar, og þetta hafði svolítið sess í þjóðfélaginu. Svo er dálítið sérstakt að þeir sem settu sig upp á móti Fóstbræðrum þegar þættirnir voru sýndir eru mestu addáendurnir í dag. Margir þurftu tíma til að skilja

Það er til dæmis ekki í lagi að loka geðdeildum hérna á sumrin. Alls ekki í lagi og við eigum ekki að láta það spyrjast út.

þættina því að þetta var nýtt og öðruvísi á þessum tíma.“

Þorsteinn þekkti Jón Gnarr áður því þeir voru bekkjarbræður í Réttarholtsskóla og Fossvogsskóla. En það var Helga Braga sem dró hann inn í hópinn, upphaflega til að skrifa. Fóstbræðraþættirnir voru skrifaðir í tveggja manna teyminum, Jón Gnarr og Sigurjón Kjartansson, Hilmir Snær Guðnason og Benedikt Erlingsson og síðar Helga Braga og Þorsteinn.

„Ég reyndi að koma þarna inn af hógværd því að í hópnum var fólk sem var búíð að gera það mjög gott með fyrstu seríunni. Ég tók að mér stuðningshlutverk en reyndi að gera þau skemmtileg en svo snerist þetta ekki um aðalleikara og aukaleikara. Það var ekki keppni á milli okkar heldur snerist allt um að láta sketsana ganga upp og hitta í mark. Við tókum þetta mjög alvarlega og lögðum svaklega vinnu í þetta. Skrifuðum alltaf tvöfalt meira en við tókum upp.“

Þannig að það er til efni í fleiri seríur?

„Já, já, ég á efni í þrjár eða fjórar seríur til viðbótar. En ég held að þetta hafi verið alveg mátulegt og við höfum hætt á réttum tíma. Eftir þetta dró ég mig út úr svona sketsavinnu og ég held að það hafi verið rétt ákvörðun. Ég vildi að þetta fengi að lifa og ég færi að gera eitthvað annað.“ ■

ERTU AÐ FARA Í FLUG?

ÞJÓNUSTUM ÞIG OG ÞÍNA Í MAT OG DRYKK



Hafnargata 19a Keflavík / S. 421 4601

Hafnarfjörður

29. júní 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgbór Sverrisson / agustb@dv.is





Hurðir og gluggar í hálfra öld


Gluggar og hurðir eru okkar ær og kýr, við erum ekki í innréttingum heldur sérhæfum okkur í þessu. Einhvern veginn hefur þetta þróast þannig að við vinnum mest fyrir einstaklinga og algengustu verkefni eru hurða- og gluggasmíði í einbýlishúsi eða lítil fjölbýlishúsi," segir Jónas Sigurðsson, eigandi SB Glugga- og hurðasmíðju. Starfsemi byggir á afar traustum grunni en fyrirtækið stofnaði faðir Jónasar, Sigurður Bjarnason, árið 1974, og starfaði Jónas í fjölskyldufyrirtækinu frá unga aldri en keypti fyrirtækið af föður sínum árið 1991.

„Við erum mikið í að smíða mjög vandaðar og dýrar hurðir þar sem fólk vill fá öðruvísi útlit og leggja mikið í anddyri hússins. Fjölbreytnin hefur aukist mikið í þessum efnum," segir Jónas en fyrirtæki hans leggur áherslu á sérsmíði og gæði.

Gluggar og hurðir láta mikið á sjá með tímanum í íslenski veðráttu og raunar hvar sem er í heiminum en SB Glugga- og hurðasmíðja leggur þunga áherslu á vönduð efni og traust vinnubrögð í þessum efnum.

„Regn og vindur slítur gluggum og hurðum en langverst er samt sólin. Með tímanum eyðileggja útfjólubláir geislar timbur, járn og hvað sem er. Það er nefnilega ekki til neitt sem er viðhaldsfritt og það fer mjög í taugarnar á mér að sjá yfirlýsingar um slíkt í auglýsingum," segir Jónas en fyrirtæki hans smíðar glugga og hurðir ávallt með langtímaendingu í huga:

„Þetta er allt hágæðavara sem við framleiðum. Við erum ekki að eltast



við þetta ódýrasta og sem dæmi erum við eingöngu með ryðfriar lamir á hurðum og svo framvegis. Við keyrum á gæðum en ekki á lægsta verðinu og til lengri tíma er það alltaf hagstæðast fyrir kaupandann."

Starfsmenn hjá SB Glugga- og hurðasmíðju eru um tíu talsins og það er ávallt nóg að gera. Það gefur hins vegar auga leið að verkefni stórukast á vorin og sumrin. Fyrir þá sem þurfa að endurnýja útihurðir eða glugga á næstunni hlýtur SB Glugga-

og hurðasmíðja að vera áhuga-verður kostur, eða eins og Jónas segir: „Það hlýtur að segja sitt að maður hafi unnið í sama faginu í yfir 40 ár."

SB Glugga- og hurðasmíðja er til húsa að Hvaleyrarbraut 39, Hafnarfirði. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 565-4151 og heimasíða er sbgluggar.is.





VON MATHÚS:

Best geymda leyndarmálið í Hafnarfirði (þó víðar væri leitað)


Einstaklingur eins og ég sem býr, starfar og nýtur sín í póstnúmerum 101, 5 og 8, þar sem veitingastaðir eru á hverju strái og svo margir að maður nær aldrei að fara hringinn og prófa þá alla, telur sig kannski ekki hafa ástæðu til að leita lengra. En þegar vinkona mín bauð mér með sér til Hafnarfjarðar að kíkja á veitingastaðinn VON Mathús og bar þá sló ég að sjálf-sögðu til, enda matur og góður félagskapur alveg frábær samsetning.

Staðurinn lætur ekki mikið yfir sér utan frá, hvítmálað hús með litlu skilti við Strandgötuna í Hafnarfirði og kannski margir bílstjórar sem þjóta um götuna taka ekki eftir honum.

(Þjónninn okkar sagði okkur hins vegar að þegar hlýnaði í veðri sæti fólk úti fram eftir kvöldi og búið væri að stækka útsvæðið til að fleiri gætu setið úti. Það er einmitt frábært útsýni út á sjóinn og höfnina og við ákváðum auðvitað að heimsækja staðinn aftur seinna og sitja þá úti.)

Þegar inn er komið tekur við allt önnur stemning, bjartir og hlýr litir, innréttingar og munir á veggjum og í hillum í anda sjómennskunnar og opið inn í eldhús þannig að hluti gesta getur fylgst með eldamenskunni. Kósi og afslöppuð stemning og alls konar hópar að borða, foreldrar með börn sín, vinkvennahópar og þör.

Þjónarnir voru tveir á vakt, tvær dómur sem voru með allt á hreinu og vissu hvað þær væru að bjóða upp á, svöruðu öllum spurningum, snöggar að afgreiða, glaðværar og skemmtilegar. Sú sem vísaði okkur til sætis bauð okkur kokteil fyrir matinn og benti okkur á að þriðjudag væru



kokteildagar, ef við vildum koma aftur á þeim degi. Við ákváðum að vera ekkert að flækja kvöldið og leyfa henni einfaldlega að ráða, bæði drykk og mat.

Áfengur heilsudrykkur kemur á óvart

VON á krana var kokteillinn sem við fengum; gin, rauðrófusafi, engifer, kardimommur, sýróp og sitróna. Hljómar sérkennilega og fyrir utan ginið óþarflega hollt fyrir kokteil, en kom á óvart. Mjög góður fyrir þá sem drekka sterkt vín og reif alveg vel í bragðlaukana en ekki of mikið samt.

Íslensk matargerð

Matseðillinn samanstendur af íslensku hráefni, sumt, eins og fiskurinn, sem kemur beint úr næsta húsi, Hafinu sem er við höfnina. Þjónninn sagði okkur líka að matseðillinn tæki breytingum eftir árstíðum og því er hægt að koma aftur og aftur og upplifa og prófa eitthvað nýtt.

Það skal tekið fram að þegar litið er yfir matseðilinn þá er margt þar sem fyrir gikki litur skringilega út, eins og til dæmis rauðrófan, sem var einn af forréttunum og kom fyrst á borðið ásamt keilu „ceviche“. Við vinkonurnar erum báðar af kynslóð sem var alin upp á soðinni ýsu með kartöflum og sósu og höfum hvorugar haft mikla hæfileika til að elda flóknari fiskrétti en það. Við ákváðum hins vegar eftir forréttinn að það yrði að verða breyting á því.

Rauðrófan var með furuhnetum, rósmarin, fennikku og toppkáli og keilan með piparrót, sýrdum rjóma, agúrkum og sólblómafræjum. Hér kom líka aðeins mismunandi smekkur í ljós, vinkonan kláraði rauðrófuna upp til agna og ég keiluna, og ég er grínlaust búin að hugsa um hana síðan. Og er alltaf að biða eftir að einhver stingi upp á að fara út að borða, svo ég geti stungið upp á Von.



RAFGEYMASALAN:

Þekkt fyrir góða þjónustu

Rafgeymar og rafhlöður hafa lengi verið útbreidd og nauðsynleg tæki í nútíma-samfélagi en notkun þeirra fer sífellt vaxandi með sífellt aukinni rafvæðingu. En fólk þarf ekki bara á góðum rafgeymum og rafhlöðum að halda heldur líka ráðgjöf og þjónustu því fæstir hafa mikla þekkingu á rafbúnaði. Rafgeymasalan er einn helsti söluaðili rafgeyma á Íslandi en fyrirtækið er þekkt fyrir góða þjónustu á þessu sviði:

„Langmikilvægasti þátturinn í okkar starfsemi er þjónustan. Það er afar mikilvægt að mæla geyma og kanna hvort ekki sé í lagi með þá. Ef fólk er í vafa um hvort rafgeymirinn sé í lagi þá mælum við hann fyrir það,” segir Sigfús Tómasson hjá Rafgeymasólunni.

Fyrirtækið veitir einnig viðtækari þjónustu en sífellt vaxandi þáttur í starfseminni er varaafþjónusta fyrir fyrirtæki og stofnanir. „Löntölvur sem stýra stórum kerfum þurfa að hafa varaafli. Við förum líka út á örkina og mælum geyma fyrir fyrirtæki og stofnanir,” segir Sigfús.

Langstærsti viðskiptavinahópur Rafgeymasölnunnar er þó almenn-ingur, til dæmis bíleigendur sem fá hina rómuðu Varta-rafgeyma í bilana sína. Annað þekkt merki í rafgeymum sem Rafgeymasalan býður upp á eru Trojan-rafgeymar fyrir vinnulyftur og önnur vinnutæki.

Við flytjum líka töluvert inn af sérsmíðuðum rafgeymum fyrir fornbíla og svo erum við mjög stórir í rafgeymum fyrir mótorhjól,” segir Sigfús.

En rafgeymar koma miklu víðar við sögu enda fer rafmagnsnotkun sífellt vaxandi. Rafgeymasalan er með rafgeyma fyrir öryggskerfi, tölvu-varaafli



og hjólastóla, sem og golfkerrur og golfbíla. Áður nefndir Trojan-rafgeymar eru notaðir í golfbíla. Einnig sér fyrirtækið eigendum hjólhýsa og fellihýsa fyrir sólarrafhlöðum og rafgeymum.

Rafgeymasalan er til húsa að Dalshrauni 17 í Hafnarfirði. Opíð er virka daga frá kl. 8 til 18. Símanúmer er 565 4060.





TÆKI.IS:

Rótgróin hafnfirsk tækjaleiga


Tæki.is er gróið fjölskyldufyrirtæki sem á rætur sínar að rekja allt til ársins 1982, en þá stofnaði Þorsteinn Auðunn Pétursson fyrirtækið Körfulaþjónustuna, körfulaleigu sem hann átti og rak um árabil eða allt til ársins 2004 þegar ákveðið var að fara meira út í lyftubrannann og Tæki.is var stofnað. Tæki.is sérhæfir sig í tækjaleigu til fyrirtækja og einstaklinga. „Við erum mjög stoltir af flotanum okkar sem samanstendur af ýmsum gerðum af vinnulyftum, minni jarðvinnuvélum, lyfturum o.fl. Til okkar leita bæði almennir borgarar og fyrirtæki sem við leggjum ríka áherslu á að þjóna vel,“ segir Örvar Þorsteins-son, einn sona Þorsteins.

„Hjá okkur starfar þéttur hópur af úrvals góðu starfsfólki sem setur sér það að markmiði að veita

flotta og góða þjónustu. Við erum átta manna samhentur hópur sem höldum starfsemiinni í fullum gangi,“ segir Örvar.

„Við eigum mjög stóran hóp af traustum og góðum viðskiptavinum sem okkur er annst um og við kappkostum að veita þeim öllum góða þjónustu. Það er afar mikið að gera á þessum tíma árs og síminn stoppar ekki þessa dagana, en við leitumst við að leysa öll stærri sem smærri verk og með nýju og bættu kerfi höfum við náð að nýta tækin mun betur og þar af leiðandi veita enn betri þjónustu.“

JLG vinnulyftur eru á meðal



fremstu lyftuframleiðenda í heimi og eru það tæki sem Tæki.is nota helst á sinni leigu. „Einnig erum við með Manitou vinnulyftur og erum nýlega búnir að fá nýja gerð af þeim, Manitou 280TJ, sem eru spjótlyftur með 28 m vinnuhæð og 350 kg burðagetu í körfu, en þær hafa komið mjög vel út og verið mjög vinsælar,“ segir Örvar.

Verkefnið eru mjög fjölbreytt og mismunandi hjá Tæki.is : „Þetta er allt frá því að skipta um

ljósaperu í ljósastaur og upp í að mála 15 hæða blokkir en við náum 43 m vinnuhæð með stærstu lyftunum okkar,“ segir Örvar.

Tækjafloki fyrirtækisins er stór og fylgir því mikil vinna að viðhalda honum. „Við eru með yfir 200 tæki á skrá og rekum eigið verkstæði. Við flytjum flestar okkar vélar og varahluti sjálfir inn, en erum einnig í góðu samstarfi við nokkra innlenda birgja. Flotinn er blanda af notuðu og nýju, við erum búnir að vera að endurnýja töluvert og komu um 40 ný tæki á síðasta ári og hafa þó nokkur verið að bætast við frá áramótum,“ segir Örvar.

Upplýsinga- og pöntunarsíminn hjá Tæki.is er 5653344 en fyrirtækið er til húsa að Nordurhelli 5, Hafnarfirði.



FRÍMANN OG HÁLFDÁN – ÚTFARARÞJÓNUSTA HAFNARFJARÐAR:

Af nærgætni og alúð

Frimann & Hálfán – Útfararþjónusta er eina útfararþjónustan sem er með starfsaðstöðu í Hafnarfirði. Frimann & Hálfán – Útfararþjónusta veitir syrgjendum þjónustu sem einkennist af virðingu og nærgætni og byggist á mikilli reynslu og þekkingu á mannlegum samskiptum. Þjónustan er jafnframt heildstæð og viðtæk og veittar eru m.a. greinargóðar upplýsingar um kostnað. Saga fyrirtækisins nær aftur til ársins 2002 er Hálfán Hálfánarson og Ólöf Helgadóttir stofnuðu Útfararþjónustu Hafnarfjarðar, en frá árinu 1996 hafa Hálfán og Ólöf rekið Fjölsmið líkkistuvinnustofu.

Árið 2015 bættist Frimann Andr-ésson í hópinn og breyttist þá nafnið í Frimann & Hálfán – Útfararþjónusta Hafnarfjarðar

Á vandaðri heimasíðu fyrirtækisins, uth.is, er að finna greinargóðar upplýsingar um þjónustu og verð.

Þjónustan sem í boði er getur tekið til fjölmargra þátta:

- Flytja hinn látna í líkhús
- Aðstoða við val á kistu, rúmfötum og líkklaðum
- Útvega kapellu til kistulagningar
- Útvega kirkju
- Panta organista, söngfólk og hljóðfæraleikara
- Útvega legstað í kirkjugarði
- Panta kistuskreytingar



Hálfán
Hálfánarson



Ólöf
Helgadóttir



Frimann
Andr-ésson

- Aðstoða við val á sálum
- Útbúa sálmaskrá
- Aðstoða við öflun líkbrennsluheimildar
- Útvega duftker
- Útvega kross og skilti á leiði
- Stjórna útför

Á vefsíðu fyrirtækisins eru mjög greinargóðar upplýsingar um alla kostnaðarliði

Cadillac
árgerð
2017



Frimann og Hálfán – Útfararþjónusta er til húsa að Stapahrauni 5, Hafnarfirði. Þar er rúmgóð og hlýlega aðstoða til að taka á móti aðstandendum. Þar eru einnig líkkistuvinnustofa og saumastofa til húsa.

Skrifstofan er opin frá kl. 8 til 17 virka daga, en þjónustan á sér stað allan sólarhringinn, alla daga vikunnar.

Síminn er 565-9775. Netfang: uth@uth.is Heimasíða: www.uth.is



KÆNAN:

Gróinn alþýðustaður í nýjum búningi

Þetta er gamall og gróinn staður hér í Hafnarfirði, staður sem flestir þekkja og hefur verið starfandi frá árinu 1980. Þetta hefur alltaf verið alþýðustaður, hádegisverðarstaður fyrir vinnandi menn, verkamenn og iðnaðarmenn, og maturinn ber keim af því þar sem áherslan er á ekta íslenskan heimilismat," segir Oddsteinn Gíslason, veitingamaður á Kænni, sem staðsett er að Óseyrarbraut 2, við höfnina í Hafnarfirði.

Oddgeir keypti staðinn í nóvember árið 2016 og hefur endurnýjað hann mikið að innan og fríkað upp á útlitið. „Við höfum unnið markvisst að endurbótum á staðnum. Höfum lagað matsalinn heilmikið til, eldhúsið er nýtt og allir innviðir að verða nýir," segir Oddsteinn.

Þrjú matreiðslumeistarar eru á staðnum: Oddsteinn Gíslason, Eiríkur Friðriksson og Jón Ingi Ólafsson. Matseldin einkennist í senn af föstum liðum og tilbreytingu. Meðal vinsælla

rétta eru lambalæri með bernaise-sósu og purusteik á föstudögum og svo er ýsa í raspi ómissandi á mánuðögum.

„Við pössum upp á fjölbreytnina og erum með nýjan matseðil vikulega, auk þess breytum við t.d. reglulega um sósu með lambasteikinni og fleira slíkt. En það eru alltaf fastir liðir á matseðlinum sem ekki má vanta," segir Oddsteinn.

Kænan tekur rúmlega 100 manns í sæti en það er oft þétt setið í hádeginu:

„Við þrisetjum í hádeginu og það er oft röð út úr dyrum," segir Oddsteinn en þetta gengur hratt fyrir sig og mönnum þykir maturinn biðarinnar virði.

Kænan sér um mótuneyti Hafnarfjarðarbæjar og sendir hádegismat í ýmis fyrirtæki sem sum eru í fastri áskrift og önnur í tilfallandi viðskiptum. Þá býður Kænan einnig upp á öflugan veislupjónustu. Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni kaenan.is og á Facebook-síðunni Kænan.

Einnig er gott að senda fyrirspurnir á netfangið steini@kaenan.is eða hafa samband í síma 5651550.



Svíf þú inn í svefninn ...í rúmi frá okkur!



Rúm, springdýnur, sængurver,
púðar, rúmteppi & gjafavara!
...við erum með þetta allt og meira til!



Við vorum að taka upp nýja
sendingu af ilmstrám og
ilmkertum frá Mysenso.



Íslensk
hönnun

RB rúm | Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími: 555 0397

www.rbrum.is | rum@rbrum.is | erum á **facebook**

Opið alla virka daga frá kl. 09.00–18.00, laugardaga 10.00–14.00, sunnudaga lokað




KRYDD ER Í HJARTA HAFNARFJARÐAR:

Humarsalat, grís í kleinu- hring og fleiri snilldarverk

Veitingastaðurinn Krydd var opnaður í lok apríl, í hjarta Hafnarfjarðar, nánar tiltekið í menningarmiðstöðinni Hafnarborg. Þar með rættist gamall draumur sex innfæddra Hafnfirðinga, þriggja para, sem eru þau Hilmar Þór Harðarson og Hulda Heiðrún Óladóttir, Signý Eiríksdóttir og Jón Tryggvason og Geirþrúður Guttormsdóttir og Hafsteinn Hafsteinsson.

„Þetta er staðurinn sem okkur dreymdi alltaf um og þá á ég við að okkur langaði að það væri til svona veitingastaður í Hafnarfirði sem við gætum sótt,“ segir Hilmar Þór Harðarson sem gegnir stöðu framkvæmdastjóra og yfirkokks á Kryddi. En hvernig staður er þá Krydd? Karakterinn lýsir sér meðal annars í rýminu og innréttingunum sem taka mið af heimi hafnarinnar og sjósóknar.

„Í upphafi vorum við fyrst og fremst spennt fyrir plássinu, loft-hæðin er mikil og það eru stórir, flottir gluggar. Við sáum þarna líka möguleika á að nýta bryggjutimbur sem er ráðandi þema á barnum og ganginum,“ segir Hilmar en hönnuðir staðarins eru þau Geirþrúður Gutt-




ormsdóttir, Jón Tryggvason og Signý Eiríksdóttir.

Frumleiki og bragðlaukagælur í matargerðinni

Krydd er með breiðan matseðil þar sem áhersla er á gæði, frábært bragð, gott hráefni og frumleika. Í hádeginu er boðið upp á nokkur salöt sem henta frábærlega vinnandi fólki í dagsins önn, þar á meðal humarsalat.

„Einn rétturinn er rifinn grís með



BBQ, borinn fram í kleinuhring og hefur sá réttur heldur betur farið á flug,“ segir Hilmar.

Af öðrum vinsælum réttum má nefna Hafnarborgarann, nautarif og

margt fleira. Oft er skipt um matseðil og um að gera að fylgjast með á kryddveitingahus.is.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni <http://www.kryddveitingahus.is/>. Þar er líka hægt að ganga frá pöntun á borði. Hilmar mælir með þeirri leið en hún er þó ekkert skilyrði. „Við visum engum frá og ef það er ekki laust borð er fint að biða hérna á huggulegu sófasvæðinu og fá sér fordrykk á meðan beðið er.“

Hafnfirðingar og fjölmargir aðrir eiga góðar stundir í vændum á Krydd veitingahúsi.

Suðurfirðir

29. júní 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgþór Sverrisson / agustb@dv.is



DJÚPAVOGSHREPPUR:

Þar sem lögd er áhersla á að rækta samfélagið og hæglætishreyfingin er höfð í heiðri

Íbúar Djúpavogshrepps leggja áherslu á hæglæti og þau tækifæri sem í þeirri stefnu felast, en hreppurinn hefur verið aðili að Cittaslow-hreyfingunni frá því árið 2013.

„Djúpavogur er eina bæjarfélagið á Íslandi sem er í þessari hreyfingu og hún er afsprengi hæglætishreyfingarinnar sem má rekja til ársins 1986,” segir Greta Mjöll Samúelsdóttir, atvinnu- og menningarmála-fulltrúi, sem flutti til Djúpavogs árið 2015 með mann og unga dóttur. „Síðan höfum við eignast annað barn og búum hér í miklum rólegheitum og sveitasælu. Cittaslow-hreyfingin stendur fyrir alþjóðlegt samfélag bæjar- og sveitarfélaga sem leggja áherslu á að bæta lífsgæði íbúa með því að efla sérstöðu, fjölbreytni og virðingu. Sérstaklega er reynt að bjóða upp á hreint, öruggt umhverfi, auk þess að efla staðbundin einkenni og menningu.“

Það var blaðamaðurinn Carlo Petrini, upphafsmaður Slow Food-hreyfingarinnar, sem mótmælti því að opna ætti McDonalds við Spænsku tröppurnar í Róm og sagan segir að það hafi orðið til þess að hann stofnaði Slow Food, en þannig ótengt Cittaslow.

Það var bæjarstjóri í litlum bæ í Tuscany-héraði á Ítalíu sem fannst hraði og hnattvæðing of mikil og fékk þá hugmynd að reyna að sporna við þeirri þróun. Hann fékk í lið með sér fleiri bæjarstjóra á Ítalíu og saman stofnuðu þeir Cittaslow. Hreyfingin hefur skýra samsvörun við áherslur Slow Food sem var stofnuð af Carlo

Petrini en hans hugmyndafræði gengur út á að alla fæðu eigi að meðhöndla af virðingu, hana eigi að rækta, matreiða og njóta með hægd. Hugmyndir Cittaslow verða til á þessum grunni en eru viðtækari og krefjast útfærslu sem nær til allra þátta stjórnsýslunnar, líkt og kemur fram í meistaraverkefni Þorbjargar Sandholt, varaoddvita Djúpavogshrepps, um Cittaslow-hreyfinguna.

„1999 var svo Cittaslow stofnað í sinni nútímamynd en samtökin vinna að því að upphefja manneskjuleg gildi og staðbundna menningu með virðingu og vitund fyrir umhverfinu og uppruna í öndvegi og á undanförunum árum hefur hæglætishugmyndafræðinni vaxið ásmegin og verið heimfærð á fjölmörg svið samfélagsins, svo sem hæglætislífsstíll (slow living), ferðamáti (slow travel), tíska (slow fashion), matargerð (slow food) og hönnun (slow design).“

Þar sem hreppurinn er Cittaslow tekur allt samfélagið á Djúpavogi þátt í hreyfingunni. „Allir innviðir samfélagsins eru með í því að hægja aðeins á sér, horfa inn á við og lifa í núinu. Leggja áherslu á umhverfismál og nýta það sem til er, sem dæmi má taka þegar jóla- og páskaföndur er í skólunum, að nota það sem til er og endurnýta, en ekki að kaupa allt nýtt. Sumir halda að þeir þurfi að breyta heilmiklu til að vera með í hreyfingunni, en það er misskilningur. Áherslan er á að nýta það sem til er, vera hlýtt og gestrisið og leggja áherslu á góð gildi og taka vel á móti gestum. Þetta gefur okkur kost á að leggja enn frekar áherslu á samheldni



okkar.“

Sem dæmi má nefna myndband til heiðurs íslenska landsliðinu sem íbúar gerðu nýlega, þar sem Húh-ið var tekið í tanki við Djúpavog. „Það er nákvæmlega þetta sem við gerum, fólk gerir hluti saman og er til í það. Þetta er það sem við viljum að fólk sjái þegar það heimsækir okkur. Hér er lagt upp með að rækta samfélagið frekar en bílastæði, svo dæmi sé tekið. Þótt við séum fámenn þá eru margir að gera alls konar skemmtilega og merkilega hluti.“

„Bræðslan okkar er endurnýtt húsnæði, þar verður samtímalistasýningin Rúllandi snjóbolti haldin í sumar, í vetur var starfræktur þar nýttjarmarkaður sem foreldrafélag grunnskólans sá um og stofnaði. Húsið var upphaflega bræðsla en er endurnýtt í annað í dag og er gott dæmi um stefnu okkar.“

Fyrirtækin í bænum temja sér líka stefnuna. Á veitingastöðum í hreppnum er matur úr héraði, í stað þess að bjóða frekar upp á mat sem

keyptur er annars staðar frá. „Matur er framleiddur hér í Berufirði og þá er hann í boði í búðinni og sama er með veitingastaði hér.“

Grunnskólinn er eini Cittaslow-skólinn á landinu og með þeim fyrstu í Evrópu. Börnin læra gildi hreyfingarinnar frá upphafi, „eins og til dæmis þá hendir ekkert þeirra skyrdós í ruslið. Svona eins og maður hendir ekki kókdós út um gluggann á þjóðveginum,” segir Greta Mjöll.

Með því að gerast aðili að Cittaslow-hreyfingunni skuldbindur bæjarfélag/sveitarfélag sig til að vinna að 72 viðmiðum sem sett eru fram í eftirfarandi sex flokkum: umhverfismál, innviðir samfélagsins, gæði umhverfis, gestrisni, vitundarvakning og verndun og hvatning til handa staðbundinni framleiðslu og afurðum.

Sem dæmi má nefna er að lögd er áhersla á gæði umhverfis, að byggingarefni sé umhverfisvænt, umhverfi og byggingarefni séu umhverfisvæn. Setja skal fram áætlun um plöntun gróðurs á almenningssvæðum og einkagörðum, tryggja skal að ruslafötur, sem falla vel að umhverfi, séu fyrir hendi sem og áætlanir um hávaðastjórnun og litaval utanhúss.

Við viljum minna stress í líf okkar og drífa okkur rólega,” segir Greta Mjöll. „Við lítum á sérstöðu okkar sem styrk og leggjum áherslu á mannaud, náttúruna og menningarmínjar.“

Á heimasíðu Djúpavogshrepps, djupavogur.is, má kynna sér nánar hæglætisstefnuna, hvað í henni felst og hvernig Djúpavogur markar sér sérstöðu með þátttöku í hreyfingunni.



BREKKAN:

Þar sem fortíð, nútíð og framtíð nærast

Búðarferð til Fáskrúðsfjarðar fyrir 13 árum síðan, þar sem nauðsynjar gleymdust og fara þurfti aðra ferð, leiddi til þess að Ásta Snædís Guðmundsdóttir fékk þá hugmynd að opna búð í heimabænum Stöðvarfirði.

Hún, ásamt Rósmarý Dröfn Sólmundardóttur, opnaði Brekkuna þann 1. apríl 2005 þar sem þær eru bara allt, eins og Rósmarý segir.

„Við erum með smá búðarhorn, gjafavörur á efri hæðinni sem við flytjum inn frá Póllandi að mestu, og svo eitthvað frá heildsölum í Reykjavík. Við erum líka með dósamóttöku, þannig að við erum bara allt hér.“

Á Stöðvarfirði var engin búð í rekstri frá október 2004 til 1. apríl 2005 þegar þær opnuðu. „Við fórum saman að versla á Fáskrúðsfjörð,

helstu nauðsynjar sem vantaði á mitt heimili var brauð og á heimili Ástu mjólk. Við keyptum heilan helling báðar. Ég kom ekki heim með brauðið þannig að ég þurfti aftur á Fáskrúðsfjörð og það eru 27 km austur, sem sagt aðra leiðina.“

Þá kom Ásta með þá hugmynd að opna búð, því ekki gengi að engin búð væri í heimabænum, þar sem í dag búa um 190 manns.

„Við erum með matseðil í boði, þar sem boðið er upp á hamborgara, samlokur, fisk, pasta, kjúklingasalát, við erum með grill. Á föstudags- og laugardagskvöldum yfir sumarið erum



við með pitsur (bara á föstudögum yfir veturinn),“ segir Rósmarý.

„Ef það eru verktakar að vinna á svæðinu láta þeir vita af sér og borða hjá okkur hádegismat, þá erum við með mat í hádeginu og eldum ríflega ef aðrir gestir koma inn líka. Annars eldum við bara samkvæmt matseðli.“

„Á kvöldin erum við með sjómenn í mat, til dæmis stráka á bátum frá Grindavík og Hafnarfirði sem gera út héðan. Hér er fornleifauppröftur í gangi núna og þau eru í hádegismat hjá okkur líka. Við segjum stundum að við séum með fortíð, nútíð og framtíð í mat: fornleifafræðingana sem eru

að finna fortíðina, það er verið að leggja ljósleiðara sem er framtíðin og sjómennirnir, þeir eru nútíðin okkar,” segir Rósmarý.

„Við erum líka með hraðposa í stað hraðbanka fyrir Landsbankann, þar sem enginn banki er á staðnum. Svo seljum við frimerki og fyrir jólin er Pósturinn með aðstöðu til að taka á móti þökkum hjá okkur.“

Það er kjörið fyrir alla sem eiga leið um Stöðvarfjörð að stoppa við hjá þeim stöllum á Brekkunni og njóta ljúffengs matar á leiðinni um þjóðveginn.

Brekkan er á Fjarðarbraut 44, Stöðvarfirði. Síminn er 475-8939 og netfangið astroseh@simnet.is. Brekkan er á Facebook. Afgreiðslutími er kl. 9.30–21.00.

SAXA GUESTHOUSE & CAFE:

Góður áningarstaður á Stöðvarfirði

Saxa er merkur og frægur sjávargoshver úti fyrir ströndum Stöðvarfjarðar sem gýs gjarnan í hvassviðri og vekur mikla aðdáun ferðamanna. Í höfuðið á þessari náttúruperlu er gisti- og veitingastaðurinn Saxa Guesthouse & cafe skirður.

Eigendur Saxa eru Ævar Ármannsson og Helena Hannesdóttir en á gistiheimilinu eru 16 herbergi og 31 rúm. Meirihluti gesta eru erlendir ferðamenn en staðurinn hentar líka vel til gistingar fyrir íslenska ferðamenn á ferðinni um landið í sumar. Hægt er að bóka gistingu einfaldlega með því að hringja í 5113055 eða með tölvupósti á netfangið saxa@saxa.is.

Saxa fær prýðilega dóma hjá notendum bókunarsíðunnar Booking.com og meðaleinkunnina 8,7.

Veitingastaðurinn á Saxa er fullkominn áningarstaður fyrir svanga ferðalanga á leið um Suðausturland. Veitingastaðurinn er opinn alla daga vikunnar frá 11 á morgnana til 20 á kvöldin og gildir þessi tími út sumarmánuðina. Þungamiðjan er hádegisverður og kvöldverður en það er líka gott að fá



sér síðdegishressingu, til dæmis kaffi og kökur eða rúgbrauð með laxi.

Þrjú aðalréttir eru á matseðlinum: Ofnbakaður þorskur, plokkskur og lambakótelettur. Nokkrir smærri réttir eru líka á matseðlinum, til dæmis



kjúklinganaggar.

Veitingastaðurinn tekur rúmlega 30 manns í sæti en auk þess er veitingasvæði utandyra sem er vinsælt þegar vel viðrar. Veitingastaðurinn er allvinsæll meðal ferðamanna sem eiga leið um héraðið.

Saxa Guesthouse & cafe er staðsett á Fjarðarbraut 41, Stöðvarfirði. Nánari upplýsingar um Saxa Guesthouse er að finna á booking.com og á Facebook-síðunni Saxa Guesthouse & Café.

BELJANDI BRUGGHÚS:

„Eftirspurnin hefur verið vonum frammar“

Á þjóðhátíðardaginn árið 2017 opnuðu Elís Pétur og Daði brugghúsið Beljanda á Breiðdalsvík. Í brugghúsinu fer fram hágæða bjórframleiðsla ásamt því að státa af einum skemmtilegasta bar landsins þar sem heimamenn og gestir geta smakkað framleiðsluna í þægilegu umhverfi.

„Elís og Daði, sem báðir ólust upp á Breiðdalsvík, fengu hugmyndina að brugghúsinu hvor í sínu lagi. Félagarnir hittust í Breiðdalnum sumaríð 2015 og eftir stuttar umræður var slegið til og ráðist í framkvæmdir við gamla sláturhúsið á staðnum. Beljandi Brugghús var síðan opnað þann 17. júní í fyrra með feikna miklu partíi,“ segir Elís Pétur. Brugghúsið hefur því slitið barnsskónum og eftirspurn hefur verið meiri en eigendurnir bjuggust við.

Beljandi sérhæfir sig í framleiðslu á bjór á kútum og er bjórinn í boði á flestum börum Austurlands ásamt völdum stöðum í Reykjavík.

„Við erum með fjórar tegundir núna, en höfum bruggað nokkra fleiri. Á ársafmælinu kom LLK, sem er léttur ljúfur og kátur sumarbjór með limebragði. Beljandi er léttur pale ale, auðdrekkanlegur og skemmtilegur,



Spaði er IPA sem er mjög vinsæll og útlendingar elska hann og svo er Skuggi, sem er porter bjór. Við erum stöðugt að þróa uppskriftir en fyrst

og fremst er að hafa gaman af þessu og skapa skemmtilega stemningu á Breiðdalsvík.“

Boðið er upp á bjórkynningar þar



sem fræðst er um brugghúsið og afurðir smakkaðar. „Stærri hópar panta með fyrirvara, en aðrir bara koma inn,“ segir Elís Pétur. Á staðnum er einnig pool-borð og í boði að koma inn með veitingar frá Kaupfjlaginu á Breiðdalsvík sem er í næsta húsi.

Beljandi er að Sólvöllum 23a, Breiðdalsvík. Síminn er 860-9905 og netfangið er beljandibrugghus@gmail.com. Opnunartími er kl. 11 til miðnættis alla daga og stundum lengur um helgar.

Beljandi er á Facebook: Beljandi Brugghús.

KAUPFJELAGIÐ:

Ef það fæst ekki í Kaupfjlaginu þá þarftu það ekki

Á Breiðdalsvík reka Helga Rake Arnardóttir og Elís Pétur Elisson Kaupfjlagið, litla fallega matvöruverslun, þá einu í bæjarfélaginu, og kaffihús með „fish and chips“ og fleiri veitingum.

„Við keyptum reksturinn og verslunarhúsið fyrir ári síðan,“ segir Helga, sem er ættuð frá Hvammstanga, en Elís er frá Breiðdalsvík. Verslunin er sett upp á gamaldags máta og má þar finna mikið af munum úr sögu kaupfélagsreksturs á Breiðdalsvík.

Eins er að finna söguágríp af uppbyggingu staðarins, gamlar myndir og skjöl sem gaman er að grúska í með kaffinu.

Hjá Kaupfjlaginu er gott úrval af mat- og gjafavöru og á grillinu er boðið upp á hamburgara, paninibrauð, pulled pork, bökur og „local fish and chips,“ en fiskurinn kemur frá útgerð sem Helga og Elís reka einnig á staðnum. Pitsuofninn er alltaf í gangi á föstudögum og laugardögum og ýmsum fleiri tyllidögum.

Kaupfjlagið þjónar mikilvægum tilgangi sem verslun og kaffihús, bæði fyrir heimamenn en ekki síður fyrir gesti sem sækja Breiðdalsvík heim, en í bænum búa um 140 manns. Á sumrin er staðurinn vel sóttur af ferðamönnum, bæði innlendum og erlendum. „Iðnaðarmenn og sjómenn



koma mikið til okkar í hádeginu í mat og í pitsu um helgar. Það eru mjög margir heimamenn sem koma hér á hverjum degi, sumir oft á dag, og fá sér kaffi og sitja lengi og spjalla. Maður hittir alltaf alla í Kaupfjlaginu,“

segir Helga. „Svo gildir það sama hér og annars staðar: „Ef það fæst ekki í Kaupfjlaginu, þá þarftu það ekki.“

Kaupfjlagið er að Sólvöllum 25, Breiðdalsvík. Síminn er 475-6670 og netfangið er kaupfjlagid@gmail.com

Afgreiðslutími sumars er 10–20 alla daga nema sunnudaga en þá er opið til 17. Afgreiðslutími vetrar er kl. 11–17 alla daga.

Kaupfjlagið er á Facebook: Kaupfjlagid Verzlun – Kaffihús.

HAMAR HÓTEL OG KAFFIHÚS:

Ljúffengar veitingar í töfrandi umhverfi

Í um 700 metra fjarlægð frá Breiðdalsvík stendur gullfallegt bjálkahús undir fjallshlíðum en þar er rekið veitingahús og gistiheimili undir heitinu Hamar Hótel og kaffihús. Þýsk hjón byggðu húsið fyrir allmörgum árum og leituðu áður lengi að fallegum stað undir það áður en jörðin Þverhamar varð fyrir valinu. Staðurinn þykir einstaklega fallegur og útsýni frá þessum punkti stórfenglegt.

„Þetta hét áður Kaffi Margrét og ég ákvað að breyta um nafn þegar ég tók við rekstrinum síðasta sumar. Húsið stendur á jörðinni Þverhamri og afi minn og ég sjálf bjuggum í húsi í þorpinu sem heitir Hamar. Enn fremur ólst amma mín upp á Hamri í Hamarsfirði. Þannig að þegar til átti að taka þá kom eiginlega ekki annað nafn til greina,“ segir Auður Hermannsdóttir, eigandi staðarins.

Hamar býður upp á afar fjölbreyttar og góðar veitingar og gætir þess að sinna ekki bara ferðafólki heldur líka heimamönnum. Er því opið allan ársins hring og oft eru ýmsar upptökur yfir vetrartímann. Yfir sumartímann er síðan opið alla daga vikunnar frá kl. 11 til 21.

„Þetta er heimilislegur staður í þægilegu umhverfi en samt kappkostum við að bjóða upp á fjölbreyttar veitingar og hér er matseðill í gildi allan daginn. Við bjóðum upp á súpur, fisk og kjöt, auk vinsælla skyndibita á borð við hamburgara og pitsur. Þess utan erum við með fullan kökukæli af heimagerðum tertum, erum með vöflur og ísrétti,“ segir Auður.

Fiskurinn kemur spriklandi ferskur úr sjónum í kring. Grillaðar lambalærisneiðar mælast líka vel fyrir og pitsurnar eru eldbakadaðar. „Fiskur dagsins er mjög vinsæll hjá okkur, gjarnan er það þorskur eða rauðspretta. Erlendu ferðamennirnir sækja líka mikið í lambalærisneiðarnar,“ segir Auður.

„Hamburgarinn okkar“ er einstakur

Pitsur og hamburgarar eru sívinsælir réttir og Hamar er með fjölbreyttan pitsumatseðil. „Pitsubotnarnir okkar eru úr súrdeigi, deigið er gert ferskt á hverjum degi á staðnum. Í pitsurnar reynum við að nota einungis besta hráefni sem í boði er hverju sinni og er sósan okkar gerð úr San Marzano tómötum og örliðlu íslensku sjávarsalti. Þá býður staðurinn upp á tvær gerðir af hamburgurum, hefðbundinn ostborgara og svo „Hamburgarinn okkar“ sem er afar veglegur og girnilegur. „Með honum er beikonsulta sem við vinnum frá grunni, með balsamik-ediki og alls konar gúmmelaði,“ segir Auður.

Hamar er með vinveitingaleyfi og hægt að fá sér bjór eða léttvín með



matnum. Fullkomin espresso-vél er á staðnum og aðeins gæðakaffi og te í boði.

„Á sunnudögum erum við með bröns-seðil frá klukkan 11–16. Yfir vetrartímann er kaffihlaðborð fyrsta laugardag í hverjum mánuði þar

sem við fyllum eitt borð af heimagerðum kræsingum, sætum og ósætum, og fólk getur borðað eins og það vill. Svo höfum við verið að taka á móti hópum, stórum og smáum, í hádegisverð, kaffi og kvöldverð,“ segir Auður.

Gisting á efri hæðinni

Bjálkahúsið er um 300 fermetrar og á neðri hæðinni er veitingasalur sem

tekur 50 manns. Á efri hæðinni er gisting fyrir 10 manns í fimm herbergjum. Þrjú þeirra eru með svölum og þaðan er frábært útsýni, sérstaklega í góðu veðri – ekki spillir fyrir að afar vel hefur viðráð á svæðinu í sumar og allt stefnir í að framhald verði þar á.

Gistingu má panta í síma 846 55747. Sjá nánar á Facebook-síðunni Hamar – Hótel kaffihús.



STEINASAFN PETRU

Einstakt safn náttúruunn- andans Petru Sveinsdóttur

Á Stöðvarfirði við Þjóðveg 1 er eitt af áhuga-verðari söfnum landsins, Steinasafn Petru, sem er einkasafn byggt upp af ástríðu Ljósbjargar Mariu Petru Sveinsdóttur. Petra lést 10. janúar 2012, en fjögur börn hennar tóku við rekstri safnsins og halda arfleifð móður sinnar við.

„Við erum steinasafn með fullt af náttúruminum líka, uppstoppaða fugla, blómagarð og fleira úr náttúrunni. Safnið er nánast eins og hún skildi við það. Húsið sem Petra byggði og bjó í alla ævi ásamt manni og börnum er hér á sama stað og upprunalegt.

Petra var kona sem hafði gaman af náttúrunni, að safna steinum, og fór til fjalla sem ung kona og þótti stórskrýtin fyrir vikið, að fara þangað með þrjú börn og nesti í poka í stað þess að vera heima að elda eða baka. Petra safnaði öllu og því er ýmislegt fleira á safninu en steinarnir.


Systkinin reka einnig lítið kaffihús á staðnum, en það var opnað fyrir þremur árum. „Þetta er lítið og heimilislegt kaffihús þar sem er hægt að fá súpu og brauð, sætt og ósætt bakkelsi. Það er garðskáli sem fólk getur setið í og borðað. Og síðan garðurinn þar sem hægt er að sitja þegar gott er veður.“

Mikið af erlendum ferðamönnum sækja safnið heim, bæði hópar og einstaklingar. Skólhópar koma líka í



heimsóknir, sem og Íslendingar. Steinasafn Petru er að Fjarðarbraut 21, Stöðvarfirði. Síminn er 475-8834. Safnið er opið 1. maí–15. október frá kl. 9–18 og kaffihúsið frá kl. 10–17.

Heimasíða er steinapetra.is og safnið er einnig á Facebook.





HÓTEL BLÁFELL:

Besti plokki fiskur á landinu?

Pað er eitthvað sérstakt við plokki fiskinn á Hótel Bláfelli og af mörgum vinsælum réttum er þetta langvinsælasti réttur staðarins og hefur alltaf verið. „Fastakúnnar margir – til dæmis atvinnubilstjórar sem koma hingað á hálfsmánaðar-fresti – segja að þetta sé besta plokki fiskur landsins. Ég fullyrði ekkert um það, það er víða í boði góður matur, en þetta er það sem menn segja,” segir Friðrik Árnason, eigandi Hótel Bláfells.

Hótel Bláfell er staðsett á Sólvöllum 14 á Breiðdalsvík og er klárlega einn helsti veitingastaðurinn á Austurlandi.

„Í hádeginu keyrum við mikið á gömlum íslenskum heimilismat, íslensku kjötsúpu og plokki fiski,” segir Friðrik. Í heildina liggur áherslan helst á ferskum fiski og lambakjöti. „Fiskurinn kemur úr sjónum hérna í kring og lambakjötið frá nærliggjandi sveitabæjum,” segir Friðrik og matargestir kunna vel að

meta að fá þessar afurðir beint frá býli. Friðrik segir að erlendir ferðamenn sæki meira í fiskinn en hjá Íslendingum séu hamborgarar sívinsælir en Bláfell býður upp á rómaða hamborgara.

Ekki erfitt eða dýrt að fá gistingu Hótel Bláfell hefur verið í samfelldum rekstri frá árinu 1983, eða 35 ár, og er Friðrik fjórði eigandinn. Hann keypti staðinn fyrir tíu árum. Margt hefur



breyst á þeim tíma, t.d. hefur orðið mikil fjölgun erlendra ferðamanna.

„Aðallega hefur annatíminn lengst, hann nær núna yfir 5–6 mánuði í stað tveggja til þriggja mánaða áður. Hins vegar er sú breyting að verða í ár að það er ekki allt lengur uppbók-að á gististöðum úti á landi á sumrin og verðið er ekki hátt lengur. Sífelldar fréttir um okur snúast oft um hátt verð á vatnsflösku eða kökusneiði í einhverri sjoppu. Veruleikinn núna er


hins vegar sá að það er ekki dýrt að gista á innlendum hótélum á sumrin og það eru laus pláss,” segir Friðrik.

Hótel Bláfell er með um 90 gistirými í 37 herbergjum og leigir því til viðbótar út tvær íbúðir sem henta til dæmis vel fyrir fjölskyldur. Það er óþarfi fyrir þá sem vilja ferðast um Austurland í sumar að vera með fellihýsi í eftirdragi því það er víða laus gisting á viðráðanlegu verði – til dæmis á Hótel Bláfell.

Veislusalur fyrir 350 manns

Til hliðar við rekstur hótelsins og veitingastaðarins er Friðrik með öflugan veislupjónustu í gamla frystihúsinu á staðnum og veislusalurinn þar rúmar 350 manns. Sjá nánar á Facebook-síðunni Frystihúsið. – Sjá nánar um Hótel Bláfell á Facebook-síðunni Hótel Bláfell. Einnig er hægt að fá nánari upplýsingar og bóka gistingu í síma 475 6770.

VIÐ VOGINN:



Eitthvað fyrir alla

Dýrlegt útsýni er frá veitingastaðnum Við Voginn á Djúpa-vogi en þaðan horfir maður yfir höfnina og út á Berufjörð. Ekki spillir fyrir að veðrið hefur leikið við heimamenn undanfarnar vikur og margir gestir veitingastaðarins nýta sér því útsvæðið sem staðurinn býður upp á en þar geta um 20 manns setið og snætt, á meðan salurinn inni tekur 80 manns.

Við Voginn er mjög liflegur og vinsæll veitingastaður sem býður upp á fjölbreyttan matseðil. Maturinn er þantaður við afgreiðsluborðið og starfsfólk kemur síðan með hann á borðið til gestanna.

„Fiskurinn er langvinsælastur hjá okkur og „fish and chips“ rennur ljúflega niður í gestina,” segir Rán Freysdóttir, eigandi staðarins. Við Voginn er opinn frá 9 á morgnana til 9 á kvöldin og býður upp á morgunverð, hádegismat og kvöldmat. Ávallt er mikið að gera í hádeginu og vinnandi fólk á svæðinu nýtir sér óspart hádegismatseðlinum lágmark tvisvar í viku. Svo eru það réttir eins og bjúgu, kótelettur, snitsel, mínútusteik, stundum jafnvel lifur. Það er alltaf eitthvað nýtt í hádeginu og fjölbreytnin mikil,” segir Rán.

„Við erum alltaf með gamlan klassískan heimilismat í hádeginu, þennan mat sem þú færð kannski hjá mömmu en er ekki lengur á mörgum heimilum. Til dæmis steiktur fiskur í raspi en við erum með fisk á hádegismatseðlinum lágmark tvisvar í viku. Svo eru það réttir eins og bjúgu, kótelettur, snitsel, mínútusteik, stundum jafnvel lifur. Það er alltaf eitthvað nýtt í hádeginu og fjölbreytnin mikil,” segir Rán.

Við Voginn er vinsæll meðal ferðamanna, bæði innlendra og erlendra, enda kjörinn áningarstaður fyrir þá sem eiga leið um Austurland. „Við erum með eitthvað fyrir alla og erum mikill fjölskyldustaður. Við Voginn er líka kaffihús og við erum með al-



veg stórglæsilegt kaffiborð hérna þar sem við bjóðum upp á allt frá vegan-kökum upp í súkkulaðibombur. Við erum með einar níu tegundir

af kökum núna og auk þess klassískt kaffibrauð á borð við ástarpunga, kleinur og hjónabandssælu.”

Við Voginn er með vinveitingaleyfi



og fyrir marga er kjörið að fá sér bjór eða hvitvín með matnum. Fjölbreyttar bjórtegundir eru í boði, meðal annars kraftbjór frá Egilsstöðum og Breiðdalsvík.

Sjá nánar á Facebook-síðunni Við Voginn.

BAKKABÚÐ Á DJÚPAVOGI:



Einstök verslun við höfnina

Flestir ferðamenn gera ráð fyrir því að það sem þeir sjá í einni minjagripabúð sjái þeir líka í þeirri næstu – og oftast en ekki er það raunin. En Bakkabúð á Djúpavogi er skemmtileg og einstök undantekning frá þessari reglu: Hinir fallegu og fjölbreyttu munir sem þar eru til sölu sérð þú hvergi annars staðar.

Uppistaðan í vöruúrvalinu eru gripir sem eigendurnir framleiða sjálfir. „Við rekum líka fyrirtækið Krækiber en þar framleiddum við ýmsa gripir í samvinnu við enskt vína-fólk okkar sem er mikið í ljósmyndun. Þar hönnum við og framleiddum meðal annars silkislæður, bolla, viskastykki, fatnað og fleira,” segir Guðmunda Bára Emilsdóttir, en hún keypti verslunina ásamt fjölskyldu sinni árið 2016. Verslunin var hins vegar stofnuð árið 2010 af Sigrúnu Svavarsdóttur.

„Fyrir utan okkar eigin framleiðslu erum við með handverk frá heimamönnum og keramik frá þeim Bjarna Sigurðssyni og Þórdísi Sigfúsdóttur,” segir Guðmunda, en í allri fjölbreytninni sem einkennir Bakkabúð ber líklega mest á öllu því fuglaúrvali sem gerðir eru úr tré.



„Það er gífurlega mikið fuglalíf í kringum Djúpavog og það endurspeglast í þessu úrvali okkar af íslenskum fuglum. En eitt að aðdráttaröflum Djúpavogs er að koma og skoða vitt úrval fugla,” segir Guðmunda.

Eitt tilbrigði í viðbót við úrvalið í Bakkabúð eru erlendir antikmunir. „Vinafólk okkar sem og við fjölskyld-



an förum á erlenda antikmarkaði nokkrum sinnum á ári og handveljum þá gripir fyrir verslunina. Þessir munir

vekja ekki hvað síst hrifningu hjá erlendum ferðamönnum. Við höfum einnig tekið eftir auknum áhuga Djúpavogsbúa á antik. Það kom mér líka skemmtilega á óvart að karlmenn hafa oft meiri áhuga á antikinu sem mér finnst frábært því núna labba allir ánægðir út,” segir Guðmunda.

Það hefur færst mikið í aukana að erlendir ferðamenn hafi gegnum samskiptamiðla og falist eftir að kaupa vörur sem þeir skoðuðu í búðinni á ferð sinni um landið. Vegna þessa aukna áhuga er nú unnið að því að setja upp netverslun sem stefnt er að að fari í loftið núna um mánaðamótin.

Bakkabúð er til húsa við Bakka 2 á Djúpavogi. Hún er opin virka daga frá kl. 10 til 18. Nánari upplýsingar eru á

Facebook-síðunni Bakkabúð og www.bakkabud.is.

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



KLÓSETT ERU EK

■ DV heimsótti skólphreinsistöðina í Klettagörðum ■ Líklega er blaðamaður ága

Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson
bjartmar@dv.is

Skólphreinsistöðin í Klettagörðum vinnur úr að meðaltali 112 milljón lítrum af skólpi á hverjum sólarhring. Allt þetta magn af skólpi inniheldur ekki bara það sem við erum von að skila af okkur í klósettinn heldur einnig allt sem fer, viljandi eða óviljandi, niður eldhúsvaskinn þinn eða niðurföllin á götunum. Eitt stærsta vandamálið við skólphreinsun landsins nú um stundir eru svonefndir blautklútar sem íbúar landsins sturta niður í tonnatali. Þá hafa sorpkvarnir í eldhúsvöskum verið að ryðja sér til rúms hér á landi á undanförunum árum og það skapar ný vandamál. Kerfið okkar er einfaldlega ekki byggt fyrir mikið magn matarafgangna. Það eykur gifurlega álag á hreinsistöðvar og matarafgangar í lélegum lögnum skapa veisluborð fyrir frekar óvinsæl nagdýr, rottur. DV leit við á hreinsistöðina í Klettagörðum sem Veitur reka til að sjá hvað er að fara meðal annars niður klósett landsmanna. Um þrjú hundruð tonn af úrgangi sem á alls ekki heima í skólpinu okkar er árlega síað út í þessari hreinsistöð.

Það fyrsta sem kemur á óvart er hve snyrtileg hreinsistöðin er. Lyktin er þó alls ekki sú besta og þyrfti ansi mikið af ilmspreyi til að gera lífið bærilegt innandyra. Eftir að blaðamaður hafði klætt sig í búning sem er mögulega hannaður til að lifa af eiturefnaárás eða ragnarök uppvakninga hófst förin um stærstu úrgangsstöð landsins. Það sem kemur fljótt upp í hugann hjá manni er hversu rosalega mikið magn af vatni við notum í okkar daglega lífi, eða heila 270 lítra af vatni á dag á hvert og eitt okkar, og hversu mikið magn af mannlegum úrgangi við erum að dæla í sjóinn. Ferlið byrjar á því að sandgildrur grípa allan sandinn sem er til dæmis notaður við hálfuvarnir á göngustígum.

Fiskurinn Undri

Eftir að sandurinn hefur verið síaður út tekur við það allra versta. Gildra sem er hönnuð til að ná öllu sem á ekki heima í skólplögnum borgarinnar, hvað þá í sjónum okkar. Þessi gildra grípur til dæmis dömubindi, matarafgangna, blautþurrkur og aðra hluti. Blautþurrkurnar eru langstærsta vandamálið, þar sem þær geta stíflað og jafnvel látið risastórar dælnar stöðvast. Ef það er eitt-hvað sem starfsfólki stöðvarinnar finnst leiðinlegt þá er það að þurfa að þrifa að því virðist endalaust magn af þessum vágesti úr pípum og dælum stöðvarinnar. Margt forvitnilegt hefur fundist í þessum gildrum en þar ber hæst gullfiskurinn Undri. Hann er nú lukkadýr skólphreinsistöðvarinnar og hefur verið það undanfarin ár. Einstaklingurinn sem er með samvisku-

bit yfir því að hafa sturtað niður gæludýri barnsins síns, mögulega vegna þess að hann nennti ekki að vera stöðugt að þrifa búið, getur andað léttar. Gullfiskurinn Undri er ekki það eina undarlega sem fundist hefur í þessum gildrum, má þar til dæmis nefna farsíma, kreditkort, ökuskríteini, leikfangabíla og jafnvel gervitennur.

Eftir að vatnið hefur farið í gegnum gildrurnar tvær er kominn tími til að skafa alla fitu af vatninu. Og trúið mér, það er mikið af fitu sem þarf að skafa af. Minnir sá tankur helst á ef Hitler hefði byggt innanhússundlaug í byrginu sínu í Berlín. Þegar því ferli er loksins lokið er „hreina skólpinu“ dælt fimm og hálfan kílómetra fyrir utan strönd Reykjavíkur. Gæti sú staðsetning mögulega verið einn besti staður landsins til veiða ýsu. En við skulum ekkert ræða það. ■

Gullfiskurinn Undri og vinir hans.



„Gullfiskurinn Undri er ekki það eina undarlega sem fundist hefur í þessum gildrum, má þar til dæmis nefna farsíma, kreditkort, ökuskríteini, leikfangabíla og jafnvel gervitennur.“



Páll og Íris starfsmenn Veitna



MIKI RUSLAFFÖTUR


ætlega geymdur þar



EIGUM MARGA
LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR
& UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR



Nánari upplýsingar á
mt.is og í s: 580 4500





BRENNUVARGUR OG N LEK LAUSUM HALA Í S

■ Johnny hafði aldrei komist í kast við lögin ■ Missti fótanna eftir fráfall föður síns

Er fyrirtækið þitt að nota löggiltan pappír ?



Prentun endist í 7, 10 & 15 ár
Eigum allar stærðir á lager



S. 565 2217 - pappir@pappir.is - Kaplahraun 20 - 220 Hanarfjörður

Í sveitarfélaginu Surahammar í Svíþjóð stendur kirkja við lénsveg 252, á milli Hallstahammar og Surahammar. Kirkjustæðið er gamalt en þar hafa ýmsar byggingar tengdar helgihaldi staðið síðan 1200. Kirkjan sem nú stendur á þessum þekktu stað og er í notkun var byggð í lok níttjándu aldar við hlið gömlu kirkjunnar. Síðar var byggt við nýju kirkjuna og líkhús útbúið undir henni. Þar er hægt að geyma nokkur lík í kæli fram að útför eða bálför. Margir verðmætir munir voru í gömlu kirkjunni, þar á meðal stundaglas frá sautjándu öld. Það fékk að vera áfram í kirkjunni eftir að sú nýja var tekin í notkun en það var talið einstakt og með mikið sögulegt gildi. Verðmæti þess var áætlað 120.000 sænskar krónur.

Johnny Svensson var einn starfsmanna kirkjunnar árið 1998. Hann bjó hjá öldruðum foreldrum sínum og var mjög háður þeim. Í ágúst 1998 lést móðir hans og var það Johnny mikið áfall. Þann 11. ágúst var tilkynnt um eld í gömlu kirkjunni. Kirkjan fuðraði upp í næturhúminu og gjöreyðilagðist. Strax lék grunur á að um íkveikju hefði verið að ræða. Mikill elds-matur var í kirkjunni því trébitar í framhlið hennar höfðu verið tjörubornir í gegnum tíðina og því mjög eldfimur. Eldurinn hafði komið upp við syðri langvegg kirkjunnar og ekki var annað að sjá

en eldur hefði komið upp á tveimur stöðum. Meðal þess sem tókst að bjarga úr kirkjunni var fyrgreint stundaglas og gömul biblía. Þessum munum var komið fyrir í nýju kirkjunni.

Sáu bíl ekið frá kirkjunni

Skömmu áður en eldurinn uppgötvaðist óku roskin hjón framhjá staðnum og sáu þá bíl ekið á brott frá bifreiðastæðinu við kirkjuna. Þau gátu ekki lýst bílnum og því tókst ekki að finna hann. Nokkrum mínútum eftir að hjónin voru þarna á ferð fór maður þar um á leið heim frá vinnu. Við einbreiða brú nærri kirkjustæðinu neyddist hann til að stöðva vegna glæfrlegs akstur annars ökumanns yfir brúna. Hann sá hinum ökumanninum bregða snögg fyrir en tók ekki neitt sérstaklega eftir honum. Nokkrum mínútum síðar ók hann framhjá kirkjunni og var þá eldur laus í henni baka til og hafði ekki náð að breiðast út. Þess vegna tók hann ekki eftir eldinum.

Tæknirannsókn leiddi í ljós að kveikt hafði verið í kirkjunni. Margir voru yfirheyrðir vegna málsins en án árangurs. Starfsmenn kirkjunnar voru þar á meðal. Johnny Svensson sagði við yfirheyrslu að nokkrum dögum eftir brunann hefði kona gefið sig á tal við hann í kirkjugarðinum og sagt honum frá dularfullum bíl sem hafði verið á ferð við kirkjuna þetta



ÁRIÐILL SMABÆ

Meðan ekið var með Johnny á lögreglustöðina léttist lund Johnny og hann spjallaði við lögreglumennina sem tóku þá eftir áverkum á honum sem voru athyglisverðir í tengslum við opnu líkkistuna.

kvöld. Johnny sagðist ekki hafa spurt konuna að nafni og vissi ekki hver hún var. Árið 2003 lést faðir Johnny og var það mikið áfall fyrir Johnny sem fannst hann vera að missa alla fótfestu í lífinu. Hann var ekki fær um að halda heimilinu í lagi og drakk sífellt meira áfengi. Hann var mjög einmana.

Grafarfríði raskað

Í byrjun september 2005 kom í ljós að stundaglasíð var horfið úr kirkjunni en það hafði staðið á predikunarstólnum. Það var enginn annar en Johnny Svansson sem hafði uppgötvað hvarfið. Hinn 4. ágúst 2006 var lögreglunni tilkynnt að grafarfríði hefði verið raskað í kirkjugarðinum við nýju kirkjuna. Það fylgdi sögunni að þegar starfsmaður kirkjunnar kom til vinnu um morguninn hafi bíll Johnny Svansson verið þar. Starfsmaðurinn taldi að Johnny hefði mætt snemma til vinnu en sá ekkert til hans fyrr en hálfri klukkustund síðar þegar bíll Johnny var ekið á brott. Starfsmaðurinn fór inn í kirkjuna og sá hvítar skrúfur og trékurl framan við predikunarstólinn. Hann tengdi þetta strax við hvíta líkkistu. Hann fór niður í líkhúsið og á leið þangað sá hann Arbogabjórflösku en sá bjór er 10,2%. Hann vissi að þetta var uppáhaldsbjór Johnny. Þegar hann opnaði dyrnar að kælinum í líkhúsinu sá hann að lok einnar kistunnar var ekki alveg á. Hann var samtundis viss um að eitthvað hræðilegt hefði gerst og fór út. Hann fékk starfsmann útfararstofunnar til að koma á staðinn. Sá skoðaði kistuna og sá strax að eitthvað mikið var að og var þess fullviss að eitthvað mjög svo ógeðfellt og ósæmlegt hefði átt sér stað. Hann sá að líkkæðin voru



ekki eins og þau áttu að vera og fætur líksins voru aðskildir en konulík var í kistunni. Honum datt strax í hug að eitthvað kynferðislegt hefði átt sér stað og var lögreglan látin vita.

Handtaka og óvænt játning

Lögreglan ákvað fljótlega að handtaka Johnny og yfirheyra. Lögreglan taldi þó að hann væri frekar vitni en grunaður í málinu. Johnny hafði aldrei komist í kast við lögin. Lögreglumenn hittu hann heima hjá honum þegar hann kom akandi þangað. Hann var ölvaður og mjög óstyrkur. Meðan ekið var með Johnny á lögreglustöðina léttist lund Johnny og hann spjallaði við lögreglumennina sem tóku þá eftir áverkum á honum sem voru athyglisverðir í tengslum við opnu líkkistuna. Þegar komið var á lögreglustöðina var byrjað á að taka blóðsýni úr Johnny til að ljúka ölvunarakstursmálinu af áður en hann yrði yfirheyrdur.

Hann var spurður út í opnu

Kirkjan fuðraði upp í næturhúminu og gjöreyðilagðist. Strax lék grunur á að um íkveikju hefði verið að ræða.

kistuna en neitaði að vita nokkuð um málið. Hvað varðaði áverkana sagðist hann hafa hlotið þá nóttina áður þegar hann var farþegi í bíl vinar síns sem hafi ekið á dýr. Lýsing hans á atburðarásinni var þannig að ekki var hægt að trúa henni. Þegar rætt var við „vinninn“ kom í ljós að hann kannaðist örlítið við Johnny en hafði aldrei setið í bíl með honum.

Ákveðið var að gera húsleit heima hjá Johnny. Við leitina fannst stundaglasíð góða úr kirkjunni og ýmislegt er benti til að Johnny hefði áhuga á barnaklámi. Einnig fannst myndefni sem sýndi þegar niðst var á látnu fólki. Johnny var úrskurðaður í gæsluvarðhald og þegar hann var yfirheyrdur á nýjan leik viðurkenndi hann að hafa misnotað líkið kynferðislega. Síðar kom í ljós að frásögn hans passaði vel við sönnunargögn málsins, þar á meðal DNA-sýni. Þetta er eina málið sem vitað er um í Svíþjóð þar sem upp hefur komist um náriðil. Johnny viðurkenndi einnig að hafa kveikt í húsi í Ramnäs og kirkjunni í Surahammar. Lögregluna grunar einnig að Johnny hafi kveikt í mun fleiri húsum en það vildi hann ekki játa.

Johnny var dæmdur til vistunar á réttargeðdeild á grundvelli geðrannsóknar en hann þjáðist af íkveikjuþörf að mati geðlækna. ■



GRUNDFOS

ÍSLEIFUR
JÓNSSON

Straumhvörf í neysluvatnsdælum



Grundfos Scala 3-45

Álagsstýrð, heldur jöfnum þrýstingi og hljóðlát. Dregur vatn allt að 8 metra Innbyggð þurrkeysrluvörn Afkastar 8 aftöppunar stöðvum

Dragháls 14-16 | Sími 412 1200
110 Reykjavík | www.isleifur.is

GÓÐ ÞJÓNU



**SVO ALLT
GANGI
SMURT**



KÍKTU Í KEMI OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!







STA Í 20 ÁR



kemi

Tunguhálsi 10 • www.kemi.is

Helgarkrossgátan

				ský	skítugar	stæðuna	fuglinn	
		5						
	einblína							
	reifar							
	freðna							
	tuggan							
				elska vermir				
	skass						fuglana	
	nafnbót skáld		8			til	2	
krossgátugerð: Bjarni sími, 845 2510		fuglinn	Teikning: Hallór Andri eftirprentun bónnuð	álasa	ær æstar			
bullið							2 eins táldrag	
2 eins			mataðist 2 eins		rulla			
utan				vefnaður pen		lagður	3 eftirliti	
ílát					raggeit elgur			
gönuhlaup			ös fótmál			kúgaðir	hljómana	
staur				hlussa	stuð			
		mana skryðast				garmur	nögl	
elska				sálm	7	brunagrjót egnda	1	
		6	reykir þraut				snið 4 eins	
púka				brella kvakar		kona bolmagníð		
	tíu vitund				dýrahljóð hast		áverkinn dynur	
nef						3 eins	fugl	
		blót	niðrar				2 eins	
fanga			kvenfugl				fram	
kámar					formaða			

1	2	3	4	5	6	7	8
---	---	---	---	---	---	---	---

Sudoku

Auðveld

		9	2					3
5	8				4		9	
			7	8		5		
3	2						7	8
4	1	5						
7			9	1	2		4	
8							2	3
	2		4	6		8		
		3						1

Erfið

3	6		2				1
			8			6	7
4				1			
			1	6	3		7
				2			1
		9					3
			2	5	6		
9				4			
1	5		3				

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...


Þorfinnur Finnsson

Ástúni 2

200 Kópavogi

Lausnarorðið var **GILITRUTT**

Þorfinnur hlýtur að launum bókina Konan í Glugganum eftir A.J.Finn



Verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins eru bókin **Kapítóla**

Kapítóla

Höfundur: Emma D.E.N. Southworth

Skapstyggi karlfauskurinn Ira Warfield – Fellibylur – fer að leita að horfðu stúlkubarni sem er erfingi mikilla auðæfa – og finnur frakka og klára götustelpu í New York.

Hann tekur hana með sér heim í Fellibyljahöll og reynir að ala hana upp sem hefðar-dömu – með æði misjöfnum árangri. En kjarkmikli fjörkálfurinn Kapítóla heillar alla upp úr skónum, hvort sem það er þjónustufólkið, lögregluþyriföld, yngismaðurinn Herbert Grayson eða ræningjaforinginn ógurlegi, sjálfur svarti Donald ...


E.D.E.N. Southworth (1819–1899) var vinsælasti skáldsagnahöfundur Ameríku á sínum tíma og skrifði yfir sextíu sögur, margar um sjálfstæðar og uppreisnargjarnar stúlkur. Kapítóla, eða Upp koma svik um síðir kom fyrst út 1859 og naut frá upphafi gífurlegra vinsælda. Íslendingar kynntust Kapítólu fyrst sem framhaldssögu í Heimskringlu 1896–1897 í þýðingu Eggerts Jóhannssonar og síðan hefur hún komið út mörgum sinnum hér á landi.

2018 árgerðir Hobby húsbílar og hjólhýsi



- 495UL Excellent - 3.580.000 kr.
- 495UL Premium - 3.990.000 kr.
- 540UL Excellent - 3.970.000 kr.
- 540UFe Excellent - 3.990.000 kr.
- 560UL PREMIUM - 4.380.000 kr.
- 560LU Excellent - 3.890.000 kr.
- 560Kmfe DeLuxe Edition - 3.950.000 kr.
- 650Kmfe DeLuxe Edition - 4.300.000 kr

Verð skráð og með virðisaukaskatti. Athugið að verð eru með mikið af aukabúnaði. Öll með rafgeymakerfi.



Optima Premium T 65 FL
Verð 10.990.000 með vsk



Optima Premium T 70 F
Verð 11.850.000 með vsk


Nýir 2018 árgerðir með mikið af aukabúnaði: 16" álfelgur, Hjólagrind, Markisa, blindgardinur, Loftkæling, bakkmyndavél, leiðsögukerfi og margt fleira. Einnig hægt að fá dráttarkúlu. Hef einnig fleiri gerðir til afgreiðslu fljótt.

B1 innflutningur bíla og hjólhýsa / boas@b1.is / Miðvangur 1-3, Egilsstöðum / Upplýsingar gefur Bóas Eðvaldsson í síma 777 5007



Sætoppur ehf. • Lónsbraut 6 • 220 Hafnarfirði • Sími 551 7170 • www.saetoppur.is

Tímarvélín



Þórður J. Thóroddsen

læknir

er heimkomin og er til viðtals fyrir sjúklunga daglega kl. 1—3 e. m.
Hann tekur og að sjer, ef þess er óskað, að veita konum
sársaukalausar fæðingu.

**Gamla
auglýsingin**

Vísir 27. mars 1912



Klósett- pappírs- sölumenn í fangelsi

Um miðjan febrúarmánuð árið 1990 héldu tveir ungir menn af stað í leiðangur á sendibíl til að selja klósettappír fyrir íþróttafélag á höfuðborgarsvæðinu. Ferðin endaði hins vegar í fangelsisklefa á Eskifirði.

Mennirnir tveir sögðust ætla að selja pappírinn, um fjögur þúsund rúllur, á höfuðborgarsvæðinu en héldu engu að síður austur á firði og á leiðinni þangað fengu þeir sér sitt lítið af hassi.

Þegar þeir komu austur á Breiðdalsvík brutust þeir inn í vélaverkstæði og stálu verkfærum. Síðan brutust þeir inn í kaupfélagið á staðnum og tóku myndbandstökutæki, sælgæti og fleira.

Sama dag voru þeir handteknir í Neskaupstað og færðir í fangaklefa. Rúllurnar voru þá allar óseldar.



Vínarbörnin sem aldrei komu til Íslands

Þegar Sovétmenn sendu herlið sitt inn í Ungverjaland árið 1956 tóku Íslendingar við 52 flóttamönnum. Síðan þá höfum við tekið við samtals yfir 500 flóttamönnum á vegum Sameinuðu þjóðanna frá hrjáðum svæðum heimsins. Þessi saga hefði getað byrjað miklu fyrr því að árið 1920 stóð til að Íslendingar tækju við 100 austurrískum flóttabörnum sem sultu heilu hungri á götum Vínarborgar.

Fyrri heimsstyrjöldin riðlaði alþjóðastjórnmalunum og einn stór leikandi, Austurríki-Ungverjaland,

var tekinn út þegar ríkið leystist upp í mörg smærri og stór svæði voru innlimuð af nágrönnum. Ein af meginástæðum fyrir þessu var bæði upprisa þjóðerniskenndar á fjölþjóðlegu svæði og ekki síður getuleysi stjórnvalda í Vín til að fæða borgarana í stríðinu. Hið nýja Austurríki var smáriki og ákaflega illa státt í þokkabót þar sem gengið hríðféll. Hungursneyð brast á í höfuðborginni Vín og börnin fóru verst út úr henni.

Um einn fjórði af öllum börnum voru vannærð og mæður eyddu heilu og hálfu dögnum í biðröð

um eftir matvælum, sem oft voru seld rándýru verði á svörtum markaði. Sumarið 1918 braust út svokallað kartöflustríð milli kvenna, barna og uppgjafarhermanna annars vegar og bænda í nágrenni við Vín hins vegar. Heimurinn frétti af angist Vínarbarnanna og Íslendingar buðust til að hjálpa.

Prófessor Bang biður um aðstoð

Hinn 18. nóvember árið 1919 barst íslenska stjórnarráðinu skeyti frá Jóni Magnússyni forsætisráðherra, sem staddur var í Kaupmannahöfn. Í skeytinu stóð:

„Prófessor Bang frá Austurríki hefur komið til mín af hendi ríkisstjórnar og sveitarstjórnar í Vín með beiðni um að Íslendingar, eins og aðrar hlutlausar þjóðir, tækju börn frá Vín, allt að 100, til þess að forða þeim frá hungurdauða.“

Málið var tekið fyrir tveimur dögum síðar í bæjarstjórn Reykjavíkur og vel tekið í þá tillögu um að taka við flóttabörnunum. Var strax samþykkt að fela Knúti Zimsen borgarstjóra að skipa nefnd í samvinnu við landstjórn til að skipuleggja komu barnanna. Í kjölfarið



**BETRI
SVEFNI**



Dyraverðir á Broadway með handjárn

Í desember árið 1984 greindi DV frá því að dyraverðir á skemmtistaðnum Broadway væru með handjárn á sér til að yfirbuga ofurólvi menn með dólglæti.

Guðmundur Gunnlaugsson, aðstoðaryfirvörður staðarins, sagði þetta þó langt í frá einsdæmi í samtali við DV. Á reykviskum skemmtistöðum væru sennilega um tuttugu handjárn í notkun og lögreglan vissi af þeim

þar sem hún væri von að skella sínum handjárnnum fyrir ofan eða neðan. Annað ráð dyravardanna væri að líma saman þumalfinger olátaseggja með óslítandi límbandi.

„Við megum ekki taka menn hálstaki og alls ekki snúa upp á hendurnar á þeim. Hvað er ætlast til að við gerum þegar menn í vígahug ganga berserksgang fyrir framan augun á okkur?“

var skipuð nýu manna nefnd sem Knútur sat sjálfur í ásamt Thor Jensen kaupmanni, Ingibjörgu Bjarnason skólastjóra og fleirum. Þann 22. nóvember gaf sú nefnd út viljayfirlýsingu um að ganga í málið og bjarga börnunum 100 og eftirfarandi áskorun:

„Eru Reykvíkingar og aðrir nærsveitarmenn, þeir, er það kærleiksverk vilja vinna, að taka að sjer eitt eða fleiri af þessum munaðarlausu börnum, beðnir að gefa sig fram nú þegar við einhverjum af oss og ekki seinna en 27. þessa mánaðar. Þeir, sem vilja taka barn, segi til hvort þeir óski að fá dreng eða stúlku og hve gamalt, svo og hvort þeir óski að taka barnið fyrir fullt og allt, eða um tíma, og þá hve lengi.“

Þá var einnig skorað á almenn- ing að skjóta saman fé fyrir farar- kostnaði barnanna, fatnaði og öðrum útgjöldum við flutning þeirra til landsins.

Vildu eignast börnin fyrir fullt og allt

Landsmenn brugðust fljótt við áskoruninni og um viku síðar voru komin boð um að taka við alls 150 börnum, flestum á aldrinum þriggja til átta ára. Skilyrði voru sett um að börnin væru ekki hafa neina „næma“ sjúkdóma, svo sem berkla eða sárasótt eða fatlanir. Fjáröflunin gekk sémilega og þann 6. desember var búið að skjóta saman um ellefu þúsund krónum. En þá fréttist að börnin sem hingað áttu að koma væru flest á aldrinum tíu til fjórtán ára og ættu þau að snúa aftur til síns heima eftir tveggja ára dvöl á Íslandi. Reyndust þetta nokkur vonbrigði því að flestir vildu taka við yngri börnum og ættleiða þau fyrir fullt og allt.

Áleit nefndin því að erfiðara væri að koma börnunum fyrir. Hér kynnu fæstir þýska tungu og lengri tíma tæki að kenna svo gömlum börnum íslensku. Austurrísk stjórnvöld mátu það hins vegar svo að börnin væru svo veikluð af sulti að þau yngstu myndu jafnvel ekki lifa sjóferðina af.

EKKI voru allir jafn hrifnir af því að Íslendingar væru að taka við og styrkja erlend flóttabörn. Í Alpýðu- blaðið var skrifað:



Flóttabörn fá mat í Wallensteinstrasse í Vín

„Það hefur komið til orða að taka hingað austurrísk börn, til þess að forða þeim frá hungurdauða, og er það óneitanlega fallegur hugsunarháttur; en geta þegar hins íslenska ríkis gert það með góðri samvizku, vitandi ungdóm síns eigin heimalands á glötunarbarmi.“

Í blaðið Austurland var skrifað: „Ilt er til þess að vita, að neyðarópin skuli þurfa að fara mörg hundruð mílna veg, eftir símþráðum, til þess að þau nái til hjartanna.“

Börnum hnuplað af járnbrautarstöð

Í janúar árið 1920 voru 400 börn komin til Danmerkur og fleiri á leiðinni en hluti af þeim átti að sigla til Íslands. Danskir fósturforeldrar stóðu á brautarstöðinni með nafnspöld en þegar búið var að skipta öllum börnunum stóðu sumir væntanlegir foreldrar eftir með tómar hendur. Höfðu þá óprúttir aðilar hnuplað mörgum börnunum af járnbrautarstöðinni en skiluðu þeim síðan aftur. Í blaðinu Fram segir:

„Þeir höfðu ekki staðist freistinguna þegar þeir sáu þessi fallegu börn. Og báðu áaflátan-

lega, að fá að halda þeim áfram.“

Börnin fengu matarböggla við komuna á járnbrautarstöðina en sum þeirra höfðu fallið í ómegin á leiðinni vegna hungurs. Þau voru einnig mörg í annarlegu andlegu ástandi vegna viðskilnaðarins við foreldrana heima í Vín sem ekki gátu brauðfætt þau. Danskur læknir fylgdi börnunum og sagði það hafa verið erfitt að horfa upp á sjálfsafneitun foreldranna.

Áætlað var að 50 austurrísk börn kæmu með skipinu Gullfossi um miðjan janúarmánuð og önnur 50 tveimur vikum síðar. Íslenska nefndin hafði sent skeyti til Vínar og fengið staðfestingu til baka. En síðan gerðist ekkert.

„Trúarbragðalegar tálmanir“

Austurrísk yfirvöld drógu það að senda börn til Íslands og kenndu meðal annars berklum um. Loks kom skeyti til Íslands þann 21. maí árið 1920 frá stjórnarráðsskrifstofunni í Kaupmannahöfn:

„Austurrísk nefnd, sett til að koma fyrir nauðlídandi börnum, skýrir frá, að trúarbragðalegar og aðrar tálmanir séu því til fyrir- stöðu, að ungum austurrískum börnum verði komið fyrir á Íslandi

til stöðugrar dvalar eins og hugsað hefir verið.“

Var málið þá látið niður falla og allir sem höfðu boðist til að taka við barni leystir frá sínum skyldum. Kristján Jónsson, dómstjóri og formaður íslensku nefndarinnar, varð fyrir vonbrigðum en samskiptaörd- ugleikar varðandi skilyrði íslenskra fósturforeldra virðist hafa átt sinn þátt í að ekkert varð úr flutningum. Fór Kristján fram á það við Jón Sveinbjörnsson, hjá stjórnar- skrifstofunni í Kaupmannahöfn, að hann færi til Vínar og kæmi þeim peningum sem Íslendingar hefðu safnað til Vínarbarnanna.

Mál Vínarbarnanna var nokkuð til umræðu í dagblöðunum og fannst mörgum Íslendingar hafa verið gabbadír og að nefndin hefði ekki staðið í stykkinu. Austurríkismenn hefðu tekið skilyrðunum um „næma“ sjúkdóma sem skilyrðum fyrir því að börnin yrðu að vera algerlega gallalaus. Haustið 1920 var enn mikil neyð í Vín og eins og segir í Vísí þá vildu austurrískar mæður enn þá senda börn sín hingað til lands. En samskipta- leysi virðist hafa valdið því að engin flóttabörn komu til landsins. ■



Edrú náttfata- partí hjá Hrönn

Ungtemplarafélagið Hrönn var mjög virkt félagslegt afl á sjö- unda og áttunda áratug síðustu aldar og kom að margvísleg- um samkomum, til að mynda árlegu náttfatapartíi í Templ- arahöllinni.

Blaðamenn Tímans litu við föstudagskvöldið 3. nóvember árið 1973 þar sem mikið stuð var og flestir í röndóttum eða köflóttum náttfötum. Skottís, dömufrí, polki og nýmóðins dansar sáust þar en einungis gos og sælgæti á barnum.

Höskuldur Frímansson formaður var klæddur í gam- aldags náttserk. Hann sagði að flestir félagarnir væru á aldrinum 16 til 25 ára og að nándin væri svo mikil í hópnum að 10 hjónabönd Hrannara hefðu orðið að veruleika á einu ári. Það varð að teljast sérstak- lega mikið í ljósi þess að aðeins tæplega 200 manns voru í fé- lagiinu.



Deilt um erlent hundasæði

Sumarið 1994 klofnaði Hundaræktarfélag Íslands og félagið Fjári var stofn- að af þeim sem ræktuðu ís- lenska fjárhundinn. Að miklu leyti snerist deilan um ólíka sýn fólks á erfðamengi þess kyns.

Guðrún Guðjohnsen, formaður Hundaræktarfélagsins, sagði í viðtali við DV 7. júlí að íslenski fjárhundurinn væri orðinn of létt- byggður og smár. Flytja þyrfti inn erlent sæði til að styrkja stofninn.

Jóhanna Harðardóttir, formaður Fjára, benti hins vegar á að mikil fjölbreytni væri í kyninu og hundarnir af öllum stærðum og gerðum. Eina áhyggjuefnið væri að skottið væri farið að lafa svö- lítið.

„Við verðum að vernda ein- kenni íslenska hundsins, sem eru meðal annars hringuð rófa og sperrt eyru, auk þess að vera blíð- ur og barngóður,“ sagði Jóhanna við DV.

TUDOR

ER FERÐAVAGNINN RAFMAGNSLAUS?

Frístundarafgeymar í miklu úrvali, AGM þurr rafgeymar eða lokaðir sýrurafgeymar.

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12
577 1515 / skorri.is




DRUKKIÐ ÚR HÖFUÐ- KÚPUM

Höfuðkúpur voru notaðar sem drykkjarlát af Bretum til forna. Elstu þekktu höfuðkúpukrúsirnar eru um 14.700 ára gamlar. Þær fundust í Gough's Cave. Þær eru af tveimur fullorðnum og einu barni.

Það hljómar skelfilega að drykkjarlát hafi verið gerð úr höfuðkúpum en þetta er eitthvað sem tíðkastist víða um heim fyrr á öldum en var þó sjaldgæft og fáar höfuðkúpur í gervi drykkjarlata hafa fundist.

Bresku höfuðkúpurnar eru því ótrúlega merkilega út frá sjónarhóli sögunnar. Þær bera þess merki að hafa verið hreinsaðar af kostgæfni skömmu eftir að fólkið lést. Síðan voru andlitsbeinin fjarlægð sem og botn höfuðkúpunnar.



20.000 manns l

■ Snjóflóðið kom í kjölfar jarðskjálfta sem var 7,9 á Richter-kvarða

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Klukkan 15.23 þann 31. maí 1970 varð gríðarlega öflugur jarðskjálfti undan ströndum Perú en styrkur hans mældist 7,9. Skjálftinn hefur verið nefndur The 1970 Ancash earthquake (Ancash-jarðskjálftinn 1970). Hann fannst í borginni Chiclayo í norðurhluta Perú og allt til höfuðborgarinnar Lima í rúmlega 650 km fjarlægð. Gríðarlegt tjón varð í skjálftanum og þá sérstaklega í strandbæjum nærri upp-takasvæði skjálftans og í Santa River-dalnum. Það jók á eyðilegginguna að byggingatæknin var víða ekki upp á marga fiska og mörg hús höfðu verið reist á óstöðugu undirlagi. Tugir þúsunda manna létust og slösuðust þegar hús hrundu. Skjálftinn varði í um 45 sekúndur. Áhrifasvæði skjálftans var um 83.000 ferkílómetrar en það er stærra en Holland og Belgía til samans. Skjálftinn fannst einnig í mið- og vesturhluta Brasilíu og í Ekvador. Lítils háttar tjón varð þar en ekkert í líkingu við það sem varð í Perú.

Gríðarlegt tjón varð á innviðum og efnahagslegt tjón var metið á rúmlega hálfan milljarð bandaríkjadollara. Borgir, bæir, þorp, heimili fólks, fyrirtæki, opinberar byggingar, skólar, raflagnir, vatnsveitur, fráveitur og ýmislegt annað skemmdist mikið eða eyðilagðist í skjálftanum. Í Chimbote, Carhuaz og Recuay eyðilögð-



ust allt að 90 prósent bygginga en um þrjár milljónir manna bjuggu þar. Björgunarstarf var

erfitt og gekk seinlega þar sem vegir skemmdust víða og voru ófærir.

Enn meiri hörmungar
Í kjölfar skjálftans féll gríðarlega stórt snjóflóð úr hæsta fjalli Perú,

Hamingja í hverri skeið

Hádegisboð breytilegt eftir dögum

Sægreifinn
geirsgötu 8 / s. 553 1500



750.000 létust

750.000 þúsund manns létust í bandarísku borgarastyrjöldinni á þeim fjórum árum sem hún stóð yfir en það var frá 1861 til 1865.

Allt fram á þessa öld var talið að 618.000 manns hefðu fallið í stríðinu en nýjar rannsóknir sýna að fjöldinn var vanmetinn. Allt að 850.000 segja sumir en 750.000 er sú tala sem margir fræðimenn

hallast að. Talið var að um 360.000 Norðurríkjamenn hefðu fallið og 258.000 Suðurríkjamenn.

Talið er að mannfalið Suðurríkjanna hafi verið stórlega vanmetið. Þetta hafði að vonum mikil áhrif á bandarískt samfélag.

Flestir hinna föllnu voru karlmenn og eftir stóðu ekkjur og tugir þúsunda munaðarlausra barna.

Étust í snjóflóði

■ Meðal þeirra sem björguðust voru 300 börn á sirkussýningu



Mount Huascarán, sem er í vesturhluta Andesfjalla. Þar geystist snjór í bland við jarðveg niður

hlíðarnar á ógnarhraða og skall á bænum Yungay og gjöreyddi honum. Þá fór stór hluti af þorp-

„Pegar það skall á Yungay er talið að það hafi innihaldið 80 milljónir rúmmetra af vatni, jarðvegi, steinum og snjó.“

inu Ranrahirca undir flóðið sem og mörg önnur þorp á svæðinu.

Norðurhlíð Huascarán var óstöðug eftir hinar miklu hreyfingar á jarðskorpunni og því geystist snjór og jarðvegur af stað niður hlíðarnar. Flóðið samanstóð af jökulís í upphafi og var um 910 metrar á breidd og 1,6 km á lengd. Það rann um 18 kílómetra leið að þorpinu Yungay og var meðalhraði þess 280 til 335 kílómetrar á klukkustund. Á leiðinni sópaði flóðið jarðvegi og öðru sem fyrir því varð með sér. Þegar það skall á Yungay er talið að það hafi innihaldið 80 milljónir rúmmetra af vatni, jarðvegi, steinum og snjó. Ekkert stóð í vegi fyrir flóðinu sem kom á ógnarhraða niður hlíðarnar með þessu gríðarlega magni af snjó og jarðvegi. Talið er að um 20.000 íbúar bæjarins hafi látist í flóðinu. Flestir þeir sem lifðu flóðið af voru staddir í kirkjugarði bæjarins eða íþróttaleikvangi hans en þessir staðir stóðu á hæstu punktum bæjarins. Margir höfðu far-

id í kirkjur í kjölfar skjálftans til að biðjast fyrir en sluppu ekki lifandi úr þeim. Meðal þeirra sem björguðust voru 300 börn en þau voru að horfa á sirkussýningu á íþróttaleikvanginum þegar flóðið skall á bænum. Það er öðrum eftirlifendum minnisstætt að trúðurinn í sirkusnum bjargaði börnunum með því að reka þau upp tröppurnar að kirkjugarði bæjarins sem stóð enn hærra en íþróttaleikvangurinn.

Í kjölfar hamfaranna var Yungay lýst sem þjóðargrafreit sem ekki má hreyfa við. Nýr bær, sem hlaut sama nafn, var byggður rúmlega einum kílómetra norðan við upphaflega bæjarstaðið.

Þagnarmúr yfirvalda

Átta árum fyrir hörmungarnar voru tveir bandarískir vísindamenn, David Bernays og Charles Sawyer, að störfum á svæðinu. Þeir tilkynntu yfirvöldum að jökull væri að grafa undan klettabelti sem gæti í framhaldinu hrúnið niður og fallið sem skriða á Yungay. Fjallað var um þetta í dagblaðinu Espresso þann 27. september þetta ár. Í kjölfarið fyrirskipuðu stjórnvöld í Perú þeim að draga þessar staðhæfingar sínar til baka eða enda í fangelsi. Þeir sáu sér engu annarra kosta völ en flýja land. Íbúum á svæðinu var bannað að tala um þetta. En átta árum síðar rættist spádómur þeirra Bernays og Sawyer.

Í heildina létust rúmlega 74.000 manns í þessum miklu hamförum. 25.600 týndust og 143.000 slösuðust. Ein milljón manna stóð eftir heimilislaus. ■



Maó drap 45 milljónir Kínverja

45 milljónir Kínverja myrti Maó Zedong, stofnandi Kínverska Alþýðulyðveldisins, frá 1958 til 1962. Hann má því líklega kalla mesta fjöldamorðingja sögunnar.

Á þessum árum var hungursneyð í landinu, skipulagðar pyntingar voru stundaðar og bændur voru myrtir en þeir stóðu í átökum við ríkisvaldið. Fólk var látið vinna þar til það datt andvana niður, það var svelt eða barið til dauða.

Þriðjungur heimila landsins var eyðilagður til að hægt væri að framleiða áburð. Frank Dikötter sagnfræðingur líkir þessum tíma við það sem gerðist á tímum sovéska gúlagans og helfarar nasista að ógleymsdu þjóðarmorði Pol Pot í Kambódíu.



MANNÁT Í EVRÓPU

Mannát var stundað af efnuðum Evrópu-búum á sextánda og sautjándu öld. Það þarf því ekki að fara langt aftur í tímann til að finna dæmi um mannát í Evrópu. Eitthvað sem okkur nútímafólkið hryllir vægast sagt við.

Konungbornir, prestar og vísindamenn lögðu sér reglulega mannslík til munns,

drukku blóð og borðuðu fituna.

Talið var að í þessu væri lækning fólgin gegn ýmsum sjúkdómum, allt frá höfuðverkjum til flogakasta. Fáir mót-mæltu þessari iðju opinberlega.

Mannsfita var einnig notuð til lækninga á utanverðum lík-amanum. Þýskir læknar mæltu til dæmis með umbúðum vættum í mannsfitu gegn þvagsýrugigt.

„Greyið var mjög metnaðargjarn“

Langar að giftast íslenskri konu:



Aníta Estíva Harðardóttir
anita@dv.is





Margrét Ingadóttir fór til Rússlands á dögunum til þess að sjá strákana okkar keppa á HM í fótbolta. Þegar Margrét var stödd í undirgöngum í Rostov-on-don kom hún auga á þarlandan mann klæddan í heimatilbúinn bol með íslenska fánanum, bláa mottu utan um andlitð sem skegg og skilti með textanum: „Mig dreymir um að giftast íslenskri konu.“

„Fyrst þegar ég sá hann var hann með vini með sér eftir leikinn í undirgöngunum og var mjög spenntur að gefa fólki

númerið sitt,“ segir Margrét í samtali við Bleikt.

„Greyið var mjög metnaðargjarn í heimatilbúna bolnum sínum. Hann lét svo að sjálf-sögðu sjá sig í Íslendingapartíinu. Hann var mjög áhugasamur um að við myndum ganga í hjónaband en ég var ekki á þeim buxunum. Þá lét hann mig fá netfangið sitt og vildi endilega að ég myndi hjálpa honum að finna íslenska konu,“ segir Margrét.

Hún telur víst að maðurinn hafi verið rússneskur en hann átti í erfiðleikum með að tjá sig á ensku. Hún er því tvístigandi um hvort að hún taki að sér embætti hjónabandsmiðlara. ■



Höfundur: Konráð Jónsson Teiknari: Guðfinna Berg

STÓR ÚTSALAN ER HAFIN
30-60% AFSLÁTTUR

ÓTRÚLEG TILBOÐ

ROYAL LAYLA
30% AFSL

Hágæða millistíft fimmsvæða skipt heilsurúm með áföstum 10cm mjúkum topp, millistífu pokagormakerfi, stífum kanti ásamt botni og fótum.

140x200 cm ÚTSÖLUVERÐ 108.664 kr. 9.777 kr. *á mánuði með kreditkortaláni. FULLT VERÐ 155.233 kr.	160x200 cm ÚTSÖLUVERÐ 130.415 kr. 11.653 kr. *á mánuði með kreditkortaláni. FULLT VERÐ 186.306 kr.	180x200 cm ÚTSÖLUVERÐ 157.509 kr. 13.990 kr. *á mánuði með kreditkortaláni. FULLT VERÐ 225.013 kr.
---	--	--

FYRSTA GREIÐSLA Í SEPTEMBER.

rekkjan
HEILSURÚM

KOMDU NÚNA!

GJAFIFA VARA



Kampvínskælir

Fullt verð: 19.900
Tilboð: 15.920



Veggklukka

Fullt verð: 24.900
Tilboð: 19.920



Lampar

Mikið úrval
20% AFSLÁTTUR



Púðar

Mikið úrval
20% AFSLÁTTUR




Bakkar

Ýmsar gerðir
20% AFSLÁTTUR



Ábreiður

Verð frá: 7.960



Speglar

Ýmsar gerðir
20% AFSLÁTTUR



RIEDEL glös

Við öll tilefni
20% AFSLÁTTUR

Frábært úrval gjafavara.

Ertu á leið í brúðkaup, afmæli eða viltu gera fínt hjá þér?
komdu við í Vogue fyrir heimilið..

Síðumúla 30 - Reykjavík | Sími 533 3500
Hofsbót 4 - Akureyri | Sími 462 3504

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Ólafur Darri flæktur í morðgátu með Adam Sandler og Jennifer Aniston

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Ólafur Darri Ólafsson hefur verið ráðinn til að leika í glænýrri gamanmynd frá Netflix með stórstjörnunum Adam Sandler og Jennifer Aniston í aðalhlutverkum. Myndin ber heitið Murder Mystery og segir frá lögreglumanni og kærustu hans sem fara í langþráð frí til Evrópu. Þegar þangað er komið flækjast þau í kostulega og heldur óvenjulega morðgátu þar sem bæði liggja undir grun.

Um er að ræða sjöttu kvikmyndina sem grínarinn Adam Sandler vinnur að í samstarfi við streymiveituna en þau Aniston léku áður saman í myndinni Just Go with It frá árinu 2011.

Fréttir herma að tókur á Murder Mystery hafi byrjað í vikunni í Montreal og fara góðkunnir leikarar á borð við David Walliams, Terence Stamp, Gemma Arterton og Luke Evans með önnur hlutverk ásamt Ólafi. Enn er óvitað hversu stórt hlutverkið er og náðist ekki í leikarann við vinnslu fréttarinnar.

Handritshöfundur myndarinnar, James Vanderbilt, á að baki kvikmyndir á borð við Zodiac og The Amazing Spider-Man og situr leikstjórnin Kyle Newacheck við stjórnvölinn, en hann er annar höfundur Workaholics-þáttanna vinsælu.

Úr gríni í hrylling

Ólafur Darri hefur verið duglegur að skjóta upp kollinum í erlendum verkefnum síðastliðin ár og unnið með fagfólki eins og Steven Spielberg, Matthew McConaughey, Ben Stiller, Jason Statham og Vin Diesel. Næst er Ólafur væntanlegur í hákarlamyndinni The Meg sem sýnd verður í ágúst og bregð-



ur honum einnig fyrir í gamanmyndinni The Spy Who Dumped Me með Milu Kunis og Kate McKinnon, en hún er frumsýnd í sama mánuði.

Þess má einnig geta að Ólafur hefur nýlega verið ráðinn í stórt hlutverk í sjónvarpsþáttaröð með hrollvekjuívaði sem nefnist NOS4A2. Það er sjónvarpsstöðin AMC sem sér um framleiðslu á seríunni og er hún byggð á samnefndri bók eftir Joe Hill, sem er

oft betur þekktur sem sonur rithöfundarins Stephen King. Ólafur fer með hlutverk hins áhrifagjarna Bing Partridge, efnaverkfræðings með dularfulla fortíð.

Reiknað er með því að bæði Murder Mystery og NOS4A2 hljóti útgáfu á næsta ári. ■



GRETTIR
VATNSKASSAR
Sími 577 6090

Hollt og gott heimagert Snickers Amöndu Cortes

Amanda Cortes lífsstílsbloggari á síðunni Öskubuska.is er dugleg að deila hollum og girnilegum uppskriftum sem eiga það allar sameiginlegt að vera vegan.

Hráefni karamellufylling

- 1 kúffullur bolli af ferskum dödlum (munið að taka steininn úr)
- 2 msk. hnetusmjör
- 1 tsk. vanillu extrakt
- 1 tsk. maca-duft (gefur aukna sætu)
- ¼ tsk. salt

Botninn

- 2/3 bolli hafrar, malaðir í blandara
- ¼ af karamellufyllingunni

Annad

- 1/3 bolli ristadar salthnetur (ég notaði kasjúhnetur), grófsaxaðar
- 3 plötur af suðusúkkulaði

Aðferð:

Hellið sjóðandi vatni yfir dödlurnar í skál og leyfið þeim að mýkjast upp í um 10 mín.

Malið rúmlega 2/3 bolla af höfrum í blandara þar til þeir verða að mjöli.

Sigtið vatnið frá dödlunum og setjið þær í matvinnsluvél ásamt hnetusmjöri, vanillu, maca-dufti og salti. Blandið þar til fyllingin verður silkimjúk, notið sleif til að ýta hráefnunum niður meðfram veggjum skálarinnar ef þess þarf.



Fjarlægjið karamellufyllinguna og leggið til hliðar.

Útbúið botninn með því að blanda saman haframjöli og ¼ af karamellufyllingunni í matvinnsluvél þar til klístrað deig myndast sem helst vel saman.

Þjappið því saman í mjótt og langt ílát eða mótið á disk. Bætið karamellufyllingunni við og mótið. Þrýstið salthnetunum í fyllinguna. Geymið í frysti í hálfan til einn sólarhring.

Skerið deigið í stangir eftir þann tíma og geymið áfram í frysti meðan súkkulaðið er undirbúið. Bræðið saman 2–3 suðusúkkulaðiplötur í vatnsbaði.

Ég beið í 1–2 klst. í viðbót með að bera stangirnar fram en þær urðu enn þéttari og girnilegri á degi 2.

Þessar hnetustangir innihalda engar dýraafurðir, engan unninn sykurlu og eru bara svo dásamlega góðar. Það er virkilega gott að eiga svona nart inni í frysti en ég skar mér yfirleitt hálfá stöng í einu sem var nóg til að sedja nart- og sykurlöngun minni.

Ekki láta þitt eftir liggja -vertu **Pikk-UPP**

Okkar nánasta umhverfi skiptir okkur miklu máli.
Við þurfum hvert og eitt okkar að taka ábyrgð,
husa um umhverfið og henda rusli.
Tökum skrefið lengra, teygjum okkur eftir ruslinu
og hendum því í þar til gerð ruslaílát eða poka,
þó það sé ekki okkar rusl.

Hvað er Pikk-UPP?

- ▶ Það að vera Pikk-UPP snýst um að tína upp rusl á förnum vegi þar sem þú ert að ganga eða hreyfa þig.
- ▶ Píkka-Upp rusl um leið og þú nýtur útiveru með fjölskyldunni.
- ▶ Eða af því að þú ákveður að fara út og Píkka-UPP rusl.



Betri umgengni byrjar hjá þér!





Atríði til að hafa í huga:

■ Fyrir þá sem eiga leið um borgina er ómissandi að grípa með sér eina „coney dog“-pylsu sem Detroitbúar elska svo mikið, en þær er hægt að finna á hverju götuhorni.

■ Ekki treysta á almenningssamgöngurnar, splæstu í bílaleigubíl. Þetta er bílaborg.

■ Íbúar Detroit eru langflestir afar stoltir af heimaborg sinni. Þeir sem undirrituð ræddi við reyndust flestir börnir og barnfæddir þar um slóðir og hafa aldrei viljað flytja. Heimamenn munu því með glóðu geði veita hvers kyns ábendingar og ráð um áhugaverða staði og skemmtanir.

Detroit er ein af áhuga- verðustu borgum 2018

■ Miklu meira en bara bílar ■ Það borgar sig þó ekki að treysta á almenningssamgöngur

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Í lok síðasta árs vermdi Detroit annað sætið lista Lonely Planet yfir mest spennandi borgir ársins 2018. Það er ekki að undra enda hefur borgin risið upp úr öskustónni á ógnarhraða og það er í raun magnað að hugsa til þess að fyrir einungis fimm árum var þessi sögufræga mekka bíla-íðnaðarins yfirlýst gjaldþrota. „Þetta var bara draugabær,“ sagði Uber-bílstjórinn sem undirrituð ræddi stuttlega við í heimsókn

sinni til borgarinnar á dögnum. Í dag iðar Detroit af lífi og nýir barir, hótél, skemmtistaðir og veitingastaðir spretta upp um alla borg. Blaðamaður DV heimsótti Detroit á dögnum og upplifði andrúmsloft sem ber vott um bjartsýni og nýja tíma.

Þó svo að Detroit sé alla jafna kölluð „Motorcity“ þá er borgin miklu meira en bara bílar og má þar til dæmis nefna sögufræga tónlistarsenu, áhugaverð söfn og framúrsteffulegar og forvitnilegar verslanir með vörur upprennandi hönnuða. Þá má ekki gleyma arki-

tektúrnum en á gullárum borgarinnar spruttu upp fjölmargar glæsilegar Art Deco-byggingar og skýjakljúfar og hefur stór hluti þeirra verið varðveittur.

Henry Ford Museum of Innovation

Henry Ford Museum of Innovation er eiginlega skylduheimsókn ef leiðin liggur til Detroit. Fyrir áhugafólk um sögu Bandaríkjanna er hér á ferð algjör gullnáma. Viltu sjá stólinn sem Abraham Lincoln var skotinn í? Strætisvagninn þar sem Rosa Parks neitaði af gefa upp



sætið sitt? Forsetabílinn sem John F. Kennedy sat í þegar honum var ráðinn bani?

Fyrir þá sem vilja upplifa alvöru „nostalgíu-stemningu“ þá má einnig finna hér nákvæma eftirlíkingu af 50's McDonalds veitingastað og Holiday Inn hót-elherbergi frá sjöunda áratugnum.

Einn áhugaverðasti hluti safnsins er þó skoðunarferð um hið sögufræga Dymaxion hús Buckminster Fuller, hönnunarverkið sem kallað var „hús framtíðarinnar“, þó svo að það hafi í raun aldrei verið byggt. Hönnun Fuller kom fyrst fram á sjónarsviðið árið 1945 en hugsunin á bak við það var ódýrt og sjálfbært húsnæði sem myndi henta öllum og væri þar að auki auðvelt að pakka saman og flytja á milli landa og héraða.

Motown Museum

Motown-sögusafnið er einnig ómissandi áfangastaður. Hérna hóf Michael Jackson sinn feril. Út

á við lítur safnið út eins og krúttlegt amerískt úthverfaheimili en

hérna inni varð Motown-tónlistarstefnan til, í pínulitla upptöku-stúdíóinu sem finna má í kjallaranum.

Það er ansi sérstök upplifun að standa inni í þessu sögufræga stúdíói þar sem engu hefur verið hreyft við síðan á sjöunda áratug síðustu aldar, þar sem tónlistarmenn á borð við Stevie Wonder, The Supremes og Erykah Badhu hafa hljóðritað mörg af sínum frægustu lögum.

Piquette Plant

Annar áhugaverður staður að heimsækja í Detroit er gamla Ford Piquette

Avenue Plant-bílaaverksmiðjan sem gerð var upp og breytt í safn árið 2013. Tekist hefur merkilega vel að halda í upprunalegt ástand verksmiðjunnar og áhugafólk um bíla verður ekki svikið. Verksmiðjan er „fæðingarstaður“ Model T bílsins og þá er hægt að röltla um og virða fyrir sér ótal mismunandi bílamódelum frá hinum ýmsu tímabilum í sögunni. ■

HAGBLIKK

Álpakrennur & niðurföll

Brotna ekki

Ryðga ekki

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt & dökkrautt



Pakrennurnar eru frá GRÖNVIK VERK í Noregi
Þær eru einfaldar í uppsetningu

HAGBLIKK

Smiðjuvegur 4C
202 Kópavogur

Sími 587 2202
hagblikk@hagblikk.is

hagblikk.is

next

ÚTSALA

40-60%

AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM

Hvað gerist þegar 130 þör fara í helgarferð til Póllands í ky

■ Kona stundar djúpar samfarir við aðra konu með ballarbelti ■ Dýflissur og flengingabekkir



Gerð gæða- og verðsamanburð Til hamingju með árangurinn



UM FJÓRÐUNGUR

LANDSMANNA SOFA Á HEILSUDÝNU
FRÁ SVEFN & HEILSU Skv. Gallup






FYLDS
The Belgian Bed

Svefn & heilsa
★★★★★

Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

Mikið úrval af stillanlegum rúmum

Umboðsaðilar: Húsgagnafl - Höfn / Bara snilld ehf. - Egilsstöðum

Ragnheiður Eiríksdóttir
skrifar



Ég hafði lengi velt þessari spurningu fyrir mér og ákvað þess vegna að skella mér í slíka ferð þegar færi gafst síðasta vetur. Viðkvæmir lesendur ætti að hætta lestri greinarinnar tafarlaust því þetta verður dálítið dónalegt á köflum.

Ferðin var skipulögð af norsku pari sem rekur síðuna lyst-club.no, en hún hýsir staðbundinn samfélagsvef norrænna swingara. Árlega standa þau fyrir nokkrum ferðum á klúbba víðs vegar um Evrópu og öðrum viðburðum eins og hinu árlega jólaswingi.

Ég slóst í hóp rúmlega 10 Íslendinga sem höfðu ákveðið að fara til Póllands, en nokkur þaranna höfðu farið áður í ferðir skipulagðar af Lyst-club og létu vel af. Hópurinn þekktist að einhverju leyti innbyrðis, enda swing-senar á Íslandi agnarlítil og nán - nýliðum, eins og mér, var tekið opnum örmum. Í hópnum voru meðal annars Einar og Ásta (dulnefni) sem hafa áður birst í greinum mínum um ferð í klúbbinn Fata Morgana í Amsterdam.

Yfirtaka á hóteli

Við tékkuðum okkur inn á huggulegt hótél í miðborg Gdansk á fimmtudegi, en allur hópur-

inn dvaldi á sama stað - það er hluti af stemningunni. Strax um kvöldið var ljóst að 260 swingarar mundu setja mark sitt á staðinn þessa helgi. Án þess að hafa gert nákvæma athugun mundi ég skjóta á að meðalaldur í hópnum hafi verið um 40 ár, en mér virtust flestir á aldrinum 30-55. Ég er oft spurð hvernig fólk sé í swingi, en ótrúlega margir virðast óttast að fegurðarskyni þeirra yrði mögulega misboðið í slíkum félagsskap. Það er þó fjarri sanni því swingarar eru ósköp venjulegt fólk af öllum stærðum og gerðum og yfir það heila bara asskoti myndarlegt. Það sem gerir swingara skemmtilega er þó umfram annað orkan, brosin, jákvæðnin og frelsið. Auðvitað er misjafn sauður í mörgu fé, og eftir að hafa upplifað nokkrar samkomur með swingurum hef ég þurft að beita grjóthörðu neitunarvaldi oft- ar einu sinni, en almennt séð er fólk kurteist, glatt og viðkunn- anlegt. Það skiptir nefnilega miklu máli í samhenginu að kynna sér reglur um hegðun og atferli. Þeir sem verða uppvísir að dólghætti eða ókurteisi eiga á hættu brottvísun úr klúbbum eða samkomum, og fá fljótt á sig slæmt orð.

Klúbbur á „Kjalarnesi“

Þrjú næstu kvöld var farið í Jacuzzi-club sem er eiginlega úti í sveit fyrir utan Gdansk - sirka á

Fara saman kynlífsklúbb?



Í klúbbnum eru ýmis rými og ranghalar á nokkrum hæðum og pöllum – en allt hefst á barnum sem gengið er inn á beint úr búningsklefum. Þar byrjar fólk að spjalla og daðra, fær sér kannski drykk, mælir hvað annað út og lætur svo vaða ef losti og langanir falla saman eins og flís við rass. Á svona stað er styttra í opin-skátt kynlífstal, enda flestir þangað mættir í sama tilganginum – að stunda kynlíf. Þó skal tekið fram að það er engin skylda að stunda kynlíf, það má hreinlega mæta til að velta sér upp úr kynorkunni sem skapast, horfa á aðra, eða kela við þann sem kona mætir með á staðinn.

Ekki fyrir viðkvæma

Það mundi æra óstöðugan að útlista allt það sem ég varð vitni að þessi þrjú kvöld á pólska kynlífsklúbbnum, svo hér verður stiklað á stóru:

Sena 1: Lítið herbergi sem er útbúið eins og stofa kvensjúkdómalæknis. Kona liggur í skoðunarstólnum og karlmaður krýpur milli fóta hennar og veitir henni öflugar munngælur. Annar karlmaður stendur við höfðagaflinn og nuddar brjóst konunnar.

Sena 2: Stórt herbergi með risastóru rúmi. Sirka 5 pör liggja þar og njótast. Einn íslensku karlmanna í hópnun hafði þetta að segja: „Það er eitthvað ótrúlega magnað við að ríða á meðal annarra sem eru líka að ríða. Þó að ég og konan mín séum bara hvort með öðru magnar þetta upp reynsluna og er ótrúlega sexy. Stundum lýsi ég því sem ég sé gerast í herberginu og það gerir hana spólgráða.“

Sena 3: Munið þið eftir kvikmyndinni *Eyes wide shut*? Í Jacuzzi-club er herbergi þar sem reynt er að líkja eftir orgíustemningunni sem sýnd var þar. Í fordyri herbergisins eru silkiskikkjur og grímur fyrir þá sem vilja, en í herberginu sjálfu er risastórt hringlaga svart rúm og kringum það þægilegir sófar. Birtan er dauf og tónlistin dramatísk. Rúmið er þakið bleikum rósablöðum og ilmurinn er eftir því. Á rósabeðinu er slatti af fólki í leik og í kring sitja aðrir og njóta þess að horfa.

Sena 4: Sama herbergi og í síðustu senu, annað kvöld. Nú eru rósirnar víðs fjarri, en í staðinn stendur starfsfólk með stórar

könnur fullar af heitri og þykkri Nuru-olíu og hellir á holdhrúgunu sem iðar í rúminu. Þeir sem taka þátt í rúminu þurfa að vera kviknaktir – aðrir sitja í sófum og horfa á.

Sena 5: Kjallarinn er dýflyssa með bindingabekkjum, keðjum, krossum og ýmsu sem hentar til BDSM-leikja. Þar hefur boðið konu með sér í leik. Karl stendur í rúmi upp við vegg, hendur útréttar og festar upp á vegginn með keðjum. Kona krýpur fyrir framman hann og veitir honum munngælur á meðan önnur kona hvetur hana til dáða.

Sena 6: Við erum ennþá stödd í kjallaranum. Kona liggur á fjórum fótum á flengingabekk. Karl stendur við höfðagaflinn með liminn uppi í henni. Annar karl stendur við afturendann og flengir og strýkur á víxl. Kona krýpur við hlið hennar og gælir við brjóst með munni sínum.

Já krakkar mínir! Svona er nú fjörið í Jacuzzi. Oft hef ég verið ásökuð um að uppdikta sögurnar sem ég segi í greinum mínum – en almáttugur, hvað ætli gerist núna? ■

„Hún sveif um eins og dálítið hættulegt en ómótstæðilegt fiðrildi og uppskar aðdáun, faðmlög og kossa á milli þess sem hún sýndi mér hvern krók og kima. Síðar um kvöldið sá ég hana hafa djúpar samfarir við konu með ballarbeltinu.“

Kjalarnesi. Búið var að semja við sérstaka leigubíla til að selflytja hópin, því hinn almenni grandvari pólski leigubílstjóri var ekki líklegur til að rata. Ferðin tók um 20 mínútur gegnum skóglendi, framhjá ökrum og loks upp malarveg sem endaði á stað sem hefði allt eins geta verið holdanautabú þar til komið var að fordyrinu þar sem kátir Norðurlandabúar fylltu hvern krók og kima með hlátrasköllum, daðri og duflí.

Þetta var dálítið eins og að fara í sund, hver og einn þurfti að skrá sig inn og fá lykil í móttökunni, en fyrir heimsóknina höfðu allir sent tölvupóst á staðinn og fengið til baka blessunarpóst með númeri. Næsta stopp voru búningsklefarnir þar sem hægt var að skilja

eftir síma og önnur verðmæti, og auðvitað skipta um fót. „Í hverju er maður eiginlega?“ er önnur spurning sem ég fæ oft um swingklúbba frá spenntu fólki. Klæðnaður er hvergi nærri borgaralegur, heldur efnislítill og lostafullur. Konur eru gjarnan í nærfötum, þó ekki sloggi-nærbuxum og íspróttatoppum, frekar blúndum, silki, netasokkum, sokkaböndum, korsettum eða öðru álíka. Karlar eru oftast í þröngum boxer-nærbuxum, stutt skyldingaprælapils eru líka í tísku, en ég hef líka séð ýmislegt annað eins og netaboli, pungbindi af ýmsum gerðum, og leður- eða latexfatnað.

Konan með ballarbeltið

Þegar komið var inn á klúbbinn leið ekki á löngu þar til ein íslensku kvennanna, sem þekkti til, var búin að draga mig um klúbbinn eins og hann lagði sig og kynna mig fyrir 110 Norðmönnum, 80 Svíum og 45 Dönnum – sirka. Það var greinilegt að hún var algjör súperstjarna innan hópsins – klædd í leðurkorsett og opna leðurkápum með ballarbelti um sig miðja. Hún sveif um eins og dálítið hættulegt en ómótstæðilegt fiðrildi og uppskar aðdáun, faðmlög og kossa á milli þess sem hún sýndi mér hvern krók og kima. Síðar um kvöldið sá ég hana hafa djúpar samfarir við konu með ballarbeltinu.



**DATTACA
LABS**

**Er þitt fyrirtæki
tilbúið fyrir
GDPR?**

Skoðaðu málið á
Dattacalabs.com

Hreinskilin og skemmtileg frásögn úr íslenskum nútíma

Bækur

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is

261 dagar




Höfundur: Kristborg Bóel
Útgefandi: Björt
416 bls.



slæmum, góðum og allt þar á milli.

Fyrst þegar ég byrjaði á bókinni fannst mér fullmikið um grátköstin og hugsaði hvenær hún ætlaði nú að taka sér tak og fara að láta hversdagslífið í fullan gang aftur. Síðan áttaði ég mig á að svona brást höfundur við sínum skilnaði, þetta er hennar saga, hennar líðan, hennar tilfinningar. Nokkrum köflum síðar var ég farin að tengja mun frekar við sögu höfundar, við erum svipað gamlar, báðar búnað að skilja oftast en einu sinni, báðar með sára reynslu að bak. Hvar var þessi bók þegar ég skildi á sínum tíma? Mikjið hefði verið gott að geta lesið bók eins og þessa og séð að ég var ekki



ein í heiminum

Bókin er full af kaldhæðislegum setningum og tilsvörum: „Þú þarft að byrja á því að fyrirgefa sjálfri þér og sættast við þínar ákvarðanir áður en þú ferð að pakka fyrirverandi ofan í jólskrautskassa og gefa hann í Fjölskylduhjálp, ef þau vilja þá taka við honum. Nei, myndi fara með hann í Hjálpræðisherinn frekar, þau eru ekki eins vandlát og taka við öllu.“ (bls. 176).

Spjall við vinkonur um karlmenn og hið eilífa ástarbras fá sitt pláss: „Í sameiningu komumst við að þeirri niðurstöðu að mann-

skepnan sé líklega það sárafínföld að maður komist aldrei alveg yfir einn án þess að fara undir annan.“ (bls. 191).

Ég hef orðið vör við að bók-in hefur sætt gagnrýni fyrir þá samlíkingu höfundar að skilnaður sé jafn makamissi. Vissulega hefur sú gagnrýni rétt á sér, en eins og ég, í upphafi bókar, verða lesendur að átta sig á að hér opnar höfundur sig um eigin reynslu, eigin tilfinningar og líðan, og hennar upplifun er aldrei sú sama og annarra. Við erum öll ólík og því verður upplifun okkar aldrei sú sama, þó að reynslan sem við verðum fyrir geti verið sú sama.

„... en þó höfuðáhersla lögð á að ástarsorgarferlið sé bara nákvæmlega það sama og þegar einhver missir maka í gröfina.“ (bls. 160).

Bókin er afar hreinskilin,

skemmtileg, ljúfsár, kaldhæðin lýsing höfundar á skilnaði hennar og aðstæðum og ekki síst henni sjálfri. Höfundur hleypir lesandanum alveg inn á gafi í tilfinningalíf sitt, eitthvað sem margir höfundar myndu ekki þora, og allra síst í frumraun sinni.

Ég hlakka til að lesa næstu bækur höfundar, því ég hef fulla trú á að hún eigi eftir að skrifa mun fleiri. 261 dagar er skyldulesning fyrir alla sem hafa skilið, eru að skilja eða íhuga að skilja.


Til viðbótar við bókina er samnefndur lagalisti á Spotify, lög sem lýsa líðan höfundar yfir tímabilið sem bókinn fjallar um. Skemmtileg viðbót sem til þessa hefur ekki verið á íslenskum bókamarkaði.

„Eat like you love yourself. Move like you love yourself. Speak like you love yourself. Act like you love yourself.“ (bls. 245). ■

Nýtt í bókahillunni:

Frábærar frumraunir og gamalreyndir spennusagnakonungar

Bækur þessarar viku eru þrjár frumraunir frá frændum okkar á Norðurlöndum, bækur sem koma út á íslensku í þessari viku. Og tvær bækur á ensku eftir vinsælustu spennusagna-meistarara heims.



við Gamlingjann sem skreið út um gluggann og Maður sem heitir Ove þá muntu elska þessa bók. Sálfræðitryllir sem grípur mann frá fyrstu málgrein:

Danski blaðamaðurinn og sagnfræðingurinn Anne Mette Hancock skrifar *Líkblómið*, sem fjallar um blaðamanninn Heloise Kaldan, sem telur sig búa yfir góðu skúbbi, en allar heimildir hennar reynast falsaðar. Anna Kiel, sem er eft-



irlýst fyrir morð á ungum lögfræðingi, sendir henni bréf. Kaldan fer að kanna málið, annað morð er framið. Eru morðingjarnir tveir, hvernig tengjast málin Kaldan og er líf hennar sjálfar í hættu?

Ógleymanleg og ljúfsár sönn saga um sorg, missi, lífið og dauðann: Í *Hvert andartak enn á lífi*, fyrstu skáldsögu hins sænska Tom Malmquist, sem er fyrirverandi ís-

hokkíleikari, segir hann frá eigin lífsreynslu. Hann og Karin, kona hans, áttu von á sínu fyrsta barni þegar Karin var greind með hvítblæði undir lok meðgöngunnar. Dóttirin er tekin með bráðakeisarskurði og Tom upplifir ólýsanlega martröð á hlaupum sínum um gangana á milli vökuvæðingara og gjörgæslunnar, á milli lífs og dauða. Þegar hann snýr heim er hann einn með litlu dóttur sinni og sárri sorginni. Og fáeinum mánuðum síðar missir hann föður sinn, sem hann hefur alltaf átt flókið samband við. Bókin var tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 2016, hlaut bókmenntaverðlaun Karin Boye og menningarverðlaun DN. Spænska blaðið El País útnefndi hana eina af bestu bókum áratugarins um líf og dauða.

Spennusagnameistarar spinna nýja vefi

Kýngimögnuð spenna: Nýjasta bókin úr smiðju hrollvekjukonungans Stephen King er *The Outsider*, sem fjallar um hafnaboltaþjálfarann Terry Maitland sem er grunnur um morð á 11 ára gömlum dreng. Lögreglumaðurinn Ralph Andersen er miður sín vegna málsins, en Maitland þjálfaði einnig son hans. Öll sönnunargögn benda á Maitland, sem hins vegar er með fjarvistarönnun og var ekki í bænum þegar morðið var framið. Getu menn verið á tveimur stöðum í einu? Pólitískur tryllir úr smiðju raðritarans Patterson: Spennusagnamet-söluhöfundurinn James Patterson sem spýtir fleiri bókum frá sér á ári en flestir rithöfundar gera á heilli mannsævi, fær engan annan en Bill Clinton, fyrirverandi Bandaríkjaforseta, sem meðhöfundur í nýjstu bók sinni, *The President is Missing*.

Líkt og nafnið bendir til þá hverfur forseti Bandaríkjanna, fyrirverandi hermaður, á sama tíma og leynipjónusta Bandaríkjanna á undir högg að sækja vegna netárása. Reynsla Clinton úr forsetatíð hans er einstök viðbót við frásagnargáfu og rússíbanareid Patterson. ■



Mottur setja punktinn yfir i-ið á heimilinu.

Persía er sérdeild innan Parki með stök teppi og mottur. Við bjóðum upp á sérvalin handnýtt austurlensk teppi og fjölbreytt úrval af vönduðum vélofnum gervi- og ullarteppum.

Bjóðum aðeins það besta fyrir þig.

Persía





Candy Trio er frábær lausn í sumarbústaðinn

Candy Trio eldavélin inniheldur ofn, helluborð og uppþvottavél í einu tæki. Trio er þess vegna tilvalin lausn fyrir litil rými eins og sumarbústaðinn eða stúdíóbúðina. Margir fórnar uppþvottavélinni eða bakarofninum til þess að spara pláss í litlum eldhúsum en Trio er fyrir þá sem vilja nýta plássid vel án þess að fórnar nútímapægindum í eldhúsinu. Með Trio getur fjölskyldan átt gæðastundir saman í sumarbústaðnum og enginn er fastur yfir uppvaskinu. Trio er í hefðbundinni 60 cm breidd og smellpassar inn í staðlaðar eldhúsinnréttingar svo óþarfi er að gera sérstakar ráðstafanir fyrir tækinu. Trio hefur keramik-helluborð með fjórum hellum og uppþvottavélin rúmar auk þess borðbúnað fyrir allt að 6 manna fjölskyldu.

Candy Trio er einstök hönnun með 3 tækjum í einni án þess að taka meira pláss en hefðbundin tæki. Trio uppfyllir allar kröfur nútímafjölskyldunnar um hvað gott eldhús þarf að innihalda án þess að það verði undirlagt af stórum, plássfrekum tækjum. Þannig má nýta litlar eldhúsinnréttingar undir hirslur og auka borðplássid þannig að fjölskyldan geti hjálpast að við eldamennskuna og baksturinn.

Candy Trio fæst í hvítu og stál og kostar aðeins brot af verðinu sem þrjú stök tæki myndu kosta samanlagt. Þú færð Candy Trio í Heimilistækjum.

*Sjá verslanir Heimilistækja
Sjá Candy Trio í vefverslun heimilistækja*





Skjárnirinn:

„Doctor Who eru í uppáhaldi og við sonurinn að horfa á þær aftur frá byrjun“

**Lilja Ósk
Díðriksdóttir**

er markaðsstjóri kvikmynda hjá Senu og er það stór hluti af hennar vinnu að horfa á alls konar efni, bæði kvikmyndir og þáttaraðir.

Ég hef allveg hrikalega gaman að góðu efni bæði bíómyndum og þáttaröðum. Það kemur sér vel þar sem ég vinn við að markaðssetja kvikmyndir, bæði erlendar og íslenskar, og þá er stór hluti af vinnunni að horfa á alls konar efni.

Ég horfi á mikið af þáttaröðum,



sérstaklega þegar ég er að ferðast og heima með fjölskyldunni. Ég er mikil alæta þegar kemur að efni en ég elska ævintýri og vísindaskáldskap með góðri fléttu.

Dæmi um þannig seríu er The OA, sem mér finnst

seríu 2. Þetta er ein af þeim seríum sem fólk annaðhvort elskar eða hatar. Doctor Who er líka í miklu uppáhaldi. Þær seríur eru svo æðislegar að ég og sonur minn erum að horfa á þær aftur frá byrjun áður en við höldum áfram með nýjustu seríurnar. Þættirnir Dirk Gently's Holistic Detective Agency á Netflix eru þrælskemmtilegir í svipuðum dúr með súrari húmor.

Þær seríur sem ég er að fylgja

núna eru Westworld, The Handmaid's Tale, Marvel þættirnir og við fjölskyldan erum að horfa saman á nýju Star Trek: Discovery.

Þegar ég er að ferðast finnst mér gaman að horfa á léttara efni og þar koma þættirnir Love og Easy mjög sterkir inn – óhefðbundnir rómantískir gamanþættir. Mitt guilty pleasure er samt Grey's Anatomy en ég hef fylgst með þeim frá upphafi. ■

Í bíó er þetta helst

Á meðan beðið er eftir sól, sem virðist ætla að verða löng bíó, er ekki úr vegi að skella sér í bíó. Narta í popp og kók í góðum félagsskap, enda nóg af gædamyndum í boði allt árið um kring.

Tag er ótrúlegt en satt byggð á sönnum atburðum og fjallar um vinnuþrátt sem á hverju ári tekur sér frí saman. Tilefnið er flókinn „klukk“-leikur sem krefst þess að vinirnir ferðist um landið þvert og endilangt, þar sem aðeins einn getur staðið uppi sem sigurvegari.

Ocean's Eight, kvenútágáfa af hinum vinsælu Oceans-myndum. Flottari, fallettri, klókari, skemmtilegri en hinar fyrri. Cate Blanchett ber af í hópi margra af þekktustu leikkonum Hollywood. Ekki missa af þessari í bíó!

Love, Simon fjallar um menntaskólanemann Nick, sem heldur samkynhneigð sinni leyndri. Fyrir tilstilli samfélagsmiðla kemst hann að því að það er annar samkynhneigður í skólanum. Þeir byrja að spjalla saman og deila leyndarmálum og Simon verður ástfanginn af hinum nafnlausu og andlitslausu skólalabúrú sínum. Skemmtileg og falleg saga, sem fjallar um fyrstu ástina með hinum upprennandi Nick Robinson í aðalhlutverki.

Book Club, fjórar vinkonur komnar á efri árf hafa haldið venskap í 40 ár og hittast einu sinni í mánuði í bóka klúbbi. Þegar ein þeirra kemur með þrileikinn um Christian Grey (Fifty Shades of Grey) til lestrar átta konurnar sig á að ástin er frumkraftur, sem er ekki bara fyrir þá ungu. Allir eiga skilið að finna ástina, líka ellismellir. Hlátur, bækur og nóg af hvítvíni keyra fjörið áfram í þessari skemmtilegu „konu“mynd með fjórum af dívum Hollywood, með Diane Keaton og Jane Fonda fremstar í flokki.

Nóg er af góðum íslenskum myndum í boði

Svanurinn í leikstjórn Ásu Hjörleifsdóttur sem einnig skrifar handrit. Sól, níu ára, er send í sveit eftir búðarhnúpl. Þar sættist hún smám saman við fólkid og náttúruna og dregst inn í óvænta atburðarás.

Andið edlilega í leikstjórn Ísoldar Uggadóttur, sem einnig skrifar handrit. Tvær konur, einstæð móðir sem vinnur við vegabréfaeftirlit í flugstöð Leifs Eiríkssonar kynnist annarri konu, hælsleitanda frá Gíneu-Bissá á leið til Kanada. Örlög kvennanna tvinnast saman og smám saman kemur í ljós að aðstæður þeirra eru ekki ósvipaðar.

Vargur í leikstjórn Barkar Sigbórssonar, sem einnig skrifar handrit. Bræðurnir Erik og Atli eiga við fjárhagsvanda að stríða og gripa til þess ráðs að smygla dópi til Íslands. Gísl Örn Gardarsson og Baltasar Breki Samper leika bræðurna, sem hafa hlotið misskipt hlutskipti í lífinu, en reynast ekki svo ólíkir.

Kona fer í stríð fjallar um kórstjórnann og náttúruvinnandann Höllu, sem er ein í stríði við stóridjú landsins og einbeitt í að bjarga heiminum. En kannski felst betri heimur bara í að bjarga einu barni og sjálfri sér um leið?



Not all those who wander are lost

– Lord of the Rings

Á skjánum:

Barry viðkunnanlegi leigumorðinginn

Saknar þú fjöldamorðingjans og blóðslettufraeðingjans Dexter? Ef svo er þá ætti „frændi“ hans Barry að fylla upp í skarðið. Bill Hader leikur Barry, leigumorðingja sem ferðast til Los Angeles til að koma nýjasta skotmarki sínu fyrir kattarnef. Þar kemst hann í kynni við hóp af leiklistarnemum og kennara þeirra og ákveður að skella sér með í leiklistarnámið. Öllum að óvörum og honum sjálfum hvað mest, þá á leiklistin vel við hann. Getur leig-



umorðingi á besta aldri, umfavinn verkefnum, snúið við blaðinu og fundið sér annan starfsvettvang?

Fyrsta þáttaröðin samanstendur af 8 þáttum og búið er að semja um aðra þáttaröð.

BOLTINN Í BEINNI Á CASTELLO

Castello
PIZZERIA

ELDBAKAÐAR
EÐAL PIZZUR

SÍMI 577 3333
WWW.CASTELLO.IS





*Sjáðu úrvalið
á goddi.is*

**MARGAR
GERÐIR**

Sauna- og gistitunnur ásamt viðarkyntum pottum



GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550



et EHF. **VERSLUN**

**FRÁBÆRT ÚRVAL
DÍÓÐU (LED)
VÖRUBÍLA OG KERRU-
LJÓSA Á GÓÐU VERÐI**

Klettagörðum 11 • 104 Reykjavík
S: 5682130 • Fax: 5680844 • www.et.is



Neytti kannabis á Solstice og missti vinnuna

Adögunum greindi lögreglan á Suðurnesjum frá því að rútubílstjóri hefði verið stöðvaður í umdæminu, grunaður um akstur undir áhrifum fíkniefna. Rútan var fullsetin af farþegum þegar meint brot á að hafa átt sér stað. Bílstjórinn, sem er á fertugsaldri, var handtekinn og fluttur á lögrelustöð þar sem þar til gerð próf sýndu jákvæða svörun varðandi fíkniefnaneyslu. Það sem ekki kom fram í yfirlýsingu lögreglu var að farþegi í rútnunni hafði samband við yfirvöld þegar hann taldi að bílstjórinn væri að reykja kannabis undir stýri.

Þegar DV hafði samband við bílstjórann vegna málsins þá neitaði hann því staðfestlega að hann hefði verið að reykja jónu í vinnunni en viðurkendi þó að THC, virka efnið í kannabis, hefði greinst í blóði hans. Bílstjórinn segist hafa verið að vefja sér sigarettu úr svonefndu Bali Shaq tóbaki í langri kaffipásu. Hann staðfestir að þá hafi farþegi misskilið gjörðir hans og haft samband við lögreglu.

„Ég myndi ekki undir neinum kringumstæðum reykja kannabis á vakt,“ segir bílstjórinn í samtali við DV. Hann viðurkennir þó að



hann hafi fengið sér jónu kvöldið áður þegar hann var gestur á tón-

listarhátíðinni Secret Solstice. „Ég var bara að skemmta mér, þetta er

nú tónlistarhátíð,“ segir bílstjórinn. Eftir því hversu mikils magns er neytt þá mælist THC í blóði fólks allt frá viku og upp í 80 daga frá því að kannabis er neytt. Þar af leiðandi féll bílstjórinn á fíkniefnaprófi lögreglu.

Afleiðings brotsins er sú að bílstjóranum var sagt upp störfum auk þess sem hann hefur verið sviptur ökuréttindum sínum. Hann bíður nú eftir endanlegum niðurstöðum blóðprufu sem mun ákvarða hvort að hann verði sviptur ökuréttindum í sex mánuði eða tvö ár. ■

tomas@dv.is



Fékk treyju Arons annað stórmótið í röð

Tómas Þór Þórðarson, íþróttafréttamaður hjá Vodafone, fékk heldur betur góða gjöf eftir að Íslendingar luku keppni á heimsmeistaramótinu á þriðjudaginn. Eftir síðasta leik liðsins gegn Króatíu fékk Tómas treyju fyrirliðans Arons Einars að gjöf. Þetta kom fram í hlaðvarpsþættinum Innkastið á Fótbolti.net.

Treyjan er ekki sú fyrsta sem Tómas fær en eftir síðasta leik íslenska liðsins á Evrópumótinu í Frakklandi fékk Tómas einnig treyju Arons. „Hann kastaði í mig treyjunni og sagði: „Við höldum í hefðir,“ sagði Tómas í þættinum.

Tómas er greinilega mikill aðdáandi Arons en hann fór fögrum orðum um fyrirliðann í hlaðvarpinu. „Ég get bara ekki beðið eftir að hann verði forseti,“ sagði Tómas.



Sjáðu öll tilboðin á byko.is

SUMMAR

ÚTSALA

REIÐHJÓL OG FYLGIHUTIR -30% • GARDHÚSGÖGN -27% • SLÁTTU-VÉLAR -20-40% • RAFMAGNS- OG BENSÍNGARÐVERKFÆRI -20-40% • NAPOLEON GRILL -30% • BROIL KING GRILL -30% • BLÓMAPOTTAR OG GARÐSKRAUT -35% • TIMBURBLÓMAKASSAR -25% • BLÓM, TRÉ OG RUNNAR -30% • FRÆ -40% • REYKOFNAR OG ELSTÆÐI -30% • GJÓCO INNIMÁLNING -25% • VERKFÆRABOX OG -SKÁPAR -30% • JÁRNHILLUR -30% • ÁLTRÖPPUR OG STIGAR -25% • EINHELL RAFMAGNSVERKFÆRI -25% • HARÐPARKET -20% • LJÓS -25% • PLAST-BOX -35% FERÐAVARA -25% • FERDATÖSKUR -35% • LEIKFÖNG -35% • KÖRFUBOLTASPJÖLD -30% • POTTAR, PÖNNUR OG BÚSÁHÖLD -25% • TEXTÍLVÖRUR -25% • BLÁ BOSCH VERKFÆRASETT -25% • COFRA ÖRYGGISSKÓR OG FATNAÐUR -25% • LOFTASTIGAR -25% • MOTTUR OG DREGLAR -25% • BAÐFYLGIHUTIR -25% • SALVIA ESPALE GIRÐINGAEININGAR -20% • OG MARGT MARGT FLEIRA!

BYKO

GERUM PETTA SAMAN

Birt með fyrirvara um innsláttar-/prentviltur og/eða myndbrengrl.



Auðvelt að versla á byko.is • Sendum út um allt land